



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Þingeyjarsýslu
[1883-1890]**



A.

Ár 1883, miðvikudaginn hinn 19. september, var þing sett að Nes[i] í Höfðahverfi af sýslumanni B. Sveinssyni með undirrituðu[m] vottum. Þess skal getið að Sigurður umboðsmaður Guðnas[on] á Ljósavatni, sem 19. marz seinastliðinn, var nefndur í merkjadóm í landaþrættunni millum Ness og kirkjujarðanna, Laufáss, Grundar og Lómatjarnar, hafði tjáð, a[ð] hann sökum veikinda eigi geti mætt og setið í dómin[um]. Var því í hans stað nefndur í dóminn Ásmundur bon[di] Þorsteinsson á Miðvík sem var viðstaddur. Málsaðilar [...] einnig voru til staðar höfðu ekkert á móti þessu[m] dómsmanni. Upplesid. Rjetti slitið.

B. Sveinsson.

Vottar:

Hallgrímur Stefánsson

Einar Benediktsson

Ár 1883, miðvikudaginn hinn 19. september, var merkjadómur settur að Nesi í Grýtubakkahrepp í landa þrættunni, millum tjeðrar jarðar og kirkjujarðanna Laufáss, Grundar og Lómatjarnar. Í dóminum sátu auk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu B. Sveinssonar eptir nefningu 19. marz seinastliðinn og í dag. Alþingismaður Jón Sigurðsson á Gautlöndum Baldvin bóndi Sigurðarson á Garði, Jón sýslunefndarmaður Árnason á Arndísarstöðum og Ásmundur bóndi Þorsteinsson á Miðvík: Rituðu þeir undir [þes]slagað eiðspjall:

Eg Jón Sigurðsson, eg Baldvin Sigurðsson, eg Jón Árnason og ég Ásmundur Þorsteinsson, lofa og vér að leysa dómstarfa þann af hendi, sem ég [h]efi verið kvaddur til í landaþrættunni milli [ja]rðarinnar Ness og kirkjujarðanna, Laufáss, [Gr]undar og Lómatjarnar, eptir bestu samvisku og þekkingu. Svo sannarlega hjálpi mjer guð [og] hans heilaga orð.

Jón Sigurðsson

Baldvin Sigurðsson

Jón Árnass

Á. Þorsteinsson

[T]il staðar var sóknaraðilinn Einar umboðsmaður Ásmund[a]rson í Nesi. Lagði hann fram tölul. 1 kæru til sáttanefn[dar] dags 18. sept. f.á. með tilheyrandi áteiknum sáttanefnd[ar]innar dags. 22. nóvember f.á. Ennfremur lagði hann fram [tö]lul. 2 landamerkjalyásing dags. 19. sept. f.á. svohljóðan[di] [...] og fyrir hönd Laufásprestakalls, sáttanefndamaður Jón Jónsson á Munkaþverá. Lagði hann fram tölul. 3. umboðsskjal amtmannsins í Norður- og Austuramti dags. 15. febr. þ.á. og tölul. 4. gefins málssókn dags. 16. jan. þ.á. þessi skjöl eru svohljóðandi. Umboðsmaðurinn gat þess, að hann samkvæmt umboðsskjalinu tölul. 3. eigi hefði heimild til annars eður meira, en halda uppi vörn fyrir Laufásprestakall viðvíkjandi þrættunni um varphólma þann er umboðsskalið nefnir og var þess vegna presturinn í Laufási síra Magnús Jónsson einnig tilkvaddur til merkjagöngunnar, sem byrjuð var þegar hjer var komið í málinu. Dómsmenn og málsaðilar gengu eins og nú er sagt á merkin og kynntu sjer nákvæ vandlega landsháttu og land það, sem sóknaraðili kallar sjer gagnvart ofangreindum kirkjujörðum. Komu málsaðilar sjer saman um landamerkin eins og þau eru talin í landamerkjalyásingunni tölul. 2. frá Sóleyjardýi til Fnjóskár eður svonefnds Sýkis og svo þaðan alla leið niður að svokölluðum Nesshólma, sem þannig verður aðeins ágreiningurinn um. Skoðuðu dómsmenn



nákvæmlega hólma þennan og árfarvegina í gegnum Laufásshólmana. Að þessu búnu ko[mu] dómsmenn aptur saman á ofangreindum stað kl. 3 ½ e.m. og lagði þá sóknaraðili fram tölul. 5 lögfestu frá 15. júní 1701, tölul. 6 lögfestu frá 4. júní 1736, endurnýjaða 19. sept. 1773, tölul. 7 lögfestu frá 20. sept 1774, tölul. 8 lögfestu frá 25. mai, tölul. 9 vitnisburðarbrjef frá 24. apríl 1799 og tölul. 10 lögfestu frá 18. mai 1799. Þá framlagði hann vitnisburðarbrjef þriggja manna dags. 10. desember 1882 tölul. 11, og tölul. 12 vitnisburðarbrjef dags. 15. desember 1882 og tölul. 13 vitnisburðarbrjef dags. 15 janúar 1883. Skjöl þessi voru upplestin svohljóðandi. Sóknaraðili óskaði, að menn þeir, sem gefið hafi vitnisburðina í skjölunum tölul. 11 og 12 væru látnir koma fram og staðfesta þá á venjulegan hátt svo framarlega sem verjandi mótmælti þeim. Sóknaraðili lýsti því yfir að hann áliti að hin framanlögðu skjöl í sambandi við landamerkjalýsingu hans og landsháttuna, sem dómsmenn hefðu rannsakað, innihjeldu næga sönnun fyrir því að jörðin Nes ætti Neshólma og yfir höfuð land það allt sem liggur fyrir utan farveginn næstan fyrir utan Botólfsey að hálfum farvegunum meðtöldum. Samkvæmt þessu óskar dóms í málinu og varnaraðili verði skyldaður til að greiða málskostnað, en geymir sjer þó rjett til frekari sóknar ef þörf gjörist þar.

Þá lagði umboðsmaður Laufásspækakalls fram tölul. 14. varnarskjal dags. í dag með 12 fylgiskjölum einkenndum með bókstöfum a-m að tölul. 14. þessi skjöl eru upplestin svohljóðandi: Enn framlagði hann tölul. 15 vitnisburðarbrjef 24. ágúst 1893 og tölul. 16 vitnisburðarbrjef dags. í dag. Skjölín voru lesin upp svohljóðandi. Jafnframt bað hann bókað, að viðvíkjandi því að Nesshólmi hafi í lögfestunum ekki verið nefndur þá hafi hann heyrt að Nesshólmi hafi verið partur af Bótólfsey, sem Fnjóská seinna hafi skorið af og því standi í seinni lögfestum „alla Bótólfsey“ til skýringar eins og þær bera með sjer. Þess skal getið að sækjandi og varnaraðili komu sjer saman um að hinn síðarnefndi tæki vitnisburðarskjölin tölul. 11 og 12 eins gild eins og þau væru staðfest með eiði og aptur viðurkenndi sækjandi vitnisburðarskjölin tölul. 15. og 16. á sama hátt. Þá framlagði sækjandi vitnisburðarskjal tölul. 17 dags. í dag undirritað af systkininum Oddi Kristjánssyni og Kristjönu Kristjánsdóttur. Mætti fyrir dómnum nefndur Kristján Oddur Kristjánsson, sem kvaðst vera 42 ára gamall; var hann ámyntur um sannsögli; var honum sýnt ofangreint skjal og kannast hann við að sje samkvæmt því, sem hann geti vitnað í málinu og að hann hafi undirskrifað það með sinni eigin hendi. Hann kveðst engu hafa breytt í vitnisburðinum en tekur það þó fram að vitnisburður hans sje mest byggður á sögusögn móður sinnar og afa, sem hann hafi alizt upp hjá. Hann segir að móðir sín hafi heitið Hólmfríður Ebenezerdóttir og afi sinn hafi heitið Oddur Þorsteinsson. Mætti þá fyrir dómnum Kristjana Kristjánsdóttir sem áminnt um sannsögli kveðst 50 ára gömul. Var henni sýnt skjalið og það lesið upp fyrir henni, og hefur hún öll hin sömu ummæli um vitnisburð sinn sem bróðir hennar. Sjer í lagi tekur hún einnig fram að hún byggi vitnisburð sinn mest á því sem hún hafi heyrt móður sína áðurnefnda Hólmfríði segja, en kveðst þó muna glögg að sjer einu sinni hafi verið lofað að fara með föður sínum til þess að hyggja að æðarvarpi í Nesshólmanum og minni sig að þá hafi þar verið 12 hreiður, en fyrir víst muni hún það ekki. Systkinin kváðust bæði fús til þess að staðfesta þennan framburð sinn með sáluhjálpareiði og lýsti verjandi þá því yfir að hann tæki hann gilda án eiðs vitnisburði þeirra gilda eins og þeir væru eiðfestir. Sækjandi bað bókað viðvíkjandi varnarskjalinu tölul. 14 að hann mótmælti því að það væri rjett hermt ýmislegt í þessu skjali eptir lögfestunum t.a.m. það að með hinum eldri lögfestum Laufáspækta væru lögfestir allir hólmar í Hnjóskárkvíslum undantekningarlaust, því í þessum lögfestum öllum væri skýrt tekið fram, að prestarnir lögfestu aðeins alla þá hólma, sem formenn þeirra hefðu notað, sem en það vantaði sönnun fyrir því hverjir það hefðu verið. Ennfremur Viðvíkjandi þessu atriði athugaði verjandi að þar hann í varnarskjali sínu hefði þóttt taka orðrjett upp úr lögfestunum, það sem hann hefði í það skrifað, en sækjandi málsins vefengdi það, þá óskaði þ- hann að sækjandi nú þegar sýndi fram á það, hvað það



hefði verið, en hann hafði aldrei ætlað sjer að skrifa allar lögfesturnar. Þessu svarar sækjandi á þá leið að hann þættist hafa sýnt það með lögfestum þeim og skilríkjum sem hann hefði framlagt. Enda óskaði hann að verjandi legði fram vitnisburð þann á bókfelli frá 16. öld, sem hann hefði í vörzlum sínum og tjáði verjandinn sig fúsan til þess ^{því fremur sem dómsmenn einnig æsktu þess} en kveðst eigi hafa það í þessu augnabliki við hendina.

Þá framlagði sækjandi tölul. 18 brjef frá síra Birni sál. Halldórssyni í Laufási dags. laugardaginn 7. í sumri 1859, til sín svohljóðandi: Upplesið. Þar eð kvöld var komið var málinu frestað til næsta dags.

B. Sveinsson

Jón Sigurðsson

Jón Árnason

Baldvin Sigurðsson

Ásmundur Þorsteinsson (handsalað)

Ár 1883, fimmtudaginn hinn 20. sept. 1883 var dómurinn aptur settur af sömu mönnum á sama stað, sem í gærdag. Voru og málspartar báðir til staðar. Umboðsmaður varnaraðil[a] lagði fram ^{tölul. 19} staðfest endurrit af vitnisburði 3iggja manna á bókfelli frá 1574, sem áður er um getið, og var frumritið sýnt í dómnum og áteiknað. Viðvíkjandi þessu skjali bað sækjandi bókað að það sýndi ljóslega að fyrir rúmunum 300 árum hafi leikið tvímæli á hvor jörðin Nes eða Laufás ætti Bótólfsey, eins og skjalið líka virðist benda til þess, að yzti farvegur árinna Fnjóskár hafi þá ekki verið utan en við Botólfsey að utan, enda sjeu fornar sögusagnir um að Nesshólmi sje brotinn sunnan af Nesslandi, það megi og sjá af Sturlunga sögu prentaðri í Kaupmannahöfn 1817, fyrra bindinu fyrri deild bls. 167, að áin hafi nú fyrir hjerumbil hálfri 7undu öld runnið annaðhvort öll eða að mestum hlut suður við tún í Laufási, þar sem hún var þá auðsjánlega skipgeng eigi alllitlum bátum upp að j norður jaðrinum á túninu. Af öllu þessu samanlögðu virðist honum vera ljóst að í öndverðu þegar löndum var skipt milli Laufásar og Ness, hafi Nes átt langtum lengra suður á bóginn heldur en því hefur nú tilheyrt í síðari tímum, og í öllu falli suður fyrir Bótólfsey. Verjandi bað bókað, að hann ekki efaðist um að frásögnin í Sturlungu sem nú var getið væri sönn, en það muni vera tómur misskilningur af sækjanda að ýmynda sjer að þeir hafi lent í Fnjóská, því enn á vorum dögum gangi flóð svo mikið upp undir hinn gamla völl [í] Laufási, sem sje getið í Sturlungasögu, að hægt sje að fara þar enn á nokkuð stóru fari, og að öðru leyti virðist honum það eigi hafa neina rjettarverkum hvar Fnjóská á þeim dögum hafi runnið. Að öðruleyti mótmælti verjandinn vitnisburði þeirra 2ggja manna, sem fram sje lagður undir tölus. 9, því það sje auðsætt að eigandi Ness sjálfur hafi útvegað þá og sá fyrri þeirra beri ekki með sjer hvar höfundurinn hafi átt heima, þegar hann kynntist þeim málavöxtum sem vitnisburðurinn ræðir um. Viðvíkjandi þeim seinni getur hann þess að hann aðeins beri með sjer að höfundurinn ekki hafi heyrt getið um misklíð út af Ness hólma, en þetta sje ekki sönnun fyrir því að svo hafi eigi verið. Enn mótmælti hann vitnisburði þeirra tveggja systkina undir tölul. 17 ekki sem ósönnum heldur þýðingarlausum af því hann sje byggð[ur] á orðum móður þeirra, ~~sem~~ og geti því ekki haft meiri gildi, en hennar eigin skýrsla tölul. 12. Viðvíkjandi tölul. 18 tekur hann það fram, að það sýni ekki að notkun Laufásmanna á Neshóma hafi verið átalín að lögum, en lýsir yfir því að Laufásmenn hafi um mestliðin 40 ár, síðan síra Gunnar friðlýsi eggveri sínu vorið 1840, ~~þá hafi~~ ^{notað} Nesshólma ~~verið notaður~~ sem varpland og slægjuland frá Laufási, og óátalið að lögum, og geymir hann sjer rjett til þess ef þörf gjörist að sanna þetta atriði ef með löglegum þingvitnum. Viðvíkjandi þeirri athugasemd sækjanda, að Nesshólmi væri brotinn af Nesslandi þá getur hann þess að bæði síra Björn sál Halldórsson frá Laufási og sá núverandi prestur þar hafi sagt og álitíð að Nesshólmi hafi brotnað eður skorist af Bótólfsey. Þá framlagði hann tölul. 20 skjal dags. 22. mai



1840 þinglesið á 3 manntalsþingum í Grýtubakkahrepp um æðarfuglafriðun, svo hljóðandi: Sækjandi kvaðst eigi hafa ætla sjer að koma fram með fleira á þessu máli en skýrskotar til alls þess, sem komið er fram frá hans hendi og óskar samkvæmt því dóms á málinu. Hins sama óskar einnig verjandi fyrir sitt leyti og heldur sjer til allra varnargagna sinna. Málið þannig með samþykki beggja málsparta tekið upp til dóms. Upplesið.

BSveinsson

Jón Sigurðsson

Jón Árnason

Baldvin Sigurðsson

Ásmundur Þorsteinsson

Einar Ásmundsson

JJónsson

Ár 1883 hinn sama dag og á sama stað, var merkjadómurinn aptur settur af hinum sömu mönnum og áður. Var þá í landamerkjamálinu milli jarðarinnar Ness og Laufásstaðar uppkveðinn svolátandi.

Dómur

Í landaþrætumáli þessu er ágreiningurinn um hvorri jörðin Nesi eða Laufási hinn svonefndi Nesshólmi tilheyri, eður nákvæmar tiltekið, land það sem liggur í neðanverðum Fnjóskárkvíslum fyrir utan farveg þann, sem næstur liggur fyrir norðan Bótólfsey. Á merkjagöngu þeirri sem framfór í gærdag urðu allir dómendur sammála um það að hinn forni aðalfarvegur Fnjóskár, eptir því sem landshættir eru og stefna árinna að ofan bendi til, hafi ekki ekki getað verið norðar, en í þeim þurra farvegi sem nú er utan undir Bótólfsey, alt til sjáfar en norðan megin við þennan þurra farveg liggur hinn umþrætti Nesshólmi, að skilinn frá meginlandi Nessjarðar af ystu kvísl Fnjóskár eins og hún rennur nú. Virtist dómsmönnum auðsætt að þessi síðar nefnda kvísl muni á seinni tímum hafa brotið Nesshólma frá Nesslandi, og alls eigi geta hafa verið forn far vegur aðalárinnar, bæði sökum þess, að þessi farvegur er nýlegri og minni en svo að megináin hafi þar nokkurn tíma getað runnið, og eins sökum þess að allt sem ráða má af landsháttum virðist benda til að hins forna aðalfarvegs Fnjóskár sje að leita á svæðinu sem liggur fyrir sunnan Bótólfsey og upp að Laufáss túni án þess það sje mögulegt að ákveða nákvæmar, hvar helzt á þessu svæði aðalfarvegurinn hafi legið, enda liggur það fyrir utan þetta mál. Samkvæmt þessu hlýtur dómurinn að komast til þeirrar niðurstöðu að Nesshólmi hafi að fornu verið áfastur Ness landi eða einn hluti þess, og getur það þannig orðið skiljanlegt, hvers vegna nafnið Nesshólmi eigi finnst í hinum eldri skjölum málsins, þar sem tjeður hólmi að líkindum fyrst hefur myndast á seinni tíð.

En þá er kemur til þeirra skilríkja er fram komin eru í málinu, skal þess fyrst getið, að sækjandi hefur framlagt 5 lögfestur (tölul. 5-8 og 10) allar frá næstliðinni öld eða frá 1701 til 1799, allar þinglesnar og ómótmæltar, ennfremur 5 vitnisburðar skjöl (tölul. 9, 11-13 og 17). Elzta skjalið (tölul. 9) er tveggja manna vitnisburður frá 1799 um eignarhald og notkun Nesshólma á ofanverðri 18. öld. Hinir vitnisburðirnir eru allir útgefnir á þessu og næstliðnu ári og hljóða um hið sama. Öll þessi skjöl lúta að því að sýna og sanna að Nesshólmi hafi að fornu legið undir jörðina Nes, og verið notaður þaðan allt þangað til að Laufássprestar fóru að koma þar á varpi nú fyrir rúmum 46 árum síðan. Þessu til ítarlegri sönnunar hefur framkomið í málinu þriggja manna vitnisburður á skinni frá 1574 (tölul. 19) og brjef Björns prófests Halldórssonar í Laufási frá 1859 (tölul. 18). Með tilliti til hins fyrnefnda skjals, skal það sjerstaklega fram tekið að af því er auðráðið að Laufássprestar hafa á þeirri tíð aðeins helgað sjer Botólfsey sem liggur næst fyrir sunnan Nesshólma en ekki lengra til norðurs og má enda af skjalinu



ráða að tvímæli hafa leikið á því hvort Laufásstaður ætti Bótólfsey eða ekki. Í hinu síðargreinda skjali kemur fram ótvíræð viðurkenning Laufassprests fyrir því að Nesshólmi hafi fyrrum legið undir Nes, og að hólminn hafi á seinni árum komið undir Laufáskirkju með forboðum og lögfestum.

Verjandi hefur að vísu til sönnunar hinu gagnstæða eður því að Nesshólmi hafi til forna verið eign Laufásstaðar framlagt 11 lögfestur (að tölul. 14 a-l) og er elzta lögfestan dagsett 1678 en hin yngsta 1841. Í öllum hinum eldri lögfestum er Bótólfsey tilgreind, sem hið ysta takmark landeigna Laufásstaðar á móti Nesi. En í hinum yngri lögfestum, svo sem frá næstliðnum aldamótum og þar á eftir er tiltekin hinn yzti farvegur Fnjóskár sem merki milli Ness og Laufáss og í einni þeirra, lögfestu Gunnars prests Gunnarssonar frá 1840, er nefndur Nesshólmi sem eign Laufásstaðar. En flestum þessum yngri lögfestum hefur verið mótmælt af Ness eigendum eða athugasemdir gjörðar við þær með tilliti til Nesshólma og virðist því eigi ástæða til að leggja aðra nje meiri þýðingu í hinar yngri lögfestur Laufáskirkju en hinar eldri þeirra þær sem þær rjettuskildar ekki virðast koma í neina mótsögn, við hinar áður umgetnu lögfestur fyrir Nessjörðu.

Með því sem þannig er talið, hlýtur merkjadómurinn að álíta það löglega sannað að Nesshólmi eður hið umþrætta land hafi verið einn hluti og eign jarðarinnar Ness, og samkvæmt þessu getur það þá eigi, eftir ákvörðun Jónsbókar landsleigubálk kap. 26 komið til greina, þó svo megi álíta sem það sje sýnt og sannað í þessu máli að Laufásprestar eins og verjandinn sjer í lagi hefur haldið fram og byggt rjettarkröfu sína um Nesshólma á hafi notað Nesshólma sem varpland og slægjuland síðan árið 1840, og er þannig ekki ástæða til að rannsaka hvert af not Laufáspresta af Nesshólma þau er hjer um ræðir, hafi sem virðist vera vafasamt, verið þannig löguð, að hefð eftir tjeðri grein landslaganna geti rjettilega orðið á þeim byggð, sjer í lagi með hliðsjón af því, sem viðurkennt er í fyrnefndu rjettarskjali (tölul. 18) og áður er tekið fram um það að Laufásprestum hafi eigi verið ókunnugt um, á þessu tímabili að Nesshólmi hafi að rjettu lagi til forna tilheyrt jörðinni Nesi en ekki Laufásstað. Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að greiðast að hálfu af sækjanda og að hálfu úr opinberum sjóði. Málið hefur sem gjafsóknarmál verið flutt útalaust.

Því dæmist rjett að vera:

Hin umþrættu landamerki milli Ness jarðar og Laufásstaðar, skal vera kvísl sú eður farvegur Fnjóskár, sem gengur frá svonefnda Sýki næst fyrir utan Bótólfsey niður til sjáfar. Dagpeningar merkjadómsmanna samtals kr. 57,00 borgist að hálfu af sækjanda, Einari Ásmundarsyni í Nesi og að hálfu úr opinberum sjóði. Dóminum að fullnægja ept innan 15 daga frá birtingu hans undir aðför að lögum. Dómurinn var í rjettinum upplesinn. Sóknaraðili var viðstaddur en verjandi ekki.

Rjettinum sagt upp.

BSveinsson

Jón Sigurðsson

Jón Árnas.

Baldvin Sigurðsson

Ásmundur Þorsteinsson



Ár 1883, föstudaginn hinn 21. september, var merkjadómur settur að Hvammi í Grýtubakkahreppi í landaþrætumálinu milli tjeðrar jarðar og Grenivíkur og Jarlsstaða í sama hreppi. Í dóminum sátu auk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu B. Sveinssonar eptir nefningu 19. marz seinastl. þeir Gísli hreppstjóri Ásmundsson á Þverá, Jóhann bóndi Bessason á Skarði, Jón ^{bóndi} Sigurðsson á Þorsteinsstöðum og Halldór bóndi Jóhannesarson í Grímsnesi. Rituðu þeir undir svolagað eiðspjall: Eg Gísli Ásmundarson, eg Jóhann Bessason, eg Jón Sigurðsson og eg Halldór Jóhannesarson lofa og sver að leysa dómstarfa þann af hendi sem eg hefi verið kvaddur til í landaþrættunni milli jarðarinnar Hvamms og jarðanna Grenivíkur og Jarlsstaða eptir beztu samvizku og þekkingu. Svo sannarlega hjálpi mjer guð og hans heilaga orð.

Gísli Ásmundsson

Jón Sigurðsson

Jóhann Bessason

Halldór Jóhannesson

Til staðar var fyrir hönd eiganda Hvamms ekkjunnar Ovidu Jonasdóttur, Einar alþingismaður Ásmundarson í Nesi og lagði hann fram tölul. 1 umboðsskjal dagsett í gær. Ennfremur lagði hann fram tölul. 2 kæru til sáttanefndarinnar með áteiknuðu vottorði hennar, um árangurslausa sáttatilaun, og að málinu væri vísað til merkjadóms; og enn lagði hann fram tölul. 3 landamerkjalyking fyrir jörðinni Hvammi dags. 2. october f.á. Skjölin voru upplesin svohljóðandi:

Sem eigandi hálftrar Grenivíkur og umboðsmaður fyrir eiganda hálftrar þessarar jarðar, mætti í dóminum Oddur bóndi Ólafsson í Grenivík, sem lagði fram tölul. 4, umboðsskjal dags. [dagsetningu vantar] svohljóðandi og fyrir eiganda Jarlsstaða, sem á óskipt land við Grenivík mætti Jón bóndi Guðmundsson á Finnastöðum og lagði hann fram tölul. 5 umboðsskjal dags. 15. þ.m upplesið svohljóðandi.

Þegar hjer var komið málinu gengu dómsmenn og málsaðilar á merki. Á merkjagöngunni kom málsaðilum saman um að landamerkin milli Hvamms á aðra hlið, en Grenivíkur og Jarlsstaða á hina, skyldu vera að utan og austan á Leirdalsheiði Stór Klettagil, neðan frá Reiðgötum upp á fjallsbrún; svo eptir austurbrún fjallsins, allt á Syðsta-Hnjúk. Þaðan beina línu niður í miðja Merkilág, milli Hvamms og Jarlsstaða, og svo beina sjónhending úr láginni niður í garðstúf við Grófarlæk, niður undir Grenivíkurhólum þannig er þá ágreiningurinn um landamerkin milli ofangreindra jarða að eins sá, hvort ráða skuli bein lína úr garðstúf þeim við Grenivíkurhóla sem áður var nefndur í ytri endann á Bárðartjörn, sem sóknaraðili jarðarinnar Hvamms vegna heldur fram, eður þá lækur sá, nefndur Grófarlækur, sem hefur upptök sín að ofanverðu við nefndan garðstúf og rennur alla leið niður í Bárðartjörn, og halda Grenivíkur og Jarlsstaðamenn þessum merkjum fram. Kynntu dómsmenn sjer vandlega landsháttu á þessu umþrætta svæði og komu þvínæst saman á samt málsaðilum á sama stað sem fyr. Lagði þá sóknaraðili fram dómendum til hliðsjónar 3 lögfestur tölul. 6-8, dagsettar 4. júní 1844 29. maí 1845 og 19 maí 1882 ^{þinglesna sama dag og ómótmæld} og ennfremur 2 skriflega vitnisburði tölul. 9-10 dagsetta 28. december f.á og 19. sept. þ.á. Skjöl þessi voru upplesin svohljóðandi:

Sóknaraðili bað ennfremur bókað að hin umþrætta landspilda, sem liggur á milli ofangreindra merkja hafi verið notuð frá Hvammi til móskurðar, torfristu, slægna og beitar og í annan máta að honum væri kunnugt um, að þessi partur hefur verið notaður frá Grenivík að fengnu leyfi Hvamms manns og skýrskotaði hann í því efni til skýrslu sem Jón bóndi Guðmundsson sem var viðstaddur, mundi geta gefið. Jón þessi Guðmundsson, sem var áminntur um að segja satt til um þetta atriði, og kvaðst vera 44 ára gamall, skýrði frá að hann eitt sinn það sama vor sem Jón sál. Loftsson flutti að Hvammi fyrir 9



árum hafi vitað til að Sigurður bóndi Þórðarson í Grenivík, eigandi þeirrar jarðar hafi farið upp í Hvamm ^{mikið ölváður} til þess að fá leyfi til að rista torf í hinni umþrættu landspildu, og hafi hann fengið það leyfi. Að svöxnu máli bar sóknaraðili upp þá rjettarkröfu að Hvammi yrði dæmt landstykki það, sem liggur milli áðurgreindra merkja, og að varnaraðilar yrðu skyldaðir til að greiða allan áfallinn og áfallandi málskostnað. Lagði hann til síðan málið í dóm, að geymdum rjetti til frekari sóknar ef þörf gerðist.

Þvínæst lögðu ofangreindir varnaraðilar Grenivíkur og Jarlsstaða fram 3 lögfestur tölul. 11-13 dagsettar 7. júní 1732, 8 júní 1735, ^{og} 27. apríl 1798, ~~og 10. febrúar 1809, allar þing~~ allar þinglesnar, hin síðasta þrívegis og ómótmældar. Ennfremur var lagt fram tölul. 14 byggingarbrjef fyrir jörðinni Grenivík dagsett 10. febrúar 1809. Skjölín voru upplesin svohljóðandi:

Ofangreindur eigandi og umboðsmaður Grenivíkur Oddur Ólafsson bað bókað, að hinar framlögðu lögfestur syndu að Hvammsmenn fyrst á seinni tímum hefðu viljað tileinka sjer hið umþrætta land; að það hafi verið brúkað til beitar á sumrin fyrir búsmala frá Grenivík bæði árin 1853-56 og aptur nú í 9 ár síðastliðin, sem hann hafi átt heima í Grenivík. Og eins segir hann að Sigurður Þórðarson í Grenivík sem hafi verið þar á undan sjer 8 ár, hafi sagt sjer að hann hafi brúkað landið á sama hátt til beitar, ~~því~~^{enda} sem ^{sje eigi um} annan bithaga ~~sje eigi~~ að tala frá Grenivík fyrir gripi. Hann tekur enn fram að það sje óeðlilegt að Hvammur eigi land út að línu þeirri sem sækjandi fari fram á af því að hún liggir yfir um Grenivíkurhóla, sem taki nafn af Grenivík og með tilliti til þess að Jón bóndi Guðmundsson hafi borið að Grenivíkurmaður hafi fengið leyfi hjá Hvammseiganda til að rista torf í þrætupartinum, þá segir hann að Stefán nokkur Guðmundsson, sem hann eigi von á að komi hingað samstundis muni bera það, með sjer að Sigurður bóndi Þórðarson sem hafi átt að fá torfristuleyfið, hjá Hvammsmanni hafi gefið öðrum manni leyfi til þess að taka svörf á þessu sama svæði, annaðhvort sama sumar eða sumarið eptir, og bað hann um að þessi maður yrði yfirheyrður

Mætti fyrr dómnum Stefán Guðmundsson, sem áminntur um sannsögli skýrði frá að hann væri 45 ára gamall. Spurður segir hann enn frá að Sigurður bóndi Þórðarson í Grenivík hafi árinu áður en Jón sál. Loftsson kom að Hvammi og næsta ár eptir, leyft sjer að stinga í vörð í mýrinni fyrir sunnan Grenivíkurhóla og utan Grófarlækjar. Segir hann að Jón sál. Loftsson hafi í seinna sinnið komið til sín og sagt að hann mætti ekki stinga þar svörð framur enda hefði hann ekki farið þess á leit. Fleira kvaðst hann ekki geta borið en tjáði sig fúsan til að staðfesta þessa skýrslu með eiði. Að svo vöxnu máli bar hann upp þá rjettarkröfu að áður nefndur Grófarlækur yrði viðurkenndur merkjalína milli Hvamms á annan veg og Grenivíkur og Jarlsstaða á hinn, og að sækjandinn eður eigandi Hvamms yrði skyldaður að greiða allan málskostnað. ~~Sök~~Sóknaraðili bað bókað að hann fyrir sitt leiti yrði að álíta að hinar framanlögðu lögfestur frá varnaraðila hálfu væru auðsjáanlega ekki rjettar, er þær lögfestu land Grenivíkur einnar en færu þó langtum síðar yfir, þar á meðal allt Jarlsstaðaland, án þess þó að tiltaka að Jarlsstaðir lægju innan þeirra tilgreindu takmarka, en Jarlsstaðir hafi frá ómunatíð verið sjerstakt lögbýli, og þykir honum því trúlegt, að þeir sem þannig lögfestu hafi ekki heldur vílað fyrir sjer að taka hlut af Hvammslandi inn fyrir takmörkin. Hann kveðst vita að Grenivík og Jarlsstaðir hafi eigi verið eign sama eiganda allan þann tíma sem lögfesturnar náa yfir. Hvað brúkun Grenivíkur til beitar á hinum umþrætta parti viðvíki, þá sje honum vel kunnugt að búsmali frá Grenivík hafi eigi aðeins gengið yfir þann landskika, heldur og alla leið yfir þvert Hvammsland, um þessar slóðir og jafnvel Bárðartjarnarland, sem liggja hinumegin. Og þyki honum sennilegt að leyfi hafi verið fengið til þess; þar sem verjandi hafi sagt að það væri óeðlilegt að merkin milli Hvamms á eina hlið og Grenivíkur og Jarlsstaða á hina lægju beint upp úr ytri enda Bárðartjarnar í Merkilág, þá yrði hann að álíta margfalt óeðlilegra að þau væri í Grófarlæk og Hvammsá, því á þessi rynni fyrir sunnan bæinn í Hvammi ~~öldungis~~



beint niður í tjörnina, svo að Grenivíkurland eptir því næði suður fyrir neðan bæinn í Hvammi og Hvammsland yrði þá að neðanverðu ekki breiðara en hjerumbil 100 faðmar á aða gizka, en það sje kunnugt að Hvammur hefur verið og er; metinn gild meðaljörð. Til sannindamerkis um að lögfestur Grenivíkurmanna, muni ekki vera sem nákvæmast orðaðar framleggur hann tölul. 15. endurrit af lögfestu fyrir Grenivík dags. 29. apríl 1825, sem tilgreinir sömu landamerki og hinar sem verjandi hefur framlagt, og sem sýslumaður eg-er þinglýsti lögfestunni vottar um að nálægir þingmenn hafi álitid að væri „öldungis galin.“ Ennfremur vill hann leiða athygli dómendanna að því, að þó þetta sje eigi nema eptirrit staðfest af prestinum í Höfða, þá sjeu einig 2 af þeim 4 skjölum, sem verjandi hafi framlagt, að eins eptirrit en ekki frumrit, og eigi staðfest af hlutaðeigandi valdsmanni. – Varnaraðili mótmælti þesu og skýrskotaði til varnargagna sinna og þess, er hann hefði látið bóka, og sjerstaklega neitar hann því að beitarafnotin frá Grenivíkurhálfu á þrætulandinu hafi verið byggð á öðru en því að Grenivíkurmaður hafi þóttzt eiga landið.

Lögðu svo málsaðilar málið í dóm Malið tekið upp til dóms, og var að litlum tíma liðnum kveðinn upp í málinu svolátandi.

Dómur

Í landaþrætumáli því, sem hjer ræðir um er ágreiningurinn milli eiganda jarðarinnar Hvamms á einn veg og eiganda Grenivíkur og Jarlsstaða sem hinnar jarðar á hinn bóginn, um það hvorri jörðinni Hvammi eða hinum tveim sá landskiki að rjettu tilheyri, sem liggur milli beinna línu er dregin sje úr garðsenda við upptök Grófarlækjar yfir Grenivíkurhóla beint í norðurenda Bárðartjarnar, og Grófarlækjar sjálfs, sem rennur frá áðurnefndum garðsenda austan og sunnan undir Grenivíkurhólum, og síðan eptir mýrinni vestur í Bárðartjörn.

Dómsmenn verða nú að álíta að hvorugur af málsaðilum hafi komið fram með lögfulla sönnun fyrir því, að þeir hafi verið eður sjeu eigendur þessa þrætulands. Að vísu hafa þeir hvor í sínu lagi lagt fram lögfestur og nokkur önnur skilríki fyrir því, að þeir hvorir um sig hafi viljað eigna sjer land þetta, en skjöl þessi eru eptir eðli sínu á hvorugan bóginn svo vaxin að á þeim verði byggður eignadómur. Ennfremur hefur að vísu eigandi Hvamms sjer í lagi leitt rök að því, að land þetta hafi á seinni árum verið notað frá Hvammi; en þar sem það á hinn bóginn er viðurkennt í málinu að landið einnig hafi verið notað um sama tíma frá Grenivík til sumarbeitan fyrir gripi, þá fá dómsmenn heldur eigi sjeð að hefð sje unnin á landinu af eiganda Hvamms jarðar, samkvæmt Jónsbókar [...] 26. kap. er það hefur verið í sambrúkum þeirra jarða er kalla sjer það. Loksins hefur nákvæm ransókn á landsháttum ekki getað gefið dómsmönnum neina fasta sannfæringu um það, að landið tilheyri fremur einni jörðinni en annari.

Undir þannig löguðum málurvöxtum hefur dómurinn hlotið að komast að þeirri niðurstöðu að skipta beri landinu samkvæmt grundvallarreglunum í landamerkjälögum, ^{af} 17. marz 1882, þannig að landamerkjälínan á hinu umþrætta svæði, skuli vera bein lína úr garðspotta þeim við upptök Grófarlækjar sem áður er nefndur í ós þessa lækjar, þar sem hann fellur í Bárðartjörn. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að greiðast að jöfnu af báðum málspörtum.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkin á hinu umþrætta svæði, milli jarðarinnar Hvamms á einn veg og jarðanna Grenivíkur og Jarlsstaða á hinn skulu vera bein lína úr garðspotta við upptök Grófarlækjar í ós hans þar, sem hann fellur í Bárðartjörn. Dagpeningar merkjadómanna, samtals kr. 33,00 skulu greiddar að hálfu af eiganda Hvamms og að hálfu af eigendum Grenivíkur og Jarlsstaða. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirting hans undir aðför að lögum.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dómurinn var í rjettinum upplesinn.

Rjettinum sagt upp.

BSveinsson.

Gísli Ásmundsson

Jóhann Bessason

Jon Sigurðsson

Halldór Jóhannesson



Ár 1886 miðvikudaginn hinn 7. júlímánaðar var aukarjettur Þingeyjarsýslu settur og haldinn að Grenjaðarstað af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum til að nefna menn í dóm í landaþrætu milli nefndra jarða Grenjaðarstaða og Halldórsstaða í Laxárdal. Í rjettinn mætti aðili málsins prófastur B. Kristjánsson á Grenjaðarstað, og lagði hann fram þau venjulegu skilríki um árangurslausa sáttatilaun í málinu. Ennfremur þau tölul. 1. svohljóðandi. – Fyrir hönd jarðarinnar Halldórsstaða mætti ástefndur egin og sameigendanna vegna Þorbergur hreppsnefndaroddiviti Þórarinsson á Sandhólum samkvæmt umboðsskjali dags. 15. f.m. ~~og 6. þ.m.~~ Einkennist það tölulið 2. og er svohljóðandi:

Að svo vöxnu máli nefndi sýslumaðurinn þessa 8 menn í dóm.

1. Einar dbrm. Ásmundsson í Nesi
2. Jón dbrm. Sigurðsson á Gautlöndum
3. Hjálmar bónda Helgason á Syðri-Neslöndum
4. Jón bónda Jónsson á Arnarvatni
5. Benedikt hreppstjóri Jónsson á Auðnum
6. Benedikt prófast Kristjánsson í Múla.
7. Helga bónda Jónsson á Hallbjarnarstöðum og
8. Þorgrím bónda Þjetursson í Nesi.

Skoraði sýslumaðurinn á málsaðila að nefna tvo menn úr dóminum hvor um sig. Nefndi varnaraðil þá úr dóminum:

1. Benedikt hreppstjóri Jónsson á Auðnum og
2. Þorgrím bónda Þjetursson í Nesi

Því næst nefndi sóknaraðili þá úr

1. Jón dbrm. Sigurðsson á Gautlöndum og
2. Hjálmar bónda Helgason á Ytri-Neslöndum

Samkvæmt þessu verða dómsmenn auk sýslumannsins

1. Einar dbrm. Ásmundsson í Nesi
2. Jón bóndi Jónsson á Arnarvatni
3. Benedikt prófastur Kristjánsson í Múla og
4. Helgi bóndi Jónsson á Hallbjarnarstöðum

Varð það síðan samkomulag að merkjaganga skyldi framfara fimtudaginn hinn 16. dag septembermán. næstkomandi og skyldu dómsmenn komnir saman að Halldórsstöðum kl. 9. f.m. Málsaðilar komu sjer og saman um, að heyra vitni óstefnd.

Upplesið.

Rjettinum sagt upp.

BSveinsson

Þingvitni:

Sigtryggur Kristjánsson

Gísli Ólafsson



Ár 1886, fimtudaginn hinn 16 dag septembermán. var sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu tilstaðar að Halldórsstöðum í Laxárdal, eins og ákveðið var 7. júlímanaðar, sem leið, við tjettarhald að Grenjaðarstað. Einnig voru mættir aðili a varnaraðili í landþrætumalínu millum Halldórs. og Grenjaðarst, herra prófastur B. Kristjánsson, og herra hreppsnefndaroddviti Þorbergur Þórarinsson, en með því ^{aðeins}, einn hinna skipuðu dómsmanna ^{mætti} gat ekkert orðið af merkjagöngu þeirri sem fram átti að fara, og komu málspartar sjer saman um að fresta henni til ² október næstkomandi, jafnframt og þeir geymdu sjer rjett sinn óskertan gegn hinum útnefndu dómsmönnum samkvæmt lögum 17. marz 1882. 15. grein.

Frekara varð ekki aðgjört í málinu að þessu sinni.

B Sveinsson

B. Kristjánsson

ÞÞórarinsson

Ár 1886, laugardaginn 2. október var aukaréttur Þingeyjarsýslu settur og haldinn að Grenjaðarstað af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum

Þess skal getið, að samkvæmt því, sem ákveðið var þann 16. f.m. hér á staðnum, átti merkjaganga að framfara í dag í landamerkjamálinu milli Grenjaðarstaða og Halldórsstaða. En þar sem dóms menn þeir ^{er} útnefndir voru í dóminn, eru enn eigi mættir ^{nema} ² þá nefndi sýslumaðurinn ^{að} nýu menn í dóm eftir ósk beggja málspartanna, og voru þeir þessir:

Jón Jónsson á Arnarvatni

Pétur Jónsson á Gautlöndum

Jón Sigurgeirsson á Hvarfi

Benedikt Jósefsson á Breiðumýri

Sigurður Jónsson á Yztafelli

Sigurjón Jóhannesson á Laxamýri

Jón Jónsson á Hringveri

Jón Árnason á Arndísarstöðum

Skoraði sýslumaðurinn þvínæst á málspartana að ~~nefna~~ að ryðja tveim mönnum úr dóminum hver, og nefndi varnaraðili úr dóminum, þá

Jón Sigurgeirsson á Hvarfi og

Jón Árnason á Arndísarstöðum

Sóknaraðili nefndi úr þá

Sigurjón Jóhannesson á Laxamýri og

Jón Jónsson á Hringveri

Eftir þessu skipa landamerkjadóminn auk sýslumannsins, sem oddvita, þeir:

Jón Jónsson á Arnarvatni

Pétur Jónsson á Gautlöndum

Benedikt Jósefsson á Breiðumýri og

Sigurður Jónsson á Yztafelli.



Varð það samkomulagi milli málspartanna, að oddviti skyldi kveðja dóms mennina til merkjagöngunnar, þegar veðurátta og aðrar kringumstæður leyfðu.

Upplesið

Rétturinn hafinn.

BSveinsson

BKristjánsson

ÞPórarinsson

Rjettarvitni:

OJonathansson

Asmundur Bjarnarson

Ár 1887, miðvikudaginn hinn 15 dag júnímánaðar var þing sett að Halldórsstöðum í Laxárdal af sýslumanni B. Sveinssyni en að undirskrifuðum vottum.

Þess skal geti að Jón alþingismaður Jónsson frá Arnarvatni, sem 2. Okt. f.á. var nefndur í merkjadóm í landaþrætumálinu milli Grenjaðarsstaða og Halldórsstaða, hafi með brjefi dagsettu 6 þ.m. tjáð, að hann eigi geti mætt og setið í dóminum. Var þá í hans stað nefndur í dóminn Jakob bóndi Jónasson á Narfastöðum, sem var til staðar. Málsaðilar, sem einnig voru mættir, höfðu ekkert á móti þessum dómsmanni. Upplesið.

Rjetti slitið.

BSveinsson

Rjettarvitni:

Jónas Jónsson.

Pétur Pétursson

Ár 1887, miðvikudaginn hinn 15. Júnímán var merkjadómur settur að Halldórsstöðum í Laxárdal í landamerkjamálinu millum tjéðrar jarða, a Grenjaðarstaða.

Í dóminum sátu auk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu B. Sveinssonar eptir útnefningu 2. Okt. f.á og i dag:

1. Pjetur ^{bóndi} Jónsson Gautlöndum
2. Sigurður Jónsson bóndi á Yztafelli
3. Benedikt bóndi Jósepsson á Breiðumýri
4. Jakob bóndi Jónasson á Narfastöðum

Rituðu þeir undir svolagað eiðspjall:

Eg Pjetur Jónsson, eg Sigurður Jónsson eg Benidikt Jósepsson og eg Jakob Jónasson lofa og sver að leysa dómstorf þann af hendi, sem og hefi verið kvaddur til í landaþræturni milli Grenjaðarstaða og Halldorsstaða í Laxárdal, eptir beztu samvisku og þekkingu. Svo sannarlega hjálpi mjer guð og hans heilaga orð.

Pjetur Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sigurður Jónsson.

Benedikt Jósefsson.

Jakob Jónasarsarson.

Fyrir hönd sóknaraðila, séra B. Kristjánssonar á Grenjaðarstaða mætti cand. philos. Skapti Jósefsson á Akureyri og hafði hann ^{fram} skipunarbréf amtmannsins í Norður og Austrinu dags. 14. ápril þ.á. var það upplesið og einkennt tölul. 3, svo hljóðandi – Einnig var tilstaðar í dóminum fyrir hönd varnaraðila eigandi Halldorsstaða, hreppsnefndaroddviti Þorbergur Þórarinsson á Sandhólum samkvæmt aður framlögðu umboðskjali. Þegar hjer var komið málinu gengu malsaðilar og dómsmenn á merki.

BSveinsson

Pjetur Jónsson

Sigurður Jónsson

Jakob Jónasarsarson

Benedikt Jósefsson

Skapti Jósefsson

ÞÞórarinsson

Sama dag var merkjadómurinn aptur settur og á sama stað af hinum sömu dómendum. Eins og áður er fráskýrt gengu dómsmenn og málsaðilar á merkin og kynntu sjer vandlega landsháttu og land það, er málsaðilar hvor í sínu lagi kalla sjer. – Við merkjagönguna voru einnig vitni málsparta, sem gáfu upplýsingar um örnefni þau, sem afmarka þrætulandið.

Umboðsmaður sóknaraðila cand. philos. Skapti Jósefsson lagði þvínæst fram, sem tölulið 4. gjafsókn dags. 8 jan. þ.a. sem tölulið 5 sóknarskjal dags. i gær með 6 fylgiskjölum, einkenndum a, b, c, d, e, f við tölulið 5, og eru skjöl þessi svohljóðandi:

Þareð dagur var að kvoldi kominn var dóminum frestað til næsta dags ^{kl. 8 f.m.}.

Upplesió staðfest.

BSveinsson

Sigurður Jónsson

Pjetur Jonsson

Benedikt Jósefsson

Jakob Jónasarsarson

Skapti Jósefsson

ÞÞórarinsson

Ár 1887, Fimmtudaginn hinn 16. dag Júnímán. var merkjadómurinn aftur settur að Halldórsstöðum með hinum skipuðu dómendum, í landamerkjamálinu milli Grenjaðarstaða og Halldórsstaða í Laxárdal, að viðstöddum báðum málsaðilum.

Varnaraðili lagði þá fyrst fram, um leið og hann skilaði skjölum sóknaraðila, er honum höfðu verið léð til yfirlesturs, varnarskjal dags. 13. Júní 1887. ásamt þrennum ^{fjórum} fylgiskjölum. Þessi skjöl voru upplesin og einkend tölus. 6 og stafl. a, b, c, d, við tölul. 6 svohljóðandi ... Enn lagði hann fram lögfestu 29. Maí 1805, vitnisburðar bréf dags. 14. Sept. 1826, og endurrit af vitnaleiðslu frá 18. og 25. Maí 1846. Þessi skjöl einkennast tölul. 7, 8 og 9 og voru upplesin svohljóðandi ... Þá framlagði hann 3 vitnisburðarbréf 30. ágúst 1886, 10. Septbr. s.á. og 14. Septbr. s.á. Þessi skjöl einkennast tölul. 10, 11



og 12 og voru upplesin svohljóðandi ... Loks framlagði hann 2 vitnisburðarbréf dags. 16. Júní 1805 og 15. Júní 1887, sem einkennast tölul. 13 og 14 og eru svohljóðandi ...

Því næst óskaði varnaraðili bókað.

Halldórsstaðaskarð er viðurkennt að sé á milli Þorgerðarfjalls og Hvítafells og ofan fyrir Halldórsstaðabæitarhús. Í kröfu sækjanda telur hann landamerki Birningsstaða úr Nautatangasýki og í Brennislækjarbotn, sem er um miðju Halldórsstaðaskarðs. Hrísaland telur hann undir áreiðinni, að sé að á suðvesturhorni Þorgerðarfjalls, og túngarðurinn í Brennislæk, en Hrísakot á Bæitarhúsunum. Selför telur hann að staðurinn eigi í Halldórsstaðaskarði. Hvernig getur nú Grenjaðarstaður átt hérumbil $\frac{1}{2}$ Halldórsstaðaskarð, fyrst sem Hrísaland, í annan stað sem Birningarstaðaland (sbr. orðin á sóknarskjalinu: „þá Birningsstaðir, er eiga land fram í Halldórsstaðaskarð að utan“) og í þriðja lagi, sem selstöðuitak allt í sama tíma.

Af þessum mótsögnum verð eg fastlega að mótmæla, sem aldeilis röngu:

1. að Hrísar eða Hrísaland né Hrísakot sé nokkursstaðar í Halldórsstaða skarði eða framan við Tvígarða, heldur sé Hrísaland einmitt um það svæði, sem nú standa bæarhústöftir þær, sem nefndar eru Hrísakot á Hrísakotsgrundum.
2. að takmörk Birningsstaðalands geti, eða hafi nokkru sinni verið í Nautatangasýki og í Brennislækjarbotn.

Sækjandinn telur ennfremur að Grenjaðarstaður eigi selför hálfá á Skarði uppi í Halldórsstaðalandi. Vitnisburðarbréfið frá 1458, sem hann hefir framlagt, kveður svo á, að Grenjaðarstaðir eigi selför fram við læki á Þegjandadal. Selfararkröfu þessari mótmæli eg sem rangri og marklausri af þessum ástæðum:

1. að ósannindi eru, að í máldögum Grenjaðarstaðakirkju standi að Grenjaðarstaðir eigi $\frac{1}{2}$ selför á skarði uppi í Halldórsstaðalandi, þar sem máldagar staðarins ekki framar tiltaka $\frac{1}{2}$ selstöðu á Halldórsstaðaskarði, en einhverju öðru skarði, svo sem Geitarskarði, Gustaskarði eða Gönguskarði o.s.frv.
2. að vitnisburðarbréfið frá 1458 ber, að selförin sé við læki á Þegjandadal, sem alls engin sönnun er fyrir hvar séu í dalnum og
3. að sækjandinn hefir áður viljað helga kirkjunni sem eign landshluta þann, sem hann nú vill telja selstöðu í, sem ítak staðarins, því það er ljóst að selstöðuitak getur staðurinn þó ekki átt í sínu eigin landi.

Mótmæli eg ennfremur, að afstöðumálverk það, sem sækjandinn í síkn sinni kveðst framleggja, hafi nokkra þýðingu eða gildi hvað örnefni eða annað áhræri, þar eð það er tilorðið einungis af tilhlutun sækjanda máls þessa án þess að eigendum Halldórsstaða væri gefið tækifæri til að tryggja, að það væri reglulega samið, undir tilsjón hlutaðeigandi yfirvalds, svo það öðlaðist opinberan trúverðugleika, enda neita eg að afstöðu^{mál}verk séu nauðsynleg í þeim málum, sem dómendur einmitt ríða á merki til að kynna sér landsháttu og afstöðu merkja m.m. Að öðru leyti mótmæli eg, sumpart sem röngum og óstaðfestum, og sumpart sem ósamkvæmum og marklausum, skjölum þeim, sem sækjandinn hefir framlagt. Hér af flýtur aftur, að eg verð að mótmæla öllu sóknarskjali sækjandans í heild sinni, sem ósönnu og ósönnuðu, byggðu á slíkum gögnum, samhliða getgátum einum, og sérstaklega allri brúkun Grenjaðarstaðapresta á hinu umþrætta landi.

Að öðru leyti krafðist hann að vitnin þau fjögur, sem hefðu gefið vitnisburðina tölul. 10, 11, 12 og 14, staðfestu þá með eiði. Kom þá fyrst fram fyrir dóminn vitnið Pétur Pétursson á Stóru-Laugum, og



er hann hafði kannast við, að hann hefði gefið vitnisburðinn tölul. 10. tjáði hann sig reiðubúinn til, að staðfesta hann með eiði. Aðalsækjandinn lýsti þá yfir því, að hann tæki þenna vitnisburð jafngildan og hann væri eiðfestur, en krafðist að sú gagnspurning væri sett fyrir vitnið. „Hefir vitnið heyrt nefnt Hrísa eða Hrísaland, og ef svo er, þá hvar? Þessari spurningu svarar vitnið svo, að hann hafi heyrt nefnt Hrísaland eða Hrísa, og hafi hann heyrt, að séra Jón sál. Jónsson á Grenjaðarstað, hafi viljað setja það á ^{Suð}vesturhorni Þorgerðarfjalls.

Í tilefni af þessu óskaði verjandinn vitnið ítarlegar aðspurt: „Hvort það hefði heyrt að séra Jón vildi láta Hrísaland vera á þessum tilgreinda stað áður en hann hóf landaþrætuna 1844? Þessu svarar vitnið neitandi, enda sé hann aðeins 45 ára. Og enn óskaði hann vitnið aðspurt: „Hefir vitnið ekki heyrt nefnda eiðijörðina Hrísakot, og ef svo er þá hvar? Vitnið segir að hann hafi heyrt nefnt Hrísakot og að það væri á Grundinni fyrir sunnan Grenjaðarstaðabæitarhúsin. Þessi svör tóku báðir málspartarnir ^{einnig} gild sem eiðfest af vitninu. Upplesið. Staðfest

Þá kom fram fyrir dóminn Jónas ^{bóndi} Jónsson á Helgastöðum og eftir að hann hafði kannast við, að hann hefði gefið vitnisburðinn tölul. 11, tjáði hann sig fúsan til að staðfesta hann með eiði. Sækjandinn óskaði að vitnið yrði gagnspurt á sama hátt og undangangandi vitni. Spurningunni svarar vitnið þannig að hann hafi heyrt séra Jón fyrstan manna nefna Hrísaland á Suðvesturhorni Þorgerðarfjalls. Verjandinn óskaði og að hinar sömu spurningar frá hans hálfu, yrðu lagðar fyrir þetta vitni, eins og hið undangangandi. Vitnið svaraði að það hefði ekki ~~hefði~~ heyrt séra Jón sál. Jónsson nefna Hrísaland á þessum stað fyrri en 1844, enda mundi það mál hafa áður legið í dái. Í öðru lagi segist vitnið hafa heyrt nefnt Hrísakot á Hrísakotsgrundum fyrir sunnan Grenjaðarstaðabæitarhús. ~~Einnig~~ ^{Vitnisburðurinn og} þessi svör vitnisins tóku málspartarnir ^{hvor um sig} gild, sem eiðfest væru.

Þarnæst kom fram fyrir dóminn Jónas bóndi Jónsson á Halldórsstöðum í Reykjadal. Kannaðist hann við, að hafa gefið vitnisburðinn tölul. 12, og kvaðst geta staðfest hann með eiði. Sækjandi og verjandi óskuðu framsettar sömu spurningar fyrir þetta, og undangangandi vitni, og svaraði vitnið þeim á sama hátt. Sækjandi og verjandi tóku hvor um sig vitnisburði vitnisins í heild sinni jafngilda og þeir væri eiðfestir. Þá kom fram fyrir dóminn Jón Guðmundsson bóndi á Yztahvammi. Kannaðist hann við, að hafa gefið vitnisburðinn tölul. 14, og kvaðst geta staðfest hann með eiði. ~~Sækjandi tók þenna vitnisburð gildan eins og hann væri eiðfestur, en málsaðilar óskuðu sömu spurningar settar fyrir þetta og hin undangangandi vitni.~~ Sækjandinn óskaði, að fyrir þetta vitni yrði einnig lögð sú spurning: „Hefir vitnið heyrt nefnt Hrísa eða Hrísaland, og ef svo er þá hvar? Vitnið svarar, að það hafi heyrt þessi örnefni, en hefði skilið það svo, að þau ættu við Hrísakot á Hrísakotsgrundum, sem væri nær Grenjaðarstæbæitarhúsum, en Tvígörðum.

Eftir kröfu sækjandans staðfesti vitnið þvínæst með laganna eiði vitnisburðinn tölul. 14 og svar þess við gagnspurningu sækjanda, eftir löglegan undirbúning. Uppl.

Þá mætti fyrir dómnum Sigurður bóndi Guðmundsson í Presthvammi og óskaði sækjandi, að fyrir hann yrði lögð sú spurning: „Hefir séra Benedikt Kristjánsson á Grenjaðarstað boðið vitninu að brúka, þrætulandið á Laxárdal ^{frá Nautatangasyki út að Grjótgili} þegar hann var leiguliði ~~þar~~ ^{á Birningsst} og ^{ef} svo hafi verið hvort hann hafi gert það? ~~Við~~ Fyrri lið spurningarinnar svarar hann svo, að prófastur B. Kristjánsson hafi skriflega boðið sér að nota landið. Síðari lið spurningarinnar svarar hann svo: að hann hafi hreyft þessu og byrjað að hreinsa landið, að hann minni eitthvert árið frá 1876-78, en þá hafi Halldórsstaðamenn komið úteftir til sín, og fyrirboðið sér afnot þrætulandsins. Hefði hann þá lagt fyrir þá skipun prófastsins til sín, en að öðru leyti afsalað frá sér til prófastsins frekari afskipti af málinu. Verjandi tók þetta svar vitnisins jafngilt og það væri eiðfest. Upplesið.

Loks framlagði verjandi sátt dags. 13. Septbr. 1844.



Lagði verjandi því næst málið í dóm, að geymdum rétti til frekari varnar ef þörf gerðist.

Sækjandinn framlagði framhaldssókn dags. í dag með 2 fylgiskjölum bréfi dags. 18. Júlí 1854 og afstöð málið uppdrátt yfir Grenjaðarsta og Halldórsstaðalönd 1855. Þessi skjöl voru einkend tölul. 15 og a og b, ^c við tölus. 15 hið ²hin síðastnefndu skjöl verða látin fylgja dómsgjörðunum, en hin 2 voru upplesin áður svohljóðandi. Lagði hann svo málið í dóm samkvæmt framhaldssókninni.

Verjandinn bað bókað, að hann mótmælti framhaldssókninni af sömu ástæðum og frumsókninni af þeirri ástæðu, að engin sönnun væri komin fram fyrir þeim atriðum, sem þar séu tilgreind eður sóknin sé byggð á. Sérstaklega mótmælti hann einnig hinum framlögðu fylgiskjölum uppdrættinum sökum þess, að hann sæi ekki betur en að það væri að koma fram í honum ný nöfn sem ^{hann} ekki hefði veitt eftirtekt síðast þegar hann sá hann, auk þess, sem áður er tekið fram, og eins mótmælir hann, að hið ~~annað~~ fylgiskjalið ^{a. við tölul 15} hafi nokkra þýðingu fyrir úrslit málsins. Loks leiddi hann athygli dómenda að því, að lögfesta sú, sem sækjandinn hefir framlagt, stafl. e við tölul. 5 væri alveg þýðingarlaus og ósamkvæm lögfestu Ásmundar sál. Sölvasonar frá 1805, þar sem að sá sami prestur, sem á hinni síðarnefndu lögfestu mótmælti ekki öðru en því að viðurkenni landeign Halldórsstaða út á Tvígörða, en gerir aðeins tilkall til selstöðu á Þegjandadal, geri eignatilkall til landsins alls í hinni fyrnefndu.

Innlét hann svo málið til dóms, með skýrskotun til allra, sinna varnargagna og réttarkrafa. Sækjandi mótmælti þessu þannig framkomna og innlét einnig málið til dóms.

Málið tekið upp til dóms.

B. Sveinsson.

Sigurður Jónsson.

Pjetur Jónsson

Jakob Jónasarson.

Benedikt Jósefsson,

Skapti Jósepsson

Þ Þórarinsson

Ár 1887, Föstudaginn hinn 17. Júní var merkjadómurinn enn settur ^{á hinum sama stað og} af hinum sömu dómendum og áður. Var þá í landamerkjamálinu millum Grenjaðarstaða og Halldórsstaða í Laxárdal, kveðinn upp svolátandi

Dómur:

Í landaþrætumáli því, sem hér ræðir um, fer sóknaraðili málsins, presturinn séra Benedikt Kristjánsson á Grenjaðarstað því fram, (sbr. réttarskjal 1 og réttarskjal 5) að landamerki Grenjaðarstaða að sunnan til móts við Halldórsstaði myndist af þeirri línu, er dregin sé úr Nautatangasýki við Laxá, gengt Birningsstaðaey og í Stekkjarhnútu og þaðan í Brennilækjarbotna, en þá náði Brennilækur til Kálfatjarna ^{lækjar} þar á móti hefir varnaraðili fyrir hönd eiganda Halldórsstaða ~~að norðan~~ gert þá aðalréttarkröfu, að landamerki Halldórsstaða að norðan til móts við Grenjaðarstaði, séu í svonefndum Tvígörðum, (þeim stóra garði, sem gengur úr Þorgerðarfelli þá nær sem fyrst sér Grenjaðarstað) á Þegjandadal, og þaðan bein lína yfir Þorgerðarfell, í merkigarð þann, sem liggur ofan fyrir sunnan vallargarðinn á Birningsstöðum, en jafnframt krafist til vara, að landamerkjalinan úr Tvígörðum verði sett beina stefnu austur yfir Þorgerðarfell í norðvesturupptök Merkigils (Grjótgils), þaðan eftir gilinu og læk þeim, sem úr því rennur ofan yfir Grávíðisflöt, beina stefnu um Svartahraun í Laxá. Þess skal getið, að örnefni þau öll, sem einkenna þessar landamerkjalinur, voru við merkjagönguna viðurkend milli málspartanna og ljós fyrir dómsmönnunum, svo að þrætulandið er glöggt afmarkað.



Þegar nú ræðir um það, hvor af þessum merkjalínum sé að álíta sem rétta, þá ber þess fyrst og fremst að geta, að það er vitanlegt og viðurkennt, að eigendur og ábúendur Halldórsstaða eru handhafar þrætulands þessa, sem ofangreind varakrafa varnaraðila nær yfir; og það er ennfremur sannað í málinu, að þeir hafi yrkt og notað þetta land, eigi aðeins um seinustu hefðartíð, heldur einnig frá ómunatíð eður samkvæmt þingsvitnum þeim sem fram hafa komið í málinu, (sbr. réttarskjölin tölul. 10-14 og tölul. 9) frá því snemma á síðari helmingi 18. aldar. Að vísu hefir sækjandi lagt áherzlu á, að þetta hefðarhald frá Halldórsstaðahálfi, á þrætulandinu hafi raskast eða slitnað við þrætu þá, sem eftir hinum framkomnu skjölum var hafin af hálfu Grenjaðarstaða prests árið 1844. En dómurinn fær eigi séð, að þetta atriði verði tekið til greina eftir sætt þeirri, 13. Septbr 1844, sem misklíð þessi endaði með, og samþykkt er af stiftsýfirvöldunum 10. Marz 1846, því sætt þessi áskilur einmitt eiganda og ábúanda Halldórsstaða einum, öll sjálfráð afnot þrætulandsins alla þá tíð, sem sættin yfirgripur, til dauða séra Jóns sál. Jónssonar frá Grenjaðarstöðum árið 1866; en frá þessu ári er einnig sannað, að Halldórsstaðir hafi átölulaust að lögum yrkt og notað landið í 20 ár, eður til 1886 þá er þetta mál var hafið. – Því næst er þess að gæta að frá hálfu eiganda Halldórsstaða er framkomið Kálfskinsbréf (sbr. réttarskjölin a, b, c við tölul. 6), sem að vísu ekki verður talið í sjálfu sér fullgilt eignarskjal frá 16. öld, fyrir hinu umþrætta rædda þrætulandi, en virðist þó eigi alllítið að styðjast við þingsvitni það, sem áður er getið í réttarskjalinu tölul. 9., er vitnin eigi aðeins votta um notkun þrætulandsins af hálfu Halldórsstaða, heldur einnig um eignarréttindi Halldórsstaða á landinu.

Eftir þessu veltur niðurstaða þessa máls á því, hvort svo beri að álíta, að frá hálfu sækjanda sé framkomin svo óhult og óbyggjandi eignarsönnun fyrir þrætulandinu, að hún samkvæmt Jónsbókar Landsleigubálk 26. Kap. in finl, eigi að raska hefðarhaldi Halldórsstaða á þrætulandinu.

Í þessu tilliti skal þá tekið fram að sækjandi hefir til sönnunar þessu lagt fram

1. útdrátt úr máldögum Grenjaðarstaðakirkju, a. Auðunnar máldaga, b. Péturs máldaga, c. Ólafs Rögnvaldssonar máldaga, d. máldaga sama, e. úr Sigurðarregistri
2. Þingsvitni 3. manna frá 1458. (sbr. réttarskjal a. við tölul. 5.)
3. Lögfestur frá 1790 og 1805. (sbr. rtskj c og e við tölul. 5) og 2 óeiðfesta utanréttarvitnisburði stafl. b. og f. við tölul. 5)

Hvað nú viðvíkur hinum framlögðu útdráttum úr biskupamáldögunum og Sigurðarregistri, sem varnaraðili ekki hefir vefengt að seú réttar útskriftir, þá er það að vísu svo, að þeir allir ásamt Sigurðarregistri, telja „Hrísaland“, sem eign Grenjaðarstaða við hliðina á öðrum eignum kirkjunnar, alveg á sama hátt og sömuleiðis „hálfu selför á skarði uppi“ en Sigurðarregistur eitt telur „selför (ekki hálfu) á skarði upp“, en dómurinn fær eigi séð, að úr máldögunum verði dregin meiri vísu, eður áreiðanlegt álit um það, hvar þetta Hrísaland hafi legið, því í þessu tilliti er það auðsjáanlega ekki nægilegt eða einhlýtt, eins og sækjandi vill álíta, þó að máldagarnir auðsjáanlega telji Hrísaland við hliðina á heimalandi Grenjaðarstaða, og það því síður, sem takmörk heimalands Grenjaðarstaða ekki eru sönnuð í málinu. Sama er að segja „um selför á skarði upp“, sem allir máldagarnir nefna, að þeir geta enga vísu um það hvar þetta skarð sé, eður að selför þessi, hvort heldur hálf eða heil, sé í Halldórsstaðaskarði.

Viðvíkjandi þingsvitninu frá 1458, þá er það þriggja eiðsvarinnar manna vitnisburður á selinu fram við læki á Þegjandidal, um það, að í þeim sömu takmörkum, sem þeir stóðu á og þá stóðu Selhúsin, hafi verið höfð selför frá Grenjaðarstöðum (og haldin staðarins eign); hafi þeir aldrei heyrt (uppá meira en 30 vetra) þessa selstöðu öðrum eignaða en Grenjaðarstöðum, þar til þeir heyrðu sagt að séra Þorkell eignaði sér.



Dómurinn fær eigi séð, að í þingsvitninu ræði um annað en selför, sem ítak í annars manns landi, einhverstaðar á Þegjandidal, og virðist þetta verða enn ljósara þegar þingvitni þetta er borið saman við mótmæli prestsins séra Tómasar Skúlasonar, Grenjaðarstaða vegna fyrir manntalsþingsrétti á Helgastöðum 29. Maí 1805 gegn lögfestu Ásmundar sál. Sölvasonar á Halldórsstöðum dags. s.d. (réttarskjal tölul. 7) og sem lögfestir allt land í Þegjandidal austan Kálfalækjar út í Tvígarða, þar sem svo segir að prestur þessi átelji lögfestuna, „að því leyti, sem nefnt beneficium eigi tilkall til selstöðu á Þegjandidal innan þeirra lögfestu takmarka“, því þessi orð verða eigi skilin öðruvísi en sem viðurkenning þess, að það væri aðeins selför í landið, en ekki landið sjálft, sem presturinn gerði tilkall til.

Hvað loks áhrærir hinar framlögðu lögfestur frá 1790 og 1805, þá geta þær, eftir eðli sínu engin veruleg áhrif haft á þetta mál, þar eð þær eru aðeins einhliða yfirlýsingar um það, hvað sá er lögfestir vilji eigna sér, en eigi sönnun fyrir eignarrétti hans. Og sérstaklega er það athugandi um lögfestuna frá 1790, að hún, eins og máldagarnir og Sigurðarregistur tilgreinir „Hrísaland“ og „selför hálfu í skarði uppi“, en gefur enga frekari bendingu en þeir, um það hvar landið og selförin liggja.

Eins er það athugandi við lögfestuna frá 1805, að hún virðist halda sér til mótmæla þeirra, sem höfundurinn gerði, eins og áður nú var fráskýrt, við hina framlögðu lögfestu Halldórsstaðabónða litlu áður, 29. Maí s.á. (réttarskjal tölul.7) með tilliti til landsins á Þegjandidal, en hún aðeins snertir Birningsstaði.

Dómurinn fær þannig eigi séð, að úr þessum skjölum verði leidd nein lögfeld eignarheimild Grenjaðarstaðakirkju fyrir þrætulandinu, og til þeirrar niðurstöðu hlýtur dómurinn því fremur að komast, sem að dómsmenn við merkjagönguna eigi gátu fundið neitt í staðháttunum við merkjagönguna eigi sem styðji þær ályktanir er sækjandi málsins hefir dregið út úr skjölunum. Á merkjagöngunni virtist svo sem afstöðumálverkið (Réttarskjal b við tölul. 15) væri allvíða ónákvæmt og býlasætning og býlanöfn á því geta dómendur eigi fallizt á, enda er málverkinu mótmælt af varnaraðila málsins. Dómendum var eigi unnt að sjá við merkjagönguna með vissu, að nokkurt býli hefði verið sunnan Tvígarða; að vísu sést í tveim stöðum í þrætulandinu móta fyrir girðingum og rústum, en að þær rústir hafi verið býli en eigi selhús, beitarhús, heygarðar eða eitthvað þesskonar, var dómendum eigi hægt að ákveða. Norðan við Tvígarða skoðuðu dómendur á tveim stöðum forn mannvirki, og voru þau og staðhættirnir, að áliti dómsmanna, mun líkari því, að þau hefðu verið býli, en á hinum tilgreindu stöðum í þrætulandinu, og þegar nú í sambandi við þetta er tekið tillit til þess, að vitni, sem leidd hafa verið í málinu hafa kannast við eyðibýlið Hrísakot, sem liggjandi fyrir norðan Tvígarða, en enginn hefir kannast við býla nafnið Hrísar, nema í sambandi við landþrætu þá, sem séra Jón sál. Jónsson á Grenjaðarstað hóf árið 1844 (sbr. vitnaleiðslur í málinu) þá fá dómsmenn eigi betur séð en að sú ályktun liggja næst að álíta að Hrísakot hafi verið byggt í hinu svokallað „Hrísalandi“, sem þannig hafi legið fyrir norðan Tvígarða.

Með tilliti til garðs þess, austan í Þorgerðarfelli sem kálfskinnskjalíð (rtskj. a við 6) getur um og aðalkrafa verjanda er byggð á, þá er þess að geta að dómsmenn gátu engin merki séð til hans. Ennfremur er sannað og viðurkennt í málinu, að Birningsstaðir átölulaust að lögum hafi yrkt og notað landspildu þá, sem liggja hefði átt á milli þessa garðs, og línu þeirrar, er varakrafan fer fram á þá og getur dómurinn þess vegna eigi fallizt á aðalkröfuna, að því leyti, sem hún er mismunandi frá varakröfunni. Og enda þótt svo sé, að hin svonefnda Birningsstaðaei liggja fyrir því landi, sem samkvæmt hinu áðurgreinda er í hefðarhaldi Halldórsstaða, þá er það víst og viðurkennt í málinu, að Birningsstaðamenn hafi einlægt yrkt og notað þessu eyu óátalið frá hálfu Halldórsstaða manna. Auk þess, sem staðfest



eftirrit úr jarðabók Árna Magnússonar, sem sækjandi hefir framlagt í málinu (Réttarskjal d. við 5) virðist að benda til fornrar heimildar Birningsstaða fyrir eyunni.

Samkvæmt öllu því, sem nú er sagt, hlýtur dómurinn að aðhyllast varakröfu varnaraðil, þó þannig, að Birningsstaðaey teljist eign Birningsstaða.

Kostnaður við merkjadóminn virðist eftir atvikum eiga að greiðast að hálfu af hinu opinbera og að hálfu af verjanda, þar með talinn ferðakostnaður oddvita eftir dómsins, eftir reikningi.

Málið hefir, sem gjafsóknarmál, verið flutt vítalaust.

Því dæmist rétt að vera:

Landamerkjalinan milli Grenjaðarstaða og Birningsstaða á einn veg, og jarðarinnar Halldórsstaða í Laxárdal á hinn, skal vera úr svonefndum Kálfalæk á Þegjandidal eftir Tvígörðum upp í Þorgerðarfell, og þaðan bein stefna yfir fellið í norðvesturupptök Merkigils (Grjótgils), þaðan eftir gilinu og læk þeim, sem úr því rennur, ofan yfir Grávíðisflöt beina stefnu um Svartahraun í Laxá. Birningsstaðaey tilheyrir Birningsstöðum.

Dagpeningar dómsmanna að upphæð samtals kr. 79,50, auk ~~fæðispeninga~~ ferðakostnaðar oddvita eftir reikningi, borgist að hálfu af hinu opinbera og að hálfu af verjanda.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómurinn var upplesinn og varnaraðili viðstaddur en sóknaraðili eigi.

Rjettinum sagt upp.

BSveinsson

Pjetur Jónsson

Sigurður Jónsson

Benedikt Jósepsson

Jakob Jónasarson



Ár 1887, þriðjudaginn hinn 10. dag Maímán. var aukaréttur Þingeyjarsýslu settur og haldinn að Ási í Kelduhverfi af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum til að nefna menn í dóm í landaþrætu milli jarðanna Fjalla og Auðbjargarstaða ^{á eina hlið} og jarðarinnar Lóns á hina. Í réttinum mætti aðili málsins, bæði vegna Fjalla og Auðbjargarstaða, sem eiga land óskift saman, sýslunefndarmaður Erlendur Gottskálfsson í Ási. Lagði hann fram fullmakt dags. 20. Desbr. 1884, og 8. þ.m. og eftirrit af sáttabók Keldunessáttaumdæmis um árangurslausa sáttatilraun í málinu og vísan málsins til merkjadóms. Þessi skjöl einkennast tölul. 1. og 2 og eru svohljóðandi. Fyrir réttinum mætti einnig, ístefndur, varnaraðili hreppstjóri Árni Kristjáns í Lóni fyrir hönd þessar jarðar, sem hann er ábúandi á. Lagði hann fram umboðsskjal dags. 11. Júní 1886 einkennt tölul. 3 svohljóðandi ...

Að svovöxnu máli nefndi sýslumaðurinn þessa 8. menn í dóm:

1. Björn hreppstjóra Jónsson í Sandfellshaga
2. Björn bónda Gunnlögsson í Skógum
3. Indriða bónda Ísaksson í Keldunesi.
4. Pál hreppsnefndaroddvita Jóhannesson í Árnanesi
5. Sigurjón bónda Halldórsson á Kvíslarhóli
6. Þorberg bónda Eiríksson í Syðri-Tungu
7. Jón hreppstjóra Jónsson á Hringveri og
8. Þorberg hreppsnefndaroddvita Þórarinsson á Sandhólum

Skoraði sýslumaðurinn á málsaðila, að nefna hvor um sig 2 menn úr dóminum, og nefndi varnaraðili þá úr.

1. Björn hreppstjóra Jónsson í Sandfellshaga og
2. Þorberg bónda Eiríksson í Syðri-Tungu

En sóknaraðili

1. Indriða bónda Ísaksson í Keldunesi og
2. Pál hreppsnefndaroddvita Jóhannesson í Árnanesi.

Samkvæmt þessu verða dómsmenn auk sýslumannsins:

1. Björni bóndi Gunnlögsson í Skógum
2. Sigurjón Halldórsson á Kvíslarhóli
3. Jón hreppstjóri Jónsson á Hringveri og
4. Þorbergur hreppsnefndaroddviti Þórarinsson á Sandhólum.

Varð það síðan samkomulag að merkjagangan skyldi fram fara Laugardaginn 17. September næstkomandi, og skyldu dómsmenn mættir að Lóni um hádegi nefndan dag. Málsparatar komu sér saman um, að heyra vitni ístefnd. Upplesið.

Rétturinn hafinn.

B. Sveinsson.

E Gottskálfsson

Á Kristjánsson



Pingsvitni:

Björn Árnason

Þórður Jónsson

Ár 1887, laugardaginn hinn 17. dag Septembermán. var aukaréttur Þineyarsýslu settur og haldinn að Lóni í Kelduhverfi af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum. Þess skal getið að Björn bóndi Gunnlögsson í Skógum sem 10. maí síðastl. var nefndur í dóm í landamerkjamálinu milli Lóns[Fjalls] og Auðbjargarstaða á eina hlið og Lóns í Kelduhverfi á hina, hafði tjáð sýslumanninum, að hann sökum forfalla eigi gæti mætt og setið í dóminum. Var því í stað Björns bónda Gunnlögssonar nefndur í merkjadóminn Þórarinn bóndi Björnsson á Víkingavatni, sem var viðstaddur. Málsaðilar, sem einnig voru til staðar höfðu ekkert á móti þessum dómsmanni. Upplesið.

Rétti slitið.

BSveinsson

Réttarvitni:

Guðm Guðmundsson

Þ. Þórarinsson

Ár 1887, Laugardaginn hinn 17. dag Septembermán. var merkjadómur Þineyarsýslu settur og haldinn að Lóni í Kelduhverfi í Landamerkjamálinum milli þeirrar jarðar á eina hlið og Fjalla og Auðbjargarstaða í sömu sveit á hina.

Í dóminum sátu auk sýslumannsins í Þineyarsýslu B. Sveinssonar, eftir útnefningu 10. maí þ.á. og frá í dag.

1. Þorbergur Þórarinsson sýslunefndarmaður á Sandhólum
2. Sigurjón bóndi Halldórsson á Kvíslarhóli Hallbjarnarst
3. Jón hreppstjóri Jónsson á Hringverfi og
4. Þórarinn bóndi Bjarnarson á Víkingavatni.

Rituðu þeir undir svohljóðandi eiðspjall:

Eg Þorbergur Þórarinsson, eg Sigurjón Halldórsson, eg Jón Jónsson og eg Þórarinn Björnsson, lofa og sver, að leysa dómstarfa þann af hendi, sem eg hefi verið kvaddur til, í landamerkjamálinu milli Fjalla og Auðbjargarstaða á eina hlið og Lóns í Kelduhverfi á hina eftir beztu þekkingu og samvizku. Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga orð.

ÞÞórarinsson, Sj. Halldórsson, JJónsson, Þórarinn Bjarnarson

Mættur var í dóminum fyrir hönd Fjalla samkvæmt áður framlagðri fullmakt (tölul. 1.) Erlendur bóndi Gottskálksson í Ási, og lagði hann fram landamerkjaskrá dags. 20. nóvbr. 1885. Einnig var mættur Auðbjargarstaða vegna Ásmundur Jónsson samastaðar samkvæmt fullmakt dags. 21. Sept. 1885. Þessi skjöl einkennast tölul. 4. og 5 og voru upplestin svohljóðandi ... Fyrir hönd jarðarinnar Lóns mætti Árni hreppstjóri Kristjánsson samastaðar, og samkvæmt áður framlögðu umboðsskjali (tölul. 3). Lagði hann fram gjörð dags 1. okt. 1868, þá hina sömu, sem vitnað er til í áteiknun hans á hina



framlögðu landamerkjaskrá sóknaraðila. Þetta skjal einkennist tölul. 6. og var upplesið svohljóðandi ...

Þegar hér var komið málinu gengu dómsmenn og málsaðilar á merkin.

Rétturinn hafinn.

BSveinsson

ÞÞórarinsson

JJónsson

Sj. Halldórsson

Þ. Bjarnarson

Asm. Jónsson

EGottskáلكsson

AKristjánsson

Sama dag var merkjadómurinn í landamerkjamálinu milli Fjalla og Auðbjargarstaða á eina hlið og Lóns í Kelduhverfi á hina, aftur settur á hinum síðastnefnda stað og af hinum sömu dómendum. Eftir að þeir ásamt málsaðilum höfðu gengið á merkin og kynnt sér staðháttu og land það, sem málsaðilar hvor í sínu lagi gera kröfu til, eftir skjölum þeim, sem áður eru nefnd.

Sóknaraðili Erlendur Gottskáلكsson framlagði sóknarskjal dags. í dag, ásamt fylgiskjöllum; einkennast skjöl þessi tölul. 7. og a-f og voru upplesin svohljóðandi ...

Eftir varnaraðili hafði um nokkrar stundir fengið frest til andsvara og skjölin léð, mætti hann aftur í dóminum, og lagði fram vörn í málinu dags. í dag með 5 fylgiskjöllum. Skjöl þessi einkennast tölul. 8 og a-e við tölul. 8. og voru upplesin svohljóðandi ...

Sóknaraðili bað bókað, að hann ekki gæti viðurkennt að vörn varnaraðila raskaði í neinu því er hann hefði framfært í sókn sinni og mótmælti hann enn fremur gildi hinna framkomnu vitnisburða frá hálfu verjanda.

Varnaraðili ítrekaði mótmæli sín gegn gildi vitnisburða og sóknargagna sóknaraðila.

Lögðu svo báðir málsparter málið í dóm.

Málið tekið upp til dóms.

Rétti slitið.

BSveinsson

ÞÞórarinsson

Sj. Halldórsson

JJónsson

Þ. Bjarnarson

EGottskáلكsson

AKristjánsson

Asm. Jónsson

Sama dag var dómurinn enn settur að fáum stundum liðnum, á hinum ^{sama} stað og áður og af hinum sömu dómendum. Var þá í landamerkjamálinu milli Fjalla og Auðbjargarstaða á eina hlið og Lóns í Kelduhverfi á hina, kveðinn upp svolátandi



Dómur:

Sóknaraðilar máls þess, sem hér ræðir um, halda því fram, að hin réttu landamerki milli jarðanna Fjalla og Auðbjargarstaða á einn veg og jarðarinnar Lóns annars vegar myndist af línu þeirri, er gangi úr svonefndum Klofaklettum í gegnum miðjan austari Rifós til sjóar, og aftur suður á bóginn eftir sömu línu upp að Sultagötu og svo til austurs eftir götunni móts við Sjónarhól, þar sem Fjalla og Víkingavatns lönd koma saman.

Aftur hefir varnaraðili krafist þess, að merki þessi séu bein stefna úr Hesthöfða austanverðum skamt fyrir vestan svonefnt Selnes í vestari Rifós til sjóar, og úr hesthöfðanum til suðurs í Haukadalshól þangað sem lönd Víkingavatns og Fjalla mætast.

Dómendur verða nú að álíta að hvorigur af málsaðilum hafi komið fram með lögfulla sönnun fyrir því, að þeir hafi verið eða séu réttir eigendur að þrætulandi því, sem innilykist af þessum merkjalínum. Að vísu hafa þeir hvor í sínu lagi lagt fram nokkur skilríki fyrir því, að hvorn um sig hafi viljað eignast land þetta, en skilríki þessi eru eftir eðli sínu á hvorigan bóginn svo vaxin, að á þeim verði byggður eignadómur, því sem sönnun fyrir eignarétti að lögum verður hvorki talin lögfesta sú sem sóknaraðili einkum hefir viljað byggja á, og því síður mótmæltir óeðfestir utanréttarvitnisburðir einstakra manna sem komið hafa fram frá beggja hálfu, sumpart óákveðnir og sumpart ósamhljóða, og hvað því sérstaklega viðvíkur að varnaraðili hefir haldið fram gildi gjörðar þeirrar, um hin umþrættu merki, sem réttarskjalið tölul. 6 inniheldur, þá getur hún þegar af þeirri ástæðu eigi talist sem eignarheimild til þrætulandsins, að hún er gerð án allrar tilhlutunar frá hálfu eigenda Auðbjargarstaða, sem er 1/6 óskift land úr heimajörðinni Fjöllum, eins og hann líka eftir á hefir mótmælt gerð þessari, sbr. réttarskjalið tölul. f. við tölul. 7. Rannsókn dómendanna á staðháttunum hefir heldur ekki getað gefið þeim neina fasta sannfæringu um það, að þrætulandið í heild sinni tilheyrði fremur einni jörðinni en annari. Hið eina atriði, sem í þessu tilliti virðist verða lögð áherzla á, er það, að á neðri hluta þrætulandsins, hinu svonefnda Selnesi sést garður, sem málaðilar við merkjagönguna viðurkendu að væri hlaðinn af eiganda eða ábúanda Lóns fyrir víst 40 árum til verndar og afnota varphólmum jarðarinnar, þar sem álíta má, að þrætulandið að þessu leyti hafi verið í hefðarhaldi frá Lóns hálfu samkvæmt Jónsbókar landsleigubálk, kapitula 26. Þó þetta sé ekki upplýst í málinu um þrætulandið í heild sinni.

Undir þannig lögðum málavöxtum hefir dómurinn komizt til þeirrar niðurstöðu, að skifta beri þrætulandinu með hliðsjón af því, sem nú var sagt, samkvæmt grundvallarreglunum í landamerkjalogunum 17. marz 1882, þannig, að landamerkjalinan á hinu umþrætta svæði skuli vera bein stefna úr vestari garðsendanum í Selnesi yfir mitt skerið vestan við austasta Rifós og þaðan til sjóar og suður á við aftur frá garðsendanum sömu beinu stefnu í Sultagötu og svo til austurs eftir götunni móts við Sjónarhól þar sem lönd Víkingavatns og Fjalla koma saman. Eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að greiðast að jöfnu af báðum málsaðilum.

Því dæmist rétt að vera:

Landamerkjalinan á þrætulandinu á milli jarðanna Fjalla og Auðbjargarstaða á enn veg og jarðarinnar Lóns hinsvegar skal vera bein stefna úr vestari garðsendanum í Selnesi yfir mitt skerið, vestan við austasta Rifós og þaðan til sjóar, og suður á við aftur frá garðsendanum sömu beinu stefnu í Sultagötu og svo til austurs eftir götunni móts við Sjónarhól þar sem lönd Víkingavatns og Fjalla koma saman. – Dagpeningar dómsmanna samtals 45 kr. auk ferðakostnaðar oddvita eftir reikningi og annan málskostnað borgi málsaðilar að helmingi hvor.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dómurinn var upplesinn í réttinum. Varnaraðili var viðstaddur en sóknaraðili eigi.

Dóminum sagt upp.

BSveinsson

ÞÞórarinsson

Sj. Halldórsson

JJónsson

Þorarin Bjarnarson



[Presthólar og Brekka]

Ár 1887 Miðvikudaginn hinn 11. dag Maímán. var aukaréttur Þingeyjarsýslu settur og haldinn að Brekku í Núpasveit af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskriftuðum vottum, til að nefna menn í dóm í landaþrættunni milli prestssetursins Presthóla og jarðarinnar Brekku.

Mættur var í réttinum aðili málsins presturinn séra Halldór Bjarnason í Presthólum. Framlagði hann kæru til sáttanefndarinnar í Presthólasáttaumdæmi dags. 15. Júlí 1886 áteiknaða um árangurslausa sáttatilaun og vísan málsins til merkjadóms, og enn fremur framlagði hann Beneficium processus gratuiti dags. 23. Septbr. f.á. Eru skjöl þessi einkend tölul. 1. og 2. svohljóðandi

Einnig var mættur í réttinum ístefndur, varnaraðili málsins Ingimundur hreppstjóri Rafnsson eigandi og ábúandi jarðarinnar Brekku.

Nefndi síðan sýslumaðurinn þessa 8 menn í merkjadóm, sem nú skal greina:

1. Guðmund bónda Jónsson á Grjótnesi
2. Geir bónda Gunnarsson á Harðbak
3. Árna sýslunefndarmann Árnason á Höskuldarnesi
4. Þorstein bónda Þorsteinsson á Daðastöðum.
5. Björn hreppstjóra Jónsson á Sandfellshaga
6. Sigfús bónda Einarsson á Ærlæk.
7. Sigurð bónda Gunnlögsson á Ærlækjarseli, og
8. Ágúst Þorsteinsson veitingarmann á Raufarhöfn

Skoraði sýslumaður á málsaðilana að nefna hvor um sig 2 menn úr dóminum, og nefndi

varnar^{sóknar} aðili úr

1. Björn hreppstjóra Jónsson í Sandfellshaga og
2. Sigurð bónda Gunnlögsson í Ærlækjarseli

En varnaraðili nefndi úr

1. Geir bónda Gunnarsson á Harðbak og
2. Þorstein bónda Þorsteinsson á Daðastöðum

Samkvæmt þessu verða dómsmenn auk sýslumanns

1. Guðmundur bóndi Jónsson á Grjótnesi
2. Árni Sýslunefndarmaður Árnason á Höskuld^{stöðum}^{nesi}
3. Sigfús bóndi Einarsson á Ærlæk og
4. Ágúst Þorsteinsson veitingamaður á Raufarhöfn.

Kom málsþörtum þvínæst saman um, að merkjagangan skyldi fram fara miðvikudaginn hinn 14. dag Septembermánaðar næstkomandi, og skyldu dómsmenn mæta að Presthólum nefndan dag kl. 8. f.m.

Upplesið

Rétti slitið.

B. Sveinsson

Halldór Bjarnarson



G Rafnsson

Réttarvitni:

Björn Árnason

Skúli Þorsteinsson

Ár 1887, miðvikudaginn hinn 14. dag Septembermán. var merkjadómur Þingeyarsýslu settur að Presthólum í Núpasveit í landamerkjamálinu millum þeirra jarðar og Brekku í sömu sveit.

Í dóminum sátu auk sýslumannsins í Þingeyarsýslu B.Sveinssonar, eftir útnefningu 11. maí þ.á.

1. Sigfús bóndi Einarsson á Ærlæk
2. Guðmundur bóndi Jónsson á Grjótnesi
3. Árni sýslunefndarmaður Árnason í Höskuldarnesi
4. Ágúst veitingamaður Þorsteinsson á Raufarhöfn

Rituði þeir undir svohljóðandi eiðspjall:

Eg Sigfús Jónsson Einarsson, eg Guðmundur Jónsson, eg Árni Árnason og eg Ágúst Þorsteinsson lofa og sver að leysa dómstarfa þann af hendi, sem eg hefi verið kvaddur til í landþrætunni milli Presthóla og Brekku í Núpasveit eftir beztu samvizku og þekkingu. Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga orð.

Sigfús Einarsson

Guðm. Jónsson

Árni Árnason

ÁÞorsteinsson

Fyrir hönd sóknaraðila séra Halldórs Bjarnarsonar í Presthólum mætti cand. philos. Skafti Jósefsson á Akureyri, samkvæmt umboðsskjali frá norður- og austuramtinu dags. 17 f.m. var það eink. tölul. 3 og uppleið svohljóðandi.

Varnaraðili Ingimundur hreppstjóri Rafnsson á Brekku var sjálfur mættur.

Þegar hér var komið málinu gengu dómsmennirnir á merkin og málsaðilar.

BSveinsson

ÁThorsteinsson

Sigfús Einarsson

Guðm. Jónsson

Árni Árnason

Skapti Jósefsson

G Rafnsson

Ár 1887, Fimmtudaginn hinn 15. dag Septembermán. var merkjadómurinn í landþrætumálinu milli Presthóla og Brekku í Núpasveit, aftur settur á síðarnefndum stað og skipaður af hinum sömu dómendum.

Eins og þegar er sagt, gengu dómsmenn á merkin í gærðag og ásamt málsaðilum, og kynntu sér staðháttu og land það, sem þrætan er um, og höfðu jafnframt til hliðsjónar aðalskjöl málsins sem innihalda örnefni þau, sem þrætan miðar sig við.



Mættur var í merkjadóminum umboðsmaður sóknaraðila cand. philos. Skafti Jósefsson, og lagði hann fram sókn dags. í dag með 10 fylgiskjölum, er sókn þessi einkend tölul. 4 með fylgiskjölunum A-K og voru skjöl þessi upplesin svohljóðandi. Innlét hann svo málið til dóms með aðgættu að hann fastlega haldi fram, að hann ekki hafi meint að vilja í nokkru meiða virðingu hins háttvirta dómara í umtali sínu hvað áreiðina snerti.

Varnaraðili var sjálfur mættur, og lagði hann fram varnarskjal dags. 8. þ.m. með 5 fylgiskjölum; voru þau einkend tölul. 5 og a, b, c, d, e við tölul. 5 og uppl. svohljóðandi: Ennfremur athugaði varnaraðili, að þar sem sóknaraðili hefði lýst yfir óánægju sinni yfir áreiðargjörðinni og komið fram með ýmsar nýjar kröfur, þá óskaði hann framhaldsáreiðar eða að áreiðin yrði endurtekin svo að sér gæfist kostur á, að koma fram með nýjar upplýsingar gegn því, sem framfært er af hálfu sóknaraðila.

Sóknaraðili lagði fram bréf frá prófasti Guttormi Vigfússyni dags. 30. Okt. 1885, sem tilkynnir bréf stiftsyfirvaldanna dags. 22. Sept. s.á. Var það einkennt tölul. 6 og upplesið svohljóðandi.

Sóknaraðili bað ennfremur bókað í tilefni af bréfi þessu, að hann neitaði öllum þeim kröfum, sem byggðar væru á aðgjörðum séra Þorleifs Jónssonar í þessu máli, meðal annars fyrir sakir þess, að hann sjálfur ekki hafi riðið á landið nema ef verið hefði að nokkru leyti. Hvað það snerti, að þótt nefnt væri Bláskriðuhorn, þá neitar sækjandinn að það sé að nokkru öðru nýtt, en því, að það ekki hafi áður verið nefnt í landamerkjabréfinu, en sé í beinni stefnu við merkja línuna í útaustur (norðaustur).

Málið tekið upp til úrskurðar eða dóms.

Dóminum sagt upp.

BSveinsson

Arni Arnason

Guðm. Jónsson

Sigfús Einarsson

ÁThorsteinsson

Skapti Jósepsson

G Rafnsson

Sama ár og dag var merkjadómurinn aftur settur á hinum sama stað og af hinum sömu dómendum, stundu síðar og uppkveðinn svolátandi

Úrskurður

Varnaraðili hefir óskað þess, að framhaldsmerkjaganga fram fari í þessu máli, og sóknaraðili hefir ekki haft á móti þessari kröfu hans, heldur miklu framar leitast við, að vefengja merkjagönguna.

Dómsmenn komust og að raun um það í gærðag, að svo langur vegur og torsóttur er austur að Ormsá og milli örnefna þeirra allra, sem málsaðilar eftir hinum framkomnu skjölum, styðja kröfur sínar við, að einn dagur ekki hrekkur til nákvæmrar merkjagöngu á svo stóru svæði, nema þá væri björt nótt, en oddviti merkjadómsins hefir öðrum fyrirfram ákveðnum réttarhöldum að gegna, því

Úrskurðast:

Framhaldsmerkjaganga skal fram fara í þessu máli. Málsaðilar komu sér saman um, að oddviti merkjadómsins ákveði hvenær merkjagangan skuli verða, og tilkynna hana öllum hlutaðeigendum.

Dóminum sagt upp.

BSveinsson

ÁÁrnason



Sigfús Einarsson
Guðm. Jónsson
ÁThorsteinsson
Skapti Jósepsson
G Rafnsson

Ár 1888 þriðjudaginn hinn 26 Júní var aukarettur Þingeyarsýslu settur og haldinn á Raufar höfn af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskriftum vottum til þess að láta Friðbjörn Bjarnason á Raufarhöfn staðfesta skriflegan vitnisburð í landamerkjamálinu milli Presthóla og Brekku dagsettan 25. Júní þ.á. ^{eftir ósk hins skipaða sækanda.} Mætti fyrir rettinum Friðbjörn Bjarnarson Raufarhöfn 46 ára að aldri var hann áminntur um sannsögli og brýnd fyrir honum helgi eiðsins, var því næst lesinn upp fyrir honum ofangreindur vitnisburður og kannast hann við, að hann hafi gefið hann og að hann sé sannleikanum samkvæmur, en getur þess jafn framt að hann með orðunum „Voru landamerki milli etc.“ meini að sér hafi verið gefið leyfi fyrir landinu innan þessara ummerkja, og að hann hafi notað það óátalið, en hitt viti hann ekki, og hafi ekki rannsakað, hvort þetta hafi verið rétt í sjálfu sér; og eins athugar hann um örnefnið „Bláskriðuhorn syðra“ að hann hafi heyrt gjörðan greinar mun á ytra og syðra Blaskriðu horni: Umboðsmaður verjanda, sem og var til staðar óskaði þessar gagnspurningar væru lagðar fyrir vitnið: X

1. „Vissi vitnið að Prestholar ættu landið, sem prestar staðarins leyfðu honum að byggja?“
2. „Álítur vitnið að Hólssel og landið þar framundir sé ~~fr~~ til forna og að réttu eign Presthóla?“
3. Þekkir vitnið Presthóla og Brekkusel?“

Vitnið svarar ~~fr~~ 1 spurningu: „Nei“

Annarri spurningunni svarar vitnið þannig: „Að ^{það álíti að} upprunalega ~~hef~~ ^{hafi} það ekki verið land Presthóla heldur Hóls á Sléttu, eftir því, sem selin til ~~vita~~ vísa.

Þriðju spurningunni svarar vitnið svo: Að það þekki ~~Brekkusel~~ Presthólasel, og Brekkusel hafi það einu sinni komið á og muni geta fundið það.

Í tilefni af þessum gagnspurningum, óskaði sækandinn vitnið að spurt. 1. Hvort að það vissi til, að landið kringum Brekkusel, hefði fyr eður síðar verið notað frá Brekku? Þessari spurningu svarar vitnið neitandi. 2. Hvort vitnið þekki Snartastaðasel? Og svarar ~~vitið~~ ^{vitnið} því, að það þekki það eftir sögn og sé ^{það} rétt fyrir sunnan Hólssel nokkuð frá Ormarsa en um land Snartastaða að þessu seli viti hann ekki. Loks beiddi verjandinn vitnið aðspurt: hvort það þekkti ~~Valbjófsstaðasel~~ fleiri sel, og sagðist það þekkja Efri-Hólasel í Efri-Hólalandi, og Arnarstaðsel í Arnarstaðalandi. Þenna vitnisburð vitnisins toku báðir málsaðilar gildan ~~se~~ eins og hann væri eiðfestur. Upplesið. Játað rétt bókað.

Rétti slitið.

B. Sveinsson

Réttarvitni:

P Lund

Á Árnason



Ár 1888 miðvikudaginn hinn 27 Júnímán var merkjadómurinn aftur settur að Brekku í Núpasveit í landþrætumálinu milli þessarar jarðar og Presthóla, og var dómurinn skipaður hinum sömu dómendum sem áður. Að vísu vildi, presturinn sera Halldór Bjarnarson á Presthólum, ryðja einum dómsmanni Guðmundi bónda Jónssyni á Grjótnesi úr dóminum og lét í því tilliti leggja fram mótmæla skjal, sem var upplesið og einkennt tölulíð 7. svo hljóðandi: en er hann aðeins byggði á því, að hann (presturinn) hefði kært hann um skuld, er dómsmaðurinn vildi ekki góðfúslega greiða, gat slík renging í þessu máli, sem er alveg ópersónulegt og viðkemur jörðinni Presthólum, ekki til greina tekizt, enda gjörði hinni skipaði málafærslumaður hana ekki að sinni eign.

Þess skal getið, að oddviti merkjadómsins hafði með bréfi dagsettu 16. þ.m. samkvæmt því, sem ákveðið var að merkjadóminum 15 dag Septembermán f.á. kvatt dómsmenn og málsaðila saman, til framhaldsmerkjagöngu þann 25 þ.m. og mættu þeir allir ásamt oddvita á tilteknum stað og stundu um hádegi, við Ormarsá nefndan dag, þar sem Hólaheiðarvegur liggur yfir hana; voru þar og saman komnir 3 menn, kunnugir staðháttum og örnefnum, sem vitni: Sigurður Ásmundsson Katastöðum, Hans Vilhjálmur Guðmundsson á Grasgeira og Jón Jónsson frá Bleikalóni. Var síðan frá þeim stað, sem er nálægt landamerkjum Presthólalands að sunnanverðu byrjuð framhaldsmerkjagangan, og henni framhaldið alla leið niður með Ormarsá, til Presthólasels, frá Presthólaseli til Brekkusels, frá Brekkuseli til Hólssels, sem öll sjást glöggt og liggja vestan við Ormarsá og svo allt að örnefni því, „Bláskriðuhorni“, sem sækjandi krefst að afmarki Presthólalands að norðanverðu, upp til heiðar, móts við Brekku með beinni línu þaðan ^{í Konguás í suðvestur og þaðan í vestur (réttvísandi)} í hinn svonefnda Brúarsporð, sem er viðurkennt landamerkja örnefni niður á milli bæjanna Presthóla og Brekku. Þar sem verjandi málsins, aftur heldur því fram, að hin réttu landamerki milli jarðanna sé bein lína úr Brekkuseli við Ormarsá í nefndan Brúarsporð. – Með því þessi dagur ekki entist til þess, kynntu dómendur sér aftur í gærðag að neðanverðu, afstöðu hinna umgetnu örnefna og staðhættina yfir höfuð til ^{yfir}eftirhlits og glöggvunar, á leið frá Raufarhöfn þar sem þeir höfðu náttstað, og leitt var vitni málinu til upplýsingar.

Mætti fyrir réttinum verjandi málsins sýslunefndarmaður ^{Þor}Bergur Þórarinsson Sandhólum samkvæmt umboðsskjali ^{er var upplesið} svohljóðandi: einkent tölul. 8. Skilaði hann skjölum málsins, er höfðum höfðu verið léð tölul. 1-6 incl. og lagði fram ennfremur vörn dagsetta 26 Júní þ.á. ásamt 6 fylgiskjöllum, þessi skjöl voru upplesin og einkend tölul. 9 a, b, c, d, e, f svo hljóðandi: Mættu þvinæst fyrir réttinum vitnið, sem gefið hafði vitnisburðinn tölul 9 c og kannaðist hann við að hafa gefið og undirskrifað þenna vitnisburð og kveðst vera reiðubúinn að staðfesta hann með eiði ef krafist verði: Oskaði verjandi að þetta vitni væri ennfremur aðspurt.

1. Kannast ekki vitnið við, að sel það sem vitnisburður þess ræðir um, sé það sama sel, er hann sýndi við áreiðargjörðina 25 þ.m. fyrir Brekkusel?
 2. Þekkir vitnið, eða veit það til, að Presthólar eigi selför austan við Ormarsá?
 3. Þekkir vitnið mörg sel við Ormarsá? og hvoru megin árinna eru þau? Og í hveðrar jarðar landi álitur vitnið að hvert sel sé fyrir sig?
 4. Í hvers jarðar landi er hið svokallaða Hólmavatn?
1. spurningu svarar vitnið: „Já“.
 2. spurningu svarar vitnið: að hann viti ekki til, að Presthólar eigi neina selför fyrir austan Ormarsá“.
 3. spurningu svarar vitnið þannig: „Þrjú, Presthólasel, Brekkusel, og Hólssel, vestan við Ormarsá, Presthólasel í Presthólalandi, Brekkuseli í Brekkulandi; og Hólssel í Hólslandi“.
 4. spurningu svarar vitnið þannig: „Raufarhafnarlandi“.



Sækjandinn óskaði að fyrir vitnið væru lagðar þessar gagnspurningar:

1. Veit vitnið til að Brekka hafi notað landið í kring um Brekkusel, fyrr eða síðar?
 2. Þekkir vitnið Snartastaðasel, og hvar er það?
 3. Þekkir vitnið ekki „Galthólmana“ eða veit hvar þeir liggja?
 4. Var vitnið hjá Jóni Benjamínssyni í Kumlavík, er hann var í Grasgeira? og hvað gamall þá?
-
1. spurningunni svarar vitnið, „Nei „Ekki svo f vitnið veit.“
 2. spurningunni svarar vitnið, „neitandi“.
 3. spurningunni svarar vitnið „neitandi“.
 4. spurningunni svarar vitnið „jåtandi þá herumbil að hann mynnir 28 ara gamall.

Mætti þá fyrir réttinum vitnið sem gefið hafði vitnisburðinn, sem merktur er tölul. 9. a. eftir að hann var áminntur um sannsögli kannaðist hann við að hafa gefið vitnisburðinn og kveðst vera reiðu búin að staðfesta hann með eiði ef krafist yrði. Þá óskaði verjandinn að lagðar væru fyrir vitnið allar hinar sömu 4. spurningar, sem lagðar voru fyrir undangangandi vitni: og svarar hann þeim þannig:

1. spurningu svarar vitnið: „jåtandi“
2. spurningu svarar vitnið „hann kveðst aldrei hafa ~~hef~~ heyrt þess getið.“
3. spurningu svarar vitnið: „þrjú Efri Hólasel, Prestholasel og Brekkusel og er það fjórða Arnarstaðasel, Hólssel og Snartastaðasel teli hann ekki við ána: ~~spurningunni svarar vitnið séu~~ þau öll vestan við ána vitnið telur Arnarstaðasel í Arnarstaðalandi, Efri Hólasel í Efri Hólalandi, Prestholasel í Presthólalandi; ^{um} Brekkusel ~~segist~~ ^{vísar} hann ~~hæ~~ til vitnisburðarins.
4. spurningunni svarar vitnið: Í Raufarhafnarlandi eftir sem hann bezt veit.

Þá óskaði og sækjandinn að gagnspurningarnar N^o 1 og 3 séu lagðar fyrir vitnið.

Fyrri spurningunni svarar vitnið neitandi og sömuleiðis hinni síðar töldu.

Loks óskaði sæk^{ver}jandinn vitnið að spurt. Í hvefrrar jarðarlandi það hefði heyrt, að Hólssel hefði verið til forna. Vitnið svarar í Hólslandi. En í tilefni af þessari spurningu óskaði sækjandi vitnið gagnspurt að þessari spurningu: † Af hverjum Hólsselsland hefði verið brúkað í tíð sera Hjálmars Þorsteinssonar og séra Stefáns Jónssonar. Þessu svarar vitnið, að ábúandinn í Hólsseli hafi brúkað Hólsselsland í tíð Hjálmars sal Þorsteinssonar með hans leyfi, og húsmáðurinn ^{Lárus Guðmundsson} Grasgeira í sera Stefáns Jónssonar tíð, með hans leyfi.

Mætti fyrir réttinum vitnið sem gefið hafði vitnisburðin N^o 9. b. var hann áminntur um sannsögli, og kannaðist hann við að hafa gefið vitnisburðinn, og kveðst vera reiðu búin að staðfesta hann með eiði ef krafist yrði. Einnig óskaði verjandinn að spurningarnar 1-4 væru lagðar fyrir vitnið.

1. spurningunni svarar vitnið ~~neitandi~~ jåtandi
2. spurningunni svarar vitnið, neitandi
3. spurningunni svarar vitnið þannig að hann þekki 3 sel er hann kalli við Ormarsá Presthólasel, Brekku sel og Hólasel, séu þau vestan við ána og álíti hann Presthólasel í Prestholalandi, Brekkusel í Brekkulandi og Holssel í Hólslandi.
4. spurningunni svarar vitnið: að ~~það~~ hann á liti ~~að~~ ^{eftir því sem} hann viti til þá sé Holmavatn í Raufarhafnarlandi.



Sækjandinn óskaði vitnið gagnspurt, að þeim sömu spurningum 1-4 sem lagðar voru fyrir Hans Guðmundsson tölul. 9. c.

1. spurningunni svarar vitnið þannig: að eigandi Brekku hafi leyft að nota Brekkuland svo langt, sem það næði leiguliðanum á Grasgeira, en það hafi hingað til verið óákveðið.
2. spurningu svarar vitnið, að hann hafi aðeins heyrt getið Snartastaðasels en viti ekki hvar það sé.
3. spurningunni svarar vitnið neitandi; hann segist hafa heyrt Galthólma nefnda í Ormarsá en viti ekki hvar þeir séu, og athugar viðvirkjandi því, að hann minni að hann hafi heyrt talað eða lesið við áreiðargerðina uppí skjali eftir Lára Guðmundsson, að Galthólmar þeir, er hann svo væru nefndir svo væru ættu að vera 3 þá en þeir væru þeir 4, hann segir að sig minni að hann hafi heyrt þetta lesið upp úr skjalið eður þá í öllu falli haft á orði við áreiðina.
4. spurningunni svarar vitnið, játandi, og að sig minni að hann hafi verið á 9unda árinu er hann kom þangað, og verið þar í 2 eða 3 ár, honum samtíða Jóni Benjamínssyni.

Eftir að því næst helgi eiðsins hafði, verið brynd fyrir vitnunum, og hin lögskipaða áminningarræða hafði verið lesin upp fyrir þeim, staðfestu þeir framburð sinn hver í sínu lagi með laganna eiði: Þegar hér var komið málinu það sækjandi að skjölin yrðu sér léð og honum veittur stundar frestur til andsvara, skjölin léð og fresturinn veittur. Réttinum frestað.

BSveinsson

Á Árnason

Guðm. Jónsson

S Einarsson

ÁThorsteinsson

Sama dag var var rétturinn aftur settur af sömu dómendum á samastað að stundu liðinni. Skilaði sækjandi skjölum málsins, og lagði fram framhaldssókn sem upp lesin var og einkend tölul. 10 með 11 fylgiskjöllum A-H og hljóðaði þannig svohljóðandi: Mætti fyrir réttinum vitnið Þorlákur Einarsson á Efriholum sem gefið hafði vitnisburðinn tölul. 10. A. var hann upplesinn fyrir honum og kannaðist hann við að hafa gefið hann og kveðst geta staðfest hann með eiði ef krafist yrði. Verjandinn óskaði vitnið gagnspurt útaf þessum vitnisburði.

1. Fyrir hverrar jarðar landi álitur vitnið að hinir umræddu Galtholmar liggi? Vitnið svarar: Að það viti það alls ekki.
2. Veit vitnið til að Hólssel hafi upprunalega verið byggt með leyfi Presthola prests? Þessari spurningu svarar vitnið neitandi.

Mætti þá fyrir réttinum vitnið Hólmkell Jónsson, sem gefið hafði vitnisburðinn tölul. 10. B. var hann upplesinn fyrir honum og kannaðist hann við að hafa gefið hann, og kveðst geta staðfest hann með eiði, ef krafist yrði.

Verjandinn óskaði vitnið gagnspurt að hinum sömu spurningum, sem lagðar voru fyrir undan gangandi viti. Og svarar vitnið spurningu 1 „Að hann átili [áliti] að Galthólmar liggi fyrir Hólsselslandi.“ – Annarri spurningunni svarar vitnið: „Að hann viti það ekki, því það hafi verið fyrir sitt minni.“ Eftir að því næst helgi eiðsins hafði verið brynd fyrir vitnunum, og hin lögskipaða áminningarræða hafði verið upplesinn fyrir þeim, staðfestu þeir framburðinn hver í sínu lagi með laganna eiði. Lag lagði hinn skipaði sækjandi því næst málið í dóm með vanalegum fyrirvara.



Verjandi málsins, eður umboðsmaður hans, mótmælti sönnunargyldi skjala þeirra sem framkomu af sækjandans hálfu, og sérstaklega neitaði hann gyldi þeirrar lögfestu í heild sinni, sem nú hafði verið fram lögð in originali af sækjandanum fyrir sakir þess, að sækjandinn viðurkendi sjálfur, að bætt væri inni hana með öðru bleki þessum orðum: „Selför austan ána og Hólmavatn.“ og einnig bað hann bóka að hann skoraði á sækjanda málsins, að hann fram leggi í réttinn, fulla laga sönnun fyrir þeirri heimild, sem prestar Presthóla hafi haft til að byggja eður leigja Hólsselsland. Loks ítrekaði hann þá réttar kröfu, að eigandi Brekku, verði frýðæmdur fyrir öllum kostnaði þessa máls, og það því fremur, sem frá hálfu Presthóla presta hafir verið hafnað öllum sáttarboðum frá eiganda Brekku, og aukheldur þeim, þó hann hafi boðið að, afstanda parti af landi eignarjarðar sinnar.

Lagði hann síðan málið í dóm með vanalegum fyrirvara.

Sækjandinn mótmælti einnig frá sinni hálfu því sem þannig hafði verið bókað, og lagði málið einnig í dóm.

Var málið þannig tekið til dóms.

Rétti slitið

BSveinsson

ÁÁrnason

Guðm. Jónsson

S Einarsson

ÁThorsteinsson

Skapti Jósepsson

ÞÞórarinsson

Ár 1888 föstudaginn hinn 29. júní mán. var merkjadómur Þingeyarsýslu ~~eftur~~ settur að Brekku í Núpasveit af sýslumanni B. Sveinssyni hinum sömu dómendum sem aður, í landaþrætumálinu milli þessarar jarðar og Presthóla. Þess skal getið að dómsmennirnir kynntu sér nákvæmar örnefni og afstöður þær, sem mál þetta veltur á, í gærðag, með hjálpar meðulum þeim, er hér voru fánleg: Mælingarborði og kompás. Var í máli þessu að viðstöddum malsaðilum kveðinn upp svolatandi

Dómur:

Í landaþrætumáli því, sem hér ræðir um fer hinn skipaði sækjandi málsins, fyrir hönd sóknaraðila prestsins Halldórs Bjarnarsonar á Presthólum, því fram (sbr. réttarskjal tölul. 4) að landamerki milli Presthóla og Brekku, verði dæmd að vera, hinn forni farvegur Klapparóss við Klapparhamar, að Brúarsporði, frá Brúarsporði ráði bein lína í austur í vörðu, er hlaðin verði á Könguási, þaðan ráði bein lína norðaustur (útaustur) til Ormarsár gagnvart Blaskriðuhorni, og hefir sækjandi viðvíkjandi orðunum: austur og norðaustur, gefið þá nákvæmari skýringu, að hann með þeim, meini réttvísandi austur og norðaustur, eður austur og norðaustur eftir sólarhæð. – Varnaraðili hefir þarámóti krafist, að landamerkin verði ákveðin frá sjó hjá Klapparósi, þaðan í Brúarsporð, og þá beina stefnu yfir Könguás til Ormarsár, þar sem Brekkusel fyrirfinnst. Eftir þessu meiga örnefnin Klapparós og Brúarsporður, álitast viðurkend millum malsaðila, því hinn forni farvegur, verður að álitast, þar sem ósinn fellur að klöppinni í Klapparhamri.

Ágreiningurinn millum sóknar og varnar aðila er því innifalinn í því, hvort landamerkin skuli ákveðinn með boginni línu (austur, útaustur) yfir Könguás til Blaskriðuhorns, eður með beinni línu yfir Könguás, sem er all-langur ás liggjandi sem næst frá suðri til norðurs, til Ormarsár þar sem Brekkusel



stendur við hana. Þrætulandið verður þannig þríhyrningur, sem myndast af þessum tveim þrætulínum málsaðila, og svo Ormarsá að austan, en hún fellur, sem næst til réttvísandi norðurs frá örnefninu Brekkusel til Bláskriðuhorns; enda hefir á þessi þá aðalstefnu frá upptökum sínum á Axarfjarðarheiði allt til sjáfar út.

Af þessu er það auðsætt, að aðalstefna þrætu landsins, er þannig takmarkast af Ormarsá, og gengur í odda frá henni að heita má, niður á milli bæjanna Presthóla og Brekku, eigi skemmri leið en 3 mílur, liggur frá austri til vesturs en ekki frá norðri til suðurs.

Eftir að dómurinn ^{nú hefir} með merkjagöngunni nákvæmlega skoðað hinar umræddu merkjalínu málsaðila, hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að merkja lína varnar aðila sé eftir afstöðu og staðháttum, eðlileg landamerki milli Brekku og Presthóla. Hin beina lína úr Brúarsporði yfir Könguás í Brekkusel, verður sem mest í austur, og sýnist eftir staðháttunum, að svo eigi að vera, þar sem eins og áður er sagt, að Ormarsá liggur sem næst frá norðri til suðri, en Núpasveit eða jarðir þær, sem hér ræðir um liggja í vestur frá Ormarsá (sem næst undan miðju árinna) og þar sem nú að Brekkuselin fyrirfinnast við ána á þessari línu, og það ekki getur komið í bága við merkja línur Presthólalands að sunnan, þar sem sú lína stefnir alls eigi utar en í austur, og að öðru leyti að landið frá Presthólaseili, sem engum vafa er undir^{orpið} að er í Presthólalandi og til Brekkusels, er talsvert breiðara en land sömu jarðar við sjóinn, sem eftir afstöðu landanna virðist að eiga að vera, þar sem heiðar landið er miklu breiðara en heima land jarðarinnar, þá virðist það einnig mæla með hinni áminnstu merkjalínu. – Þar á móti hefir það verið upplýst við merkjagönguna, að landamerkjálína sækjanda, verður óeðlileg, bæði eftir staðháttum og kröfum hans, því línan í útaustur, sem sækjandi hefir leitast við að sanna, að væri sama og réttvísandi norðaustur, myndi lenda á sjó út norðan við Ormarsárós og þannig aldrei snerta ána og því síður Bláskriðuhorn, sem er sem næst tveim mílum sunnar en Ormarsárós.

Þannig er það upplýst, að hvort heldur að tekið er tillit til átta stefnunnar, norðausturs, eða Bláskriðuhorns sem að öðruleyti hvergi er nefnt á nafn í hinum aðallegu skjölum málsins, þá er hér um svo mikið millibil að ræða, að dómurinn fær eigi séð, að hvorttveggja þetta, geti samrýmst, í einni og sömu réttarkröfu sem verði til greina tekinn.

Þegar ennfremur er litið til heimildar skjala þeirra, sem málsaðilar, hvor í sínu lagi byggja eignarrétt sinn á til þrætulandsins, þá fær dómurinn ekki betur séð, en verjandinn hafi við ólíkum mun gildari eignar skilríki að styðjast. Afsals bréf varnaraðila (réttarskjal c við tölul. 5) sbr. réttarskjal F við tölul. 9.) virðist vera gillt og gallalaust eignarskjal að lögum, enda getur dómurinn eigi litið öðruvísi á, en að gildi þessa heimildarskjals, styrkist mjög við lögfestu þá fyrir Brekku, sem bæði varnaraðili og sóknaraðili hafa framlagt (sjá réttarskjal tölul. 5. e. sbr. réttarskjalíð tölul. 4. C.) og sem ber með sér, að hún (lögfestan) margsinnis hafi verið mótmælalaust þinglesin, á árabílinu frá 9 Júní 1752 – 9 Júlí 1812 eður í rúma hálfu öld, því landamerkja örnefni þau, sem tilgreind eru í afsalsbréfinu eru öll hin sömu og þau, er standa í lögfestunni, með þeirri einu viðbót, „einnig selför þar við ána“, því þessi viðbót „þar við ána“, virðist aðeins að inni halda nákvæmari tiltekning á því hvar landamerkja línan lendir við Ormarsá, og það því fremur, sem það er upplýst við merkjagönguna, og lögfullar skýrslur fleiri vitna að seltoftir þær, sem verjandi miðar merkjalínu sína við austur við Ormarsá, eru enn þann dag í dag nefndar „Brekkuusel“. Að öðru leyti skal það athugað, í þessu sambandi að merkjalína þessi, gengur eins og áður er sagt frá Brúarsporði, sem næst til réttvísandi há austurs að Ormarsá, og sest glöggast á á því, að með orðunum: „Allt norður að Ormarsá“, í skjölum þessa máls yfir höfuð hvort heldur frá hálfu sækjanda eður verjanda, ekki getur verið meint norðurátt, en kemur heim við það, sem menn enn í daglegu tali kalla svo jöfnum höndum, austur, útaustur eða norður, svo sem austur í Þistilfjörð og norður á Langanes, þó um þá staði sé að ræða, sem liggja í sömu beinni



réttvísandi austurátt, (sambr. réttarskjölin tölul. 4.B. og tölul. 5. e.); orðin: „austur í Ormarsá“ og: allt norður í Ormarsá“. – Það skal ennfremur tekið fram, að það getur ekki eytt gildi hinna um getnu heimildarskjala, þó það álitist sannað í málinu, að eigandi Brekku ekki á seinni árum, eða svo menn muni, hafi yrkt eða notað land það sem að Brekkuseli liggur, því eignarrettir til lands veikist eigi við afnotaleysi eigandans, eitt sér, heldur við afnot annars manns jafnhliða því, en þar eru alls ekki sönnuð í þessu máli.

Að því er aftur á hinn bóginn snertir eignar sannanir sækjandans til þrætu landsins þá fær dómurinn eigi séð, að þær geti orðið teknar til greina, áminnstum heimildar skjölum verjandans til hnekkis. Aðalsóknargagn sækjandans, lögfesta S^{era} Stefáns Þorleyfssonar fyrir Presthólum, sem sækjandinn leggur áherzlu á, að þinglesin hafi verið á Presthóla manntalsþingum árin 1751 – 1771, fimmtán sinnum og síðar; virðist meira að segja rétt skilin, ekki koma í bága við þau með tilliti til lands þess, er að Brekkuseli liggur, því orðin í þessu skjali tákna línuna austur að Ormarsá, að þessu örnefni með svo óverulegum orðamun, að ekki verður á honum byggt til ágreinings, enda ber þess vel að gæta, að það er óskiljanlegt að sami maðurinn (í allastaði eftir sögn, merkur embættismaður) gæti sem eigandi Brekku lögfest það land sem hennar eign, er hann jafnhliða og sama ár (svo sem 9 Júní 1752) lögfesti Presthólum sem beneficiarius staðarins fyrir einum og sama manntalsþingsrétti. Það að lögfesta sækjanda, auðsjáanlega vill með orðunum: „Eirnen Galtholmana þar útí anni, øg Selför austan anna og Hólmavatn“ tileinka Presthólum annað og meira en það, sem táknað er með hinni umgetnu merkjalínu að Brekkuseli við Ormarsá, þá getur það alls ekki, haggð þessari niðurstöðu, því það er auðsætt, að þetta þrennt er talið sem ítök í annars manns landi, enda hefir sækjandinn sjálfur, með því að leggja fram original lögfestuna fyrir Presthólum (sjá réttarskjal 10.L.) sýnt framá, að orðin: „Selför austan ána og Hólmavatn“, sé seinna (enginn veit hvenær) skotið inni með öðru bleki og jafnvel með annarri hönd eins og lögfestan sjálf ber með sér, og þessu atriði til enn frekari upplýsingar, hlýtur dómurinn að leggja mikla áherzlu á það, að hin framlagða landamerkjaskrá sækjanda fyrir Presthólastað (sjá réttarskjal 4.A) ber það ljóslega með sér, að hún táknar hina fullkomnu landamerkja línu milli Presthóla og Brekku með hinum umgetnu örnefnum til Ormarsár, en ~~hefir~~ telur aftur Galthólmana í Ormarsá, og Hólmavatn á Hólsstíg, meðal ítaka Presthólastaðar, seinast í sérstakri grein í landamerkjaskránni og allt hið sama kémur aftur fram í framhaldssókn sækjanda (réttarskjal tölul. 10) þar sem það er, beinlínis tekið fram, að selför austan ána og Hólmavatn, sé innskotið sem ítökum Presthólastaðar í annara manna landi, og þó sama sé eigi sagt ~~um~~ á þessum stað um Galtholmana, þá hlýtur það eftir áður sögðu einnig að gilda um þá, en að öðru leyti hefir það eigi orðið sannað til fullnustu, við merkjagönguna eða með vitna leiðslunni, hvar þessir Galthólmar liggja í Ormarsá og því síður að Presthólar eigi eða hafi átt, selför fyrir austan Ormarsá og er það þannig alveg auðsætt; að á Galthólum ~~eður þessari selstöðu~~ þessum verður engin lagaheimild byggð, fyrir landamerkjalinu milli Presthóla og Brekku og sama er að segja um aðalörnefnið sækjandans við Ormarsá „Bláskriðuhorn“, því þetta orð, finnst hvergi nefnt í hinum hérum ræddu eldri skjölum ~~enda sjást þar engin merki til selstöðu~~ hvorugumegin þar við Ormarsá.

Hvað í öðrulagi viðvíkur því, að sækjandinn hefir með réttarskjalinu (tölul. 4.E.) sannað að Presthólaprestar, hafi á árabílinu frá 1861-71, byggt svokallað Hólssels land til suðurs að Hólaheiðarvegi, en til norðurs að Bláskriðuhorni, þá verður eigi byggð neín eignarheimild fyrir Presthólastað til þrætulandsins, áf þessum afnotum þess, né heldur á því, að þetta Hólaselsland, er í þessum réttarskjölum, talin hjáleiga frá prestssetrinu, því eins og það er sannað við merkjagönguna, að þetta Hólasel sé sama og Hólssel, og því rangnefni – en þetta Hólssel er, sem aðgreint frá Presthólalandi af hinu eiginlega Brekkulandi, er hér ræðir um, að öðruleyti þessu máli að alveg



óviðkomandi – þannig er það upplýst (samanber réttarskjöl tölul. 9.d. og tölul. 9.e.) að Hólsfel hefur frá árunum 1800-1834 og aftur í jarðatali Jónssens 1847, verið talið og metið sem hj og þannig viðurkennt, af því hinu opinbera, sem hjáleiga frá Hóli, eign Munkaþverárklosturs, og að Presthólapresti hafi verið það vitanlegt, enda fær dómurinn eigi séð, neina lagaheimild í skjölum þessa máls fyrir Presthóla presta, til að leigja Hólsselsland og taka fyrir það eftirgjald, sem eign Presthóla, nema ef vera skyldi í álitsgjörðinni (réttarskjöl tölul. 4.J.) en hún er, eins og hún ber með sér í alla staði ólögformlegri en svo að á henni verði byggð eignarheimild ^{auk þess sem henni er sérstaklega motmælt af verjanda} og þó, svo væri að álíta, sem ekki er, að það væri sannað, að Presthólaprestar hefðu haft hið um þrætta land í lögfullu hefðarhaldi 20 vetur eða lengur, þá flytur það af ákvæðum landslaganna, Jónsbókar lands leigu bálki 26 kapitula, síðustu málsgrein, að það ekki gæti tekist til greina móti eignar heimildum þeim, af verjandans hálfu, sem áður þ eru taldar. – Samkvæmt öllu því, sem nú er sagt, hlýtur dómurinn að aðhillast kröfu varnaraðila í þessu máli, hvað landamerki milli Presthóla og Brekku snertir.

Kostnað við merkjadóminn í þessu máli, virðist eftir öllum atvikum eiga að greiðast af hálfu hins opinbera, þar með talin ferðakostnað oddvita merkjadómsins í þessu máli eftir reikningi, og málsfærslulaun hins skipaða sækjanda.

Málið hefir sem gjafsóknarmál verið flutt vítalaust.

Því dæmist rétt að vera

Landamerkja linan milli Presthóla á einn veg og Brekku á hinn skal vera frá sjó, hjá Klapparósi við Klapparhamar, þaðan í Brúarsporð og þá beina stefnu yfir Könguás til Ormarsár þar sem Brekkuselstóftir standa við hana.

Dagpeningar dómsmanna að upphæð samtals krónur 171,00, auk ferðakostnaðar oddvita ^{dómsins} eftir reikningi, og málafærslu launa hins skipaða sækjanda cand. phil. Skapta Jósepssonar ^{að upphæð 30 kr.} greiðist úr opinberum sjóði.

Dómurinn upplesinn.

Rétturinn hafinn.

BSveinsson

ÁÁrnason

Sigfús Einarsson

Guðm. Jónsson

ÁThorsteinsson



Ár 1888 fimmtudaginn 21 Júní mán. var merkjadómur settur að Syðra-Lóni á Langanesi í landamerkjamálinu milli Syðra-Lóns og Sauðanes.

Þess skal getið, að merkjaganga sú, sem ákveðið var 16 Maí f.á., að fram skyldi fara fimmtudaginn 22 Septembermánaðar árið sem leið, fórst fyrir, sökum fyrirfallandi embættisanna sýslumannsins í Þingeyarsýslu og meðfram sökum tíðarfarsins. Í dóminum sátu auk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu B. Sveinssonar, sem oddvita merkjadómsins, samkvæmt nefningu 16 Maí f.á.

1. Guðmundur bóndi Einarsson Eiði.
2. Jón bondi Bjarnarson Laxárdal.
3. Árni bóndi Davíðsson á Itraálandi (nú Gunnarst.)
4. Ólafur sýslunefndarm. Jónsson Kúdá.

Rituðu þeir undir svolagað eiðspjall:

Eg Guðmundur Einarsson, eg Jón Bjarnarson, eg Árni Davísson, eg Ólafur Jónsson, lofa og sver, að leysa dómsstarfa þann af hendi, sem eg hefi verið kvaddur til í landaprættunni milli jarðarinnar Syðra-Lóns og kirkjujarðarinnar prestssetursins Sauðanes, eftir beztu samvisku. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð.

Guðmundur Einarsson

Jón Björnsson

Árni Davíðsson

Ólafur Jónsson

Var þvínæst gengið á merki, og svo ráð fyrir gert að allir hlutaðeigendur, dómsmenn og málsaðilar skyldu mætast við svonefnda "Gunnlögsarbotna", til að rannsaka örnefni og staðháttu.

B Sveinsson

Ólafur Jónsson

Jón Björnsson

Árni Davíðsson

G. Einarsson

Sama dag var merkjadómurinn aftur settur á samastað af sömu dómendum, eftir að þeir höfðu gengið á merki og kynnt sér vandlega staðháttu og örnefni, sem liggja að hinu umþrætta landi. Við merkjagöngu þessa, voru einnig viðstaddir málsóknar aðilar fyrir hönd eiganda Syðra-Lóns Helgu Jónsdóttur sem situr í óskiftu búi. Sæmundur hreppstjóri Sæmundsson á Heiði, sem nú er og mættur fyrir dóminum og framleggur í þessu tilliti umboðsskjal d.s. 21 Júní þ.á. sem framlegst tölul. 4 svohljóðandi: eg^{en} sameigandi hennar að 1/6 hluta jarðarinnar Jón bóndi Benjamínsson í Þórshöfn mætti sjálfur og hafði hann einnig verið við merkjagönguna. Fyrir hönd varnaraðila Sauðanesskirkju var viðstaddur við areiðina og mætti fyrir dóminum cand.phil. Skapti Jósepsson, sem framlagði skipunarbréf norður- og austur amtsins d.s. 17. ágúst f.á. og ennfremur Beneficium Processus Gratuiti fyrir merkjadómi d.s. sama dag. Voru skjöl þessi upplestin og hljóðu þannig: og einkend tölul. 5. og 6. svohljóðandi:



Einnig voru til staðar við áreiðina nokkur vitni sem gáfu upplýsingar um umþrætt örnefni og landamerki.

Sækjendur málsins beiddu bókað að þeir krefðust ~~sam~~ að landamerkja línan milli Syðralóns og Sauðaness, sé yrði ákveðin með merkjadómi yfir mitt Markvatn, í miðja Markgróf og þaðan beina stefnu í Gunnlögsá og ráði áin merkjum í Gunnlögsárbotna eður upptök árinna, ~~og þaðan beina stefnu í Lautinantsvörðu.~~ og að neðanverðu aftur móts við Sauðanes, úr miðju Markvatni eftir áðurgreindri línu niður í sjó á háubökkum. Til sönnunar þessari kröfu sinni framleggur hann 10 skriflega vitnisburði, sem voru upplesnir og einkendir tölul. 7-16 ind. svohljóðandi: Jafnframt lýsir hann yfir því, að land ~~þetta~~ það, sem liggur innan ofangreindra ummerkja, gagnvart Sauðanesi, hafi verið notað átölulaust af Syðra-Lónsbónda í ómunatíð. Samkvæmt þessu krefjast sækjendur, að land þetta verði dæmt eign Syðra-Lóns, og að þeir með dómi verði alveg frjáðir við kostnað málsins.

Verjandi málsins lagði fram vörn qvoad formalia, ásamt staðfestu eftirriti úr sáttanefndabók Svalbarðssóknar d.s. 20. þ.m. þar sem hann krefst að málinu verði frávísað merkjadóminum og að sækjendur málsins Helga Jónsdóttir og Jón Benjamínsson verði dæmd insolidum, til að greiða allan málskostnað í þessu máli, og þar á meðal til að endurgjalda málsfærslu laun, og allan ferða kostnað til mín, sem skipaðs verjanda Sauðaness kirkju, eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál og jafnframt geymir verjandi sér rétt til þess, að svara í aðalefni málsins, verði því eigi frávísað merkjadómi; skjöl þessi voru upplesin og einkend töluliður 17 og 18. Svohljóðandi: Var málið þvínæst tekið upp til ~~dóms~~ úrskurðar eða dóms samkvæmt kröfu verjanda.

BSveinsson

Guðm. Einarsson

Jón Björnsson

Árni Davíðsson

Ólafur Jónsson

Að stundu liðinni var dómurinn aftur settur á sama stað, með sömu mönnum, og var þá í ofangreindu máli um landamerki milli Sauðaness og Syðra-Lóns kveðinn upp svo látandi

Dómur:

Þar eð verjandi hefir neitað því, að sækjendur málsins hafi samið landamerkjaskrá, samkvæmt 3 gr. landamerkjaganna 17 marz 1882, sem framlögð hafi verið fyrir sáttanefndina, og lögð til grundvallar fyrir sáttatilauninni í þessu máli, og þar eð, sækjendur ekki hafa framlagt skjal þetta áteiknað af sáttanefndinni, né það heldur verður séð með vissu, af hinum framlögðu skjölum, sérílagi eftirritinu af sáttanefndarbókinni, að sækjendur hafi gætt greindra fyrirmæla laganna, þó það virðist að benda til þess, þá verður eigi hjá því komist, að frávísa þessu máli, frá landamerkjadómi, sökum vantandi lögmætrar sáttatilaunar. Dagpeningar dómsmanna samtals 30 kr, og 10 kr. í kost og tæring, til hins skipaða verjanda greiði sækjendur málsins.

Málið hefir sem gjafvarnarmál verið flutt vítalaust.

Því dæmist rétt að vera:

Málinu frávísað merkjadóminum.

Sækjendur málsins Helga Jónsdóttir á Syðra-Lóni, og Jón bóndi Benjamínsson á Þórshöfn greiði dagpeninga dómsmannanna samtals 30 kr. samt 10 kr. í kost og tæring til hins skipaða talsmanns verjanda Cand. philos Skapta Jósepsonar.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hinn ídæmda málskostnað að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa undir að för að lögum.

Dómurinn var upplesinn í réttinum.

Rétti slitið.

BSveinsson

Ólafur Jónsson

Guðmundur Einarsson

Jón Björnsson

Árni Davíðsson



Ár 1888 fimmtudaginn hinn 12 Júlí, var aukaréttur Þingeyjarsýslu settur og haldinn að Einarstöðum í Reykjahverfi af B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum, til þess að nefna menn í dóm í landaþrætumálinu milli Skóga og Skarða með hjáleigum ^{Einarssst.}

Fyrir réttinum var mættur aðili málsins Sigurpáll Arnason á Skógum, sem framlagi eftirrit úr sáttabók Húsavíkursátta umdæmis, um arangurslausa sáttatilaun í málinu og vísan þess til merkjadóms. Þetta skjal var upplesið og einkent tölul. 1. svohljóðandi: # #

Fyrir hönd ~~verjara~~ varnaraðila sameigandi jarðarinnar Skarða með hjaleigunni Einarstöðum Jóns Ágústss Árnasonar, Jóns Jónssonar og Ekkjunnar Jakobínu Jónsdóttir var mættur í réttinum Jon alþingismaður Jónsson á Stóru Reykjum, sem framlagði heraðlútandi umboðsskjal d.s. í dag; sem var upplesið og einkent tölul. 2 svohljóðandi: # #

Að svo voxnu máli nefndi því næst sýslumaðurinn í landamerkjia dóm:

1. Björn bónda Stefánsson í Valadal
2. Þorlákur bóndi Stefansson á Ísólfstöðum
3. Sigurjón bóndi Halldórsson á Hallbjarnarstöð.
4. Jóhannes bóndi Johannesson ltri-Tungu
5. Þorbergur bóndi Eiríksson Syðri-Tungu
6. Kristján bondi Sigurðsson Bakka
7. Kristján bóndi Johannsson Saltvík
8. Sigurjón bóndi Jóhannesson Laxamýri

Skoraði sýslumaður þá á sækjanda að nefna 2 menn úr dóminum, og nefndi hann úr dóminum Þorberg bónda Eiríksson á Syðri-Tungu og Jóhannes bónda Jóhannesson á ltri-Tungu.

Því næst nefndi verjandi eftir askorun úr dóminum Þorlak Stefansson á Ísólfstöðum og Sigurjón Jóhannesson á Laxamýri.

Samkvæmt þessu, skipa þá merkja dóminn auk sýslumannsins sem oddvita:

1. Björn bóndi Stefánsson Valadal
2. Sigurjón bóndi Halldorsson Hallbjarnarstöðum
3. Kristján bóndi Sigurðsson Bakka
4. Kristján bóndi Johannsson Saltvík

Varð það síðan samkomulag, að merkjagangan skyldi framfara fyrri hluta Septembermánaðar þann dag sem oddviti tiltekur og tilkynnir málsaðilum og dómsmönnum. Málspartar komu sér saman um að heyra vitni stemd og óstemd.

Upplesið

Rétturinn hafinn

BSveinsson

Sigurpáll Árnason

Jón Jónsson

Rjettarvitni.

Sigurður Sigurðsson

Ásmundur Jónsson



Ár 1888 föstudaginn hinn 14. dag september var merkjadómur settur að Skógum í Reykjahverfi í landaþrætumálinu milli tjeðra jarðar, og jarðarinnar Skarða með hjáleigunni Einarstöðum. Í dóminum sátu, auk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu B. Sveinssonar sem oddvita dómsins, eptir nefningu 12. júlí þ.á. Björn bóndi Stefánsson í Valadal, Sigurjón bóndi Halldórsson á Hallbjarnarstöðum, Kristján bóndi Sigurðsson á Bakka og Kristján bóndi Jóhannesson á Saltvík.

Rituðu þeir undir svolagað eiðspjall:

Eg Björn Stefánsson, og Sigurjón Halldórsson, og Kristján Sigurðsson og eg Kristján Jóhannesson lofa og sver, að leysa dómstarfa þann af hendi, sem eg hefi verið kvaddur til í landaþrætumálinu milli jarðarinnar Skoga og jarðarinnar Skarða með hjáleigunni Einarstöðum í Reykjahverfi eptir beztu samvizku og þekkingu. Svo sannarlega hjálpi mjer Guð og hans heilaga orð.

Björn Stefánsson

SJ Halldórsson

Kristján Sigurðsson

Kristján Jóhannesson

Þess skal getið að oddviti dómsins hafði með brjefi dags. 8 September þ.m. tilkynnt dómendum og málsaðilum að merkjagangan skyldi framfara í dag, enda var sækjandinn Sigurpáll bóndi Árnason í Skógum einnig tilstaðar, og fyrir hönd eigenda Skarða alþingismaður Jón Jónsson á Reykjum samkvæmt umboðsskjali áður framlögðu undir tölulið 2. Sækjandinn lagði fram landamerkja skrá fyrir Skógum dags. 4. janúar þ.á., sem eigendur Skarða hafa eigi viljað viðurkenna, var hún upplesin og einkennd sem tölulið 3 svohljóðandi:

Varnaraðili framlagði afsalsbrjef fyrir jörðunni Skörðum dags. 5. maí 1652 var það upplesið og einkennt tölul. 4. svohljóðandi.

Gengu dómsmenn síðan á merki ásamt vitnum sem malspartar höfðu til staðar.

BSveinsson

Björn Stefánsson

SJ Halldórsson

Kristján Sigurðsson

Kristján Jóhannesson

Ár 1888 föstudaginn hinn 14 september var landamerkjadómurinn aptur settur að Skógum og skipaður af hinum sömu dómendum, eptir að þeir ásamt málsportum og vitnum höfðu gengið á merki, og kynnt sjer landsháttu og land það, sem málspartar hvor í sínu kalla sjer.

Sækjandinn Sigurpáll Árnason í Skógum var og tilstaðar í dóminum og krafðist hann, að lagðar væru fyrir vitnin sem við merkjagönguna höfðu verið, Guðmund Guðlögsson á Husavík og Jón Sigurðsson á Tjörn eptir fylgjandi spurningar:

1. Þekkir vitnið merkistöpul, merkigarð og merkjavörðu sem landamerkja örnefni milli Skarða og Skóga.
2. Hvar liggja þessi örnefni?
3. Hver hefur brúkað og yrkt landið fyrir sunnan þessi merki að upptökum Skógar?

Mætti því fyrir dómnum vitnið Guðmundur Guðlögsson á Husavík, sem kvaðst á 3 árinu um 50^{úæ}. Eptir að hann hafði verið áminntur um, að segja sannleikan og það sem hann eptir beztu vitund vissi rjettast. Svarar hann hinum framangreindu spurningum þannig:



1. Svar við 1. spurningu: Vitnið segist þekkja þessi örnefni öll eins og hann hafi skýrt frá við merkjagönguna.
2. Svar við 2. spurningu: Fyrsta örnefnið ^{Merkjastopullinn} segir vitnið að sje í árkroknum þarsem Skógá beygist til suður, annað örnefnið merkigarðurinn liggir upp úr árkroknum austur að Sandhæðinni, og þriðja örnefnið merkivarðan standi austur á Sandhæðinni sjálfri.
3. Svar við 3. spurningu: Vitnið segir að land ^{þetta} hafi verið brúkað af frá Skógum þau ár öll, sem hann hafi verið þar; og muni hann að það sjeu 8 ár síðan hann hafi farið þaðan.

Varnaraðili óskaði vitnið gagnspurt um það, hvort hann hefði eigi orðið var við Skarðamenn hefðu þókst eiga þetta umrædda land, og svarar vitnið því, að hann hafi heyrt það af smalamönnum en ekki ^{af} eigendum eða ábúendum en að vísu vissi hann nú að einn af þessum smalamönnum Jón Ágúst Árnason hefði þá átt nokkurn hluta í Skörðum.

Þessa skýrslu vitnisins tók varnaraðili jafngilda og hún væri eiðfest.

Mætti þvinæst fyrir dóminum vitnið Jón Sigurðsson á Tjörn, sem kvaðst vera 40 ára að aldri. Vitnið var alvarlega áminnt um að segja sannleikan, og svarar vitnið hinum ofangreindu 3. spurningum á þessa leið:

1. Uppá 1. spurningu svarar vitnið: Já.
2. Uppá 2. spurningu svarar vitnið að merkistöpullinn liggir í árkróknum þar sem Skógá beygist til suðurs, og merkigarðurinn liggir austur frá arkrok^{num} upp að Sandhæð, en varðan standi austur á Sandhæðinni.
3. Uppá 3. spurningu svarar vitnið. Vitnið segir, að eigendur Skóga hafi brúkað og yrkt landið, það hann vissi átölulaust þann tíma sem hann hafi verið í Skógum, en að það hafi verið fyrir tuttugu árum.

Varnaraðili óskaði vitnið gagnspurt:

Veit vitnið til þess, að örnefnin merkistopull, merkigarður og merkivarða hafi verið brúkuð í daglegu tali af öðrum en Skogamönnum. Vitnið synjar fyrir að hann geti munað það eptir svo langan tíma. Enn óskaði varnaraðili vitnið gagnspurt um það, hvort hann hefði heyrt þessi örnefni viðhöfð af Skarðamonnum, og kvaðst ^{vitnið} ekki geta munað neitt um það, og bætir því við, að hann ekki hefði vitað um neinn ágreining um landamerki milli Skarða og Skóga. Vitnið segist hafa verið eitt ár á Skógum og Dýjakoti sem liggur undir Skóga. Mætti þarnæst vitnið Páll Jónsson á Helgastöðum, sem kvaðst vera 48 ára gamall. Var hann alvarlega áminntur um sannsögli. Hann svarar þarnæst ofangreindum 3. spurningum þannig:

Uppá 1. spurningu svarar vitnið játandi.

Uppá 2. spurninguna svarar vitnið, að hin umræddu örnefni liggir þar sem Skógá beygist til suðurs.

Uppá 3. spurningu svarar vitnið að Skogamaður hafi brúkað landið, meðan hann hafi verið í Skörðum, sumar og vetur fyrir sunnan merkigarðinn það sem hann hafi tilvitað. Hann bætir því við að það sjeu 20 ár, síðan ^{hann} hafi verið í Skörðum, og hafi hann verið þar 5 ár fyrst 4 og eitt ár seinna; hafi hann ekki heyrt þau 4. ár neinn ágreining um landamerki milli Skógs og Skarða.

Varnaraðili óskaði vitnið gagnspurt, hvort vitnið viti til að hin greindu ^{örnefni} hafi í daglegu tali verið brúkuð af öðrum en Skogamönnum. Þessu svarar vitnið svo, að hann ekki geti tilgreint fremur einn en annan, sem hafi sagt honum um þessi örnefni. – Þá óskaði varnaraðili vitnið gagnspurt um það hvað langt væri síðan hann hafi verið þetta eina seinna ár í Skörðum, og segir vitnið að það sjeu 10 ár, og hafi hann þá heldur ekki veitt eptir tekt neinum ágreiningi um landamerki millum Skarða og Skóga.



Varnaraðili tok skýrslu vitnisins Jóns Sigurðssonar á Tjörn jafngilda eins og hún væri eiðfest, og vitnið Páll Jonsson staðfesti vitnisburð sinn með laganna eiði eptir löglegan undirbúning.

Sóknaraðili óskaði ennfremur bókað að ágreiningur sá, sem nú hafi verið byrjaður af ^{hálfu} Skarðamanna um landamerkin milli Skóga og Skarða, hafi ekki komið til orða við síðasta jarðamat, enda ^{hafi} Skogar stigið ^{upp} að hundraðatali við jarðamatið, en Skörð niður. – Hann kvaðst ekki hafa fleira fram að færa, en krafðist að landamerkjalinan milli Skóga og Skarða yrði ákveðin samkvæmt hinni framlögðu landamerkjaskrá tölulið 3. og að varnaraðili yrði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins. Lagði hann svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Varnaraðili bað bókað: Sækjandi byggir kröfu sína til þrætulandsins einkanlega á því, að garður liggji upp frá árkróknum, er heiti merkigarður. Það virðist sér fyrst og fremst vera mjög vafasamt, hvort hinn svonefndi merkigarður sje mannaverk eða ekki, enda er hann svo stuttur og ógreinilegur að stefna verður naumast tekin eptir honum, en það sem snertir nafnið merkigarður, sem og hin onnur örnefni merkistöpull og merkivarða, þá liggur næst að ætla, að þau örnefni seu tilbúin í seinni tíð af Skógamönnum, því Skarðamenn og Einarstaða kannast alls ekki við þau, sem gömul eða gild, enda sannar framburður vitna þeirra, sem leidd hafa verið ekkert um þau.

Af heimildarskjali því, sem lagt hefur verið fram töl. 4. og sem opt hefur verið þinglyst og eigi mótmælt, sjest það, að Skógá á að ráða merkjum millum Skarða og Skóga. Orðatiltækið í skjalinu virðist mjer svo ótvírætt eptir vanalegum skilningi og málvenju, að það þæ sje fullkomlega vafalaust, að Skógá eigi merkjum að ráða milli jarðanna allt að upptökum. Er því rjettarkrafa mín sú: Að Skörðum með hjáleigunni Einarstöðum verði dæmt land allt norðan við Skogaá, en frá Skógaár upptökum ráði bein lína á Sæluhús, og að sækjandi verði skyldaður til að greiða allan kostnað af málinu. Legg eg svo málið í dóm með fyrirvara.

Sækjandinn mótmælti því þannig framkomnu af hálfu verjanda og hjelt sjer til sinnar rjettarkröfu og gagna í málinu.

Málið tekið upp til dóms.

BSveinsson

Björn Stefánsson

Sj Halldórsson

Kristján Sigurðsson

Kristján Jóhannesson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Ásmundarstaða í Presthólahreppi.

Að austan milli Ásmundarstaða og Raufarhafnar ræð úr Gegnislækjarósi í Glapavatnspúfu og þaðan beint í læk er rennur úr Ólafsvatni í Selvatn.

Að vestan milli Ásmundarstaða og Harðbaks. Úr Hringlónaós í svo kallaða Kellingareyri, þaðan á lítinn hól eða vörðubrot á Harðbakholtum, þaðan í klausturstein sunnan undir Harðbaks jarðbakka, þaðan í Greni í Brandastaðajarðbakka, þaðan í lækinn, sem rennur úr Ólafsvatni í Selvatn.

Skinnalóni 20. Des 1883.

Jón Sigurðsson (eigandi Ásmundarstaða)

Samþykkir Geir Gunnarsson, C.G.P. Lund.

Samþykkir vegna Harðbaks og Raufarhafnar St. Stephensen (umboðsm. Munkaþvkl.)

Lesið á manntalsþingi að Presthólum 26. Júní 1884 og var henni eigi mótmælt frá neinna hálfu. B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. 0,75
Bókun 0,25
Kr. 1,00

ein króna
Borgað. B. Sv.



Landamerki Snartastaða í Presthólahreppi.

Að sunnan milli Brekku og Snartastaða úr tréstauro, sem settur hefur verið niður við sjó, og þaðan beint upp í stein í Reidgötumgarði og þaðan í Kollufjall, þaðan og sunnan vert á Klíningsskarð, þaðan beint austur sunnan við Beltisvatn, þaðan og beint á Blikalónsdal þar sem Hólsstígsþjóðbraut liggur yfir dalinn.

Að norðan milli Snartastaða og Leirhafnar úr Mýindisdal sem liggur vestan í Snartastaðanúp, þaðan austur í Krossholt, og þaðan á fjall upp í grjótvörðu, sem hvalbein er blaðið í, þaðan beint austur fjöllin og sunnanvert við Litfaramýrar og þaðan austur að Blikalónsdalbrún vestan, að svokolluðum Sveinum, er þrjár vörður standa á.

Rekatakörk

Úr tréstauro, áður nefndum, við sjó og út í Mýindisdal á Snartastaðanúp.

Snartastöðum, 7. apríl 1884.

Sigurður Rafnsson (ábúandi)

Ingimundur Rafnsson (ábúandi Brekku)

Jón Pétursson (ábúandi á Blikalóni)

Kristján Þorgrímsson (ábúandi á Leirhöfn)

Stephen Stephensen (umboðsmaður)

Lesin á manntalsþingi að Presthólum 26. Júní 1884 og ómótmælt

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Sandfellshaga í Skinnastaðahreppi.

Að sunnan milli Klifshaga, Leifsstaða, Hafrafellstungu og Sandfellshaga. Úr Skeggjastaðárkrók og þaðan beina stefnu í Jónsvörðu, þaðan beint í Sjónhól og síðan beint í Arnarpúfu, svo í Fjórðungshól og þaðan í vörðu í Langás austur í Búrfellsheiði.

Að austan: Úr vörðum í Langás í Djúpá og eftir henni í gil, sem liggur milli Djúpárbotna og Mýrarsels og þaðan í vörðu við Ormarsá.

Að norðan: Úr vörðunni við Ormarsá og beina línu vestur í Kálfhól og þaðan í Vörðuhól, og síðan í Sandskarðið í jarðbakkanum í Skeggjastaðaárkrók.

Akureyri, 16. Jan. 1883

Stephen Stephensen

Uppá væntanl. samþykki yfirboðara minna, samþykki eg að því er kirkjukotið Leifsstaði snertir ofan nefnd landamerki

Skinnastað, 27. ágúst 1883

Þórleifur Jónsson

Samþykkur Klifshagalandi viðvíkjandi

Víkingavatni, 29. jan. 1884.

Kr. Árnason

Við undirskrifaðir samþykkjum framanskriðuð landamerki, hvað Hafrafellstunguland snertir.

S. Steinsson (fyrir hönd eiganda)

G. Sigvaldason (Eigandi.)

Lesin á manntalsþingi að Skinnastaðum, 25. Júní 1884 og ómótmælt.

B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Lækjardals í Skinnastaðahreppi.

Að sunnan úr Gilsbakkaá eftir garði í Lækjardalsbjörg

Að austan úr Lækjardalsbjargi, eftir garði, er liggur austan við Moldgil og norður og vestur í Leifsstaðabjarg.

Að norðan: úr Leifsstaðabjargi og beina stefnu í mitt Mannholt, og þaðan beina stefnu ofan í Brunná.

Að vestan ræður Brunná og Gilsbakkaá.

Akureyri, 16. Jan. 1884.

Stephen Stephensen

Stefán Brynjólfsson – Já.

Þorleifur Jónsson (Samþykkur)

Guðvaldur Jónsson (Samþykkur)

Lesin á manntalsþingi að Skinnastað 25. Júní og ómótmælt.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00 Ein króna

B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Núps í Skinnastaðahreppi.

Að sunnan milli Þverár og Núps:

Úr Brunná og beint í Merkigil og þaðan austur í Núpá

Að vestan ræður Brunná

Að norðan úr „Gíg“ fyrir utan Oddsnestá og þaðan beina stefnu í Merkisnes undir Axarnúp og þaðan upp til fjalls

Akureyri, 16. Jan. 1883

Stephen Stephensen

Framanskriðuðum landamerkjum milli jarðanna Núps, Daðastaða og Þjófsstaða erum við undirskrifaðir ábúendur téðra jarða samþykkir

Þorsteinn Þorsteinsson

J. Jónasarson

Framanskriðuðum landamerkjum milli jarðanna Núps og Þverár er ég undirskrifuð samþykk.

Ingibjörg Nikulásdóttir (Eigandi að Þverá)

Lesin á manntalsþingi að Skinnastað 25. Júní 1884 og ómótmælt.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Kross í Ljósavatnshreppi.

Að innan verðu til móts við Litlu Tjarnir ræður Merkigróf beint ofan í Beinhöfðalæk, sem er á Beinhöfða.

Að norðan verðu til móts við Beinhöfða Landamótssel, eru merki í lág þeirri, sem liggur ofanfrá fjallinu og kölluð er „Merkilág“ og niður að mýrinni sunnan við svokallað Skriðugerði og þaðan suður í Sýki við Djúpá, en í fjallinu upp af nefndri lág eru þrjár grófir, og ræður sú yzta merkjum. Að vestan og sunnan ræður Ljósavatn og Djúpá, en háfjallið að norðan.

Í landi jarðarinnar á Ljósavatnskirkja ítak, sem kallað er „Teigur“ og ræður þar merkjum að ofan árkrókur á Djúpá, þar sem hún beigist fyrst til austur norður af Torfhól ofan við Hólmana, og þaðan bein stefna út yfir þvert Sigguholt og ofanvert á Skriðugerði, þaðan beint suður í Sýki við Djúpá. Að sunnan og vestan neðan „Djúpá“

Ljósavatni, 30. apríl 1884.

Pr. Jón Sigurðsson

Sigurður Guðnason

Samþykkur Stephen Stephensen

Jón Jónsson (ábúandi Kross)

Björn Jóhannesson (ábúandi Landamótssels)

[Viðbót með öðrum lit og skrift] (Ítakinu lýst eftir áskorun 20.5.1953. JS.)

Lesin á manntalsþingi að Ljósavatni 19. Júní 1884, án þess móti væri mælt
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna

Borgað. B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Arnstapa í Ljósavatnshreppi.

Að austan milli Arnstapa og Stóru-Tjarna að vestan

Úr Briðjuhól í Nýphól og síðan beina stefnu niður í Stíflugarð í mýrinni og svo beint í Litlu-Tjarnalæk.

Að vestan milli Vatnsenda og Arnstapa að austan úr Skaftá og vestan vert í Dauðatanga (Stapa)

Akureyri, 16. Jan. 1883

Stephen Stephensen

Ofangreindum landamerkjum eru samþykkir.

Bjarni Kristjánsson, Finnbogi Finnbogason, Friðfinnur Jónasson

Lesin á manntalsþingi Ljósavatni, 19. Júní 1884 án þess að vera mómælt.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Stóru-Tjarna í Ljósavatnshreppi.

Að norðan milli Kambstaða. Eftir Merkigróf í fjallinu fyrir ofan bæinn og beina stefnu í jarðstúf niður í mó.

Að austan milli Stóru- og Litlu-Tjarna: Úr Lækjarkrók og beint í Leirtjarnarkrók og þaðan eftir Leirtjörn í Fiskilæk og síðan eftir gömlum merkjagarði norður í Litlu-Tjarnalæk.

Milli Stóru-Tjarna ^{að vestan} og Arnstapa að austan: Úr Briðjuhól í Nýphól og síðan beina stefnu niður á stýflugarð í mýrinni og svo beint í Litlu-Tjarnalæk.

Akureyri, 16. Jan 1883

Stephen Stephensen

Jarðirnar Litlu-Tjarnir og Arnstapi eru ásamt Stóru-Tjörnum eign landssjóðs.

Stephán Stephensen

Pétur Jónsson (prestur að Hálsi)

Lesin á manntalsþingi að Ljósavatni 19. Júní 1884, á þess að vera mótmælt.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Litlu-Tjarna í Ljósavatnshreppi.

Að utan milli Sigríðarstaða og Litlu-Tjarna: Úr Merkgili í Stóran einstakan stein í Merkjamyri, beina stefnu og þaðan beint ofan í Litlu-Tjarnalæk.

Að sunnan milli Kropps ^{Kross} og Litlu-Tjarna: Eftir Merkigróf beint ofan í Beinhöfðalæk, sem er í Beinhöfða.

Að austan fjallið.

Að vestan milli Stóru- og Litlu-Tjarna: Úr Lækjarkrók og beint í Leirtjarnarkrók og þaðan eftir Leirtjörn í Fiskilæk, og síðan eftir gömlum merkigarði norður í Litlutjarnalæk.

Akureyri, 16. Jan. 1883.

Stephen Stephensen

pr. Jón Sigurðsson (eigandi Kross)

Bjarni Kristjánsson

Sigurður Guðnason

Skúli Kristjánsson

Jón Jónsson (ábúandi á Krossi)

Stóru-Tjarnir og Litlu-Tjarnir eru báðar eign landssjóðs heyrandi undir Mundkaþverárklaustur.
Stephán Stephensen (umboðsmaður.)

Lesin á manntalsþingi að Ljósavatni 19. Júní 1884 án þess að vera mótmælt
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna - B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Belgsár í Hálshreppi.

Að norðan ræður Botnagil og úr því Víðilækur, og þaðan beint í Fnjóská sunnan við Þrætubrekku.

Að sunnan ræður miðfarvegur Belgsár

Að vestan Fnjóská

Að austan Fjallið.

Akureyri, 16. Jan. 1883.

Stephán Stephensen

Samþ. ofangreindum landamaerkjum milli Þórðarstaða og Belgsár er ábúandi Þórðarstaða

Jónathan Þorláksson

Samþ. ofangreindum landamerkjum milli Bakkasels og Belgsár er ábúandi Bakkasels

Helgi Davíðsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884, án þess að vera mótmælt.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hjaltadals í Hálshreppi

Að austan ræður Timburvallaá

Að norðan merkjagarður, er liggur miðja vega milli Snæbjarnarstaða og Hjaltadals.

Að vestan ræður Fjallið

Að sunnan eru öræfi

Akureyri, 16. jan. 1883

Stephán Stephensen

Hjaltadal, 21. Febr. 1883.

Sigurgeir Hallgrímsson Snæbjarnarstöðum

Benedikt Sigurðsson Sörlastöðum

Bjarni Davíðsson

P. Bergvinsson

Lesin á manntalsþingi að Hálasi 18. Júní 1884 án þess að vera mótmælt

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki jarðarinnar Bakkasels í Hálshreppi eru:

Að austan mitt fjallið, að sunnan Fossgil í fjalli og á flatlendi grjótgarður, sem liggur lítið norðan en beint niður undan gilinu, og þaðan beint til Bakka ár, að vestan Bakka á og Fnjóská, og að neðan Belgsá á Belgsárdal og miðfarvegur hennar, og stefna úr honum í vörðu utarlega á Réttarholti og þaðan til Fnjóskár.

Bakkaseli, 1. dag Nóv. 1883

G. Davíðsson (fyrir hönd eiganda Bakkasels.)

Að ofangreind landamerki séu rétt og glögg, votta:

Jónatan Þorláksson (Eigandi Bakka)

Helgi Davíðsson (ábúandi Bakkasels)

Benedikt Jónatansson (ábúandi Bakka)

Jónas Indriðason (ábúandi Belgsár)

Samþykkur sem umboðsmaður Belgsár Stephán Stephensen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki jarðarinnar Bakka í Hálshreppi.

Bakki á land til austurs á fjall upp og til Nýárdalsárlands, sem ódeilt er; að sunnan ræður merkjum gamall merkigarðsstúfur, sem liggur austur og vestur á svonefndu Langholti, eru merkin frá eystri enda hans þverstefnu til fjalls í vörðu, sem hlaðin er á litlum grjótgarði hól neðst á fjallinu og þaðan beint upp á fjallið; frá vestri enda garðsins eru merkin til vesturs í vörðu, sem hlaðin er á mýrinni, og þaðan þvert til Bakkaár; liggur að sunnan Sörlastaðaland, að vestan ræður Bakkaá merkjum, að norðan eru merkin Fossgil í fjalli, og á flatlendi grjótgarður eða hryggur, sem er lítið norðar en beint niður frá gilinu, og frá honum beina þverstefnu til Bakkaár, liggur að norðan Bakkaselsland.

Bakka, 1. Nóv. 1883.

Benedikt Jónatansson (~~eigandi~~)-(ábúandi)

Jónatan Þorláksson (eigandi)

Helgi Davíðsson (bóndi á Bakkaseli)

G. Davíðsson (Fyrir eig. Bakkasels)

Sigurjón Bergvinsson (Eigandi og ábúandi Sörlastaða)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25 = 1,00 kr.

– Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Sörlastaða í Hálshrepp.

Sörlastaðalandi skiftir frá Bakkalandi að norðan gamall merkjagarður, er liggur frá austri til vesturs á hinu svonefnda Langholti, og beint til fjalls í grjótvörðu, sem hlaðin er á hól nokkur ofan fjallsrótum, er sýnir beina stefnu í næsta mel, sem liggur í fjallsbrúninni fyrir norðan hina svonefndu Grákolluskál. En aðalengjum og flatlendi jarðarinnar skiftir varða, sem hlaðin er uppá flatlendinu á beinni línu til vesturs frá hinum fyrnefnda merkjagarði. Til austurs á Vallnafjall eiga Sörlastaðir land að Bæargilstjörn, að Grettistaki, að Fremraskarðsdragi, að Hrútárdragi, að Pílagrímsmosum og að Pílagrímsfjalli. Að sunnan liggja að grjót og sandar. Að vestan skiftir Sörlastaðalandi frá Hjaltadalslandi og Snæbjarnarstaðalandi Timburvalladalsá og Bakkaá.

Sörlastöðum, 19. apríl 1884.

Sigurjón Bergvinsson (eigandi og ábúandi Sörlastaða)

Jónatan Þorláksson (eigandi Bakka)

Benedikt Sigurðsson (ábúandi Hjaltadals)

Bjarni Davíðsson (ábúandi Snæbjarnarstaða)

Jón Benediktsson (eigandi og ábúandi Stóruvalla)

Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Sandhauga

Pétur Jónsson (prestur að Hálsi)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

Kr. 1,00

– Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Fornastaða í Hálshreppi.

Að sunnan til móts við Sigríðarstaði ræður Merkiá af fjalli og frá fjallsrótum bein stefna eftir Merkiárfarvegum til Þingmannalækjar. Að norðan til móts við Hallgilsstaði ræður Syðragil í fjallinu, þaðan bein lína eftir Markbrekkuhólum, vestur til Þingmannalækjar, er þá ræður merkjum að vestan til móts við Hálsland.

Ljósavatni 28. Marz 1884.

pr. Jón Austmann

Sigurður Guðnason

Skúli Kristjánsson (ábúandi Sigríðarstaða)

Jón Jónsson (ábúandi Fornastaða)

Kristján Ingjaldsson (ábúandi Hallgilsstaða)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0,75

Bókun 0,25

– Kr. 1,00 – Ein króna – B. Sv.

Borgað



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hallgilsstaða í Hálshreppi

Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil í fjallinu og bein lína vestur frá því, eftir „Markbrekkuhólum“ til „Þingmannalækjar“, að vestan ræður lækurinn til móts við Hálsland, þar til hann fellur í Fnjóská, ræður svo mið Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp.

Auk þessa tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.

Ljósavatni, 28. Marz 1884.

pr. Jón Austmann

Sigurður Guðnason

Jón Jónsson (ábúandi Fornastaða)

Kristján Ingjaldsson (ábúandi Hallgilsstaða)

Elín Bjarnadóttir (ábúandi Veisusels.)

[Ritað með öðrum lit og annarri skrift]

(Ítakinu lýst samkv. áskorun 20.5.1953, hinn 6. jan 1954. JS.)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75a

Bókun 25a

1,00 kr.

– Ein króna – Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Veisusels í Hálshreppi.

Að utanverðu til móts við Veisu ræður Stórilækur á fjallinu og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár. Að vestan verðu við Fnjóská suður gegnt Miðrönd á mónum þaðan til (móts við Hallgilsstaði í Grundargil í fjallinu beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.

Ljósavatni, 28. Marz 1884.

pr. Jón Austmann

Sigurður Guðnason

Kristján Ingjaldsson (ábúandi Hallgilsstaða)

Elín Bjarnadóttir ábúandi Veisusels)

Sigurgeir Jónsson ábúandi Veisu)

[Ritað með öðrum lit og annarri skrift] (Ítaki lýst samkv. áskorun 20. maí 1953. JS.)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna – Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Fjósatungu í Hálshreppi.

Að sunnan til móts við Grjótárgerði ræður Litlilækur sem rennur eftir skurði beina stefnu austur til Fnjóskár, en frá uppsprettu Litlilækjar er bein stefna í vestur til Ytrivörðu á fjallsbrúninni, þaðan bein stefna vestur á fjallið yfir Stóralækjardrag til Sölvahryggsvörðu, er stendur á miðju fjallinu. Að vestan ræður bein lína frá nefndri vörðu norður á Sölvagilshæð sem er austan við Flóagil.

Að utanverðu til móts við Brúnagerði ræður bein stefna af Flóagilshæð austur á Sölvahrygg, austur yfir hann og Neðriöxl að lind, er sprettur upp undan öxlinni og kölluð er Syðriseyra, þessi lind rennur beint ofan fjallið og yfir mitt túnið í Brúnagerði austur í Fnjóská, er því hálf Brúnagerðistún í Fjósatungulandi, en sem þó eðlilega tilheyrir og brúkað er óátalið frá ómunatíð af ábúendum Brúnagerðis.

Að austan ræður merkjum mið Fnjóská.

Ljósavatni 28. Marz 1884.

pr. Jón Austmann

Sigurður Guðnason

Samþykkir hvað Brúnagerði og Grjótárgerði snertir

Jónatan Davíðsson (eigandi Brúnagerðis)

Davíð Sigurðsson (ábúandi Grjótárgerðis)

Jóhann Einarsson (eigandi Grjótárgerðis)

G. Davíðsson (ábúandi Fjósatungu)

[Ritað með öðrum lit og annarri skrift] (Ítaki ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. JS.)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun:

Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna – Borgað B.Sv.



Landamerki Veturliðastaða í Hálsahreppi

1. Að sunnan milli Steinkirkju er lind (kölluð merkjalind) neðst í heiðinni, sem rennur ofan á brekkur og merkin þaðan beina stefnu til austurs í miðjan höfða þann, sem er sunnan við svokallað Mógil austan Fnjóskár og upp heiðina úr áðurnefndri lind, beina stefnu í vörðu á heiðarbrúninni (kölluð merkjavarða), sem er á hól út við Stekkjargil, þaðan beint í vestur til merkjalínu.
2. Að norðan milli Hróastaða. Úr Fnjóská eftir svonefndri merkjalind og upp á Hólabrún, þaðan eftir gömlum glöggum merkjagarði og úr honum í Syðri-Gerðalæk, og síðan eftir honum og svo beint upp í neðstu brúnir og þaðan beint í vestur til merkjalínu
3. Að austan Fnjóská
4. Að vestan Merkjalína, sem liggur út og suður um Selártjarnir

Veturliðastöðum, 2./10-83

Sigurður Davíðsson (eigandi ½ Veturliðastaða)

Gísli Ásmundsson (umráðamaður ½ jarðarinnar)

Landamerkjunum að sunnan er samþykkur Guðlögur Eiríksson á Steinkirkju

Samþykkur Stephán Stephensen (umboðsm. Hróastaða)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

1,00 kr. – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Vatnsleysu í Hálshreppi.

Að norðan, þar sem Dælisland tekur við: úr Neðrahingshorni niður við Fnjóská beina stefnu upp í Hörðuvallagil og þaðan beina stefnu uppá heiðarbrún og þaðan beint vestur í Hrossadalslæk.

Að sunnan ráða hin sömu landamerki og tilgreind eru að norðan við Víðuvelli vestur í Hrossadalslæk.

Að austan ræður Fnjóská merkjum.

Espihóli, 16. apríl 1884.

Jón Sigfússon

Samþykkur Gísli Ásmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

1,00 kr.

– Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Þúfu í Hálshreppi.

1. Að sunnan milli Þverár og Þúfu ræður Stóragil frá Þverá til fjallsbrúnar
2. Að utan milli þúfu og Vestari-Króka ræður Merkigil frá Króká til fjallsbrúnar
3. Að austan Króká og Árbaugsá.

Þúfu, 4. Jan. 1883

Eldjárn Ásmundsson

Samþykkur Gísli Ásmundsson

Björn Bjarnason (Fyrir hönd eiganda Vestari-Króka)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Almennings á Flateyjardal

Að sunnan er Laufáskirkjuland milli Höfðagilja. Merki milli þess og Almennings eru í Ytra-Höfðagili neðan frá Heiðará upp þangað sem gilið klýfur sig og myndast tunga milli tveggja gilja. Sem þá merkir í Ytra gilinu, sem liggur beinna fyrir, upp til fjallsbrúnarinnar og er því sleppir beint á efsta hrygg fjallsins að norðan er Heiðarhúsaland: Merki þess og Almennings eru í Eilífsá, neðan frá Heiðará upp þangað sem Eilífsárgilið beygist í Krók suður á við, þá eftir beinni línu úr gilskróknum uppá hafjallið. Að austan ræður Heiðaráin merkjunum.

Austari-Krókum, 6. Des. 1882.

Hannes Friðriksson

Þessari landamerkjalytingu er eg, sem umráðamaður kirkjueigna Laufáss, samþykkur.

Björn Halldórsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 18. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

1,00 kr. – Ein króna – Borgað B.Sv.



Landamerki Garðsvíkur á Svalbarðsströnd.

Að utan neðan fjalls ræður merkjum milli Miðvíkur og Garðvíkur kelda sú, er fellur úr svokallaðri Háklauf til sjávar og aftur stefnu úr sömu klauf beint á fjall upp, austur um það þvert og allt niður í Hrossadalslæk; að austan ræður sami lækur merkjum til suðurs um Hrossadal unz land Sveinbjarnargerðis tekur við.

Að sunnan milli Garðsvíkur og Sveinbjarnargerðis ræður steinn í Flæðarmáli í vörðu á sjávarbakka og svo eftir vörðum upp nesið í jarðfastan stein í höllunum, og þaðan beina sjónhendingu í stóran stein í svonefndum bæarkletti, og aftur þaðan í vörðu á brún upp og svo beina línu austur um fjall að Hrossadalslæk. Að sjó fram er land þetta ítakalaust á allar síður.

Þessari landamerkjaskrá til staðfestingar setja allir hlutaðeigendur sín eigin handar nöfn.

Merki eru sett eftir framanskriðu

p.t. Garðvík, 20. Marz 1883.

Jóhann Einarsson (Í umboði jarðareig. Eiríks Halldórssonar)

Jón Guðmundsson (eigandi og ábúandi Sveinbjarnargerðis)

Sæunn Jónsdóttir (ábúandi Garðsvíkur)

Asmundur Þorsteinsson (ábúandi Miðvíkur)

Að hérað framan greind landamerkjaskrá jarðarinnar Garðvíkur á Svalbarðsströnd í Þingeyjarsýslu sé rétt og samkvæm því, er eg réttast veit um merki og ítök, það staðfesti eg með mínu undirskriðu nafni og óska jafnframt hún verði innfærð í landamerkjabók Þingeyjarsýslu og upplesin á næsta manntalsþingi að Svalbarði á Svalbarðaströnd, vorið 1884.

Blöndudalshólum, 27. okt 1883

E. Halldórsson (eigandi jarðarinnar Garðvíkur)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 17. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur.

Bókun 25 aur

1,00 kr.

Ein króna – Borgað B.Sv.



Landamerki Sveinbjarnargerðis á Svalbarðsströnd.

Að utan milli Garðsvíkur og Sveinbjarnargerðis ræður steinn í flæðarmáli í vörðu á sjávarbakka og svo eftir vörðum upp nesið í jarðfastan stein í höllunum og þaðan beina sjónhendingu í stóran stein í svonefndum Bærklettum og aftur þaðan í vörðu á brún upp og svo beina línu austur um fjall að Hrossadalslæk, sá lækur ræður merkjum í suður að austan unz land Þórisstaða tekur við. Að sunnan milli Sveinbjarnargerðis og Þórisstaða hagar merkjum þannig: Í flæðarmáli ræður stór steinn og þaðan í vörðu, er stendur á sjávarbakkanum beint uppundan svokölluðu Sandskarði, þaðan beina línu eftir vörðum upp fyrir utan Grófarkrók, suður frá Sveinbjarnargerði og í stóra grjótvörðu er stendur á svonefndum Stekkjarhjalla, þaðan í jarðfastan stein stóran er stendur þar beint uppundan í svonefndri Votubrekku, þaðan beina línu sunnan á háfjallið í norður, er þá skal ráða merkjum, og þaðan beina línu austur um fjall til Hvassadalslækjar.

Þessari landamerkjalyðingu til staðfestu setja allir hlutaðeigendur, sín eigin handar nöfn Sveinbjarnargerði, 3. Nóvbr. 1883.

Jón Guðmundsson (eigandi og ábúandi Sveinbjarnargerðis)

Jóhann Einarsson (fyrir eig. Garðsvíkur)

Sæunn Jónsdóttir (ábúandi Garðsvíkur)

Valves Finnbogason (eig. og ábúandi ½ Þórisstaða)

Baldvin Baldvinsson (Fyrir hönd eig. Leifshúsa)

Baldvin Bergvinsson (eigandi 1/3 úr Þórisstöðum)

Jónatan Jónsson (annar ábúandi Þórisstaða)

Lesið á manntalþingi að Svalbarði, 17. Júní 1884

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur.

Bókun 25 aur

1,00 kr. – Ein króna – B.Sv.



Landamerki Þórisstaða á Svalbarðsströnd

Að utan ræður stór steinn í flæðarmáli og beina línu þaðan í vörðu er stendur á sjávarbakka beint upp undan svonefndu Sandskarði, þaðan eftir vörðum upp utan við Grófarkrók, suður frá Sveinbjarnargerði og í stóra vörðu í Stekkjarhjalla, þaðan í jarðfastan stein stóran, er stendur þar beint uppi undan á svonefndri Votubrekku, þaðan beina línu ~~til~~^{sunnan} á hafjall til Hrossadalslækjar.

Að sunnan ræður svokallað Merkjaskarð í Sjávarbakka og þaðan beint á stóra þúfu ofarlega á nesinu og þaðan í vörðu á móbrúninni suður undan Leifshúsum, þaðan beint í vörðu, er stendur á Fosslágarbrún, svo beint upp fjallið í Þórislaug á Þórisstaðaskarði, og þaðan beint austur í Lækjamót syðst í Hrossadal.

Þessum landamerkjum til staðfestu eru okkar hlutaðeiganda undirskriftir.

Þórisstöðum 1. Nóvbr. 1883.

Valves Finnbogason (eig. og ábúandi ½ Þórisstaða)

Baldvin Bergvinsson (Eigandi 1/3 úr Þórisstöðum)

Jónatan Jónsson (annar ábúandi Þórisstaða)

Baldvin Baldvinsson (fyrir hönd eiganda Leifshúsa)

Jóhann Bergvinsson

Jón Guðmundsson (eig. og ábúandi Sveinbjarnargerðis) (handsalað)

Sigurður Jónsson (handsalað)

Lesið á manntalsþingi Svalbarði 17. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur.

Bókun 25 aur

1,00 kr. – Ein króna – B.Sv.

Borgað



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Leifshúsa á Svalbarðsströnd.

Að sunnan ræður svokallað merkjaskarð í sjávarbakka og þaðan beint í stóra þúfu er stendur ofarlega í Nesinu, og þaðan í vörðu á móbrúninni suður undan Leifshúsum, þaðan beint í vörðu, er stendur á Fosslágar brún og svo beint upp fjallið í Þórishaug á Þórisstaðaskarði og þaðan austur í Lækjamót syðst á Hrossdal.

Að utan ræður stór steinn í flæðarmáli og beina línu þaðan á vörðu er stendur á sjávarbakka beint upp undan svonefndu Sandskarði, þaðan eftir vörðum upp utan við Grófarkrök suður frá Sveinbjarnargerði og í stóra vörðu á stekkjargjalla, þaðan í jarðfastan stein stóran, er stendur þar beint upp undan á svonefndri Votubrekku, þaðan beina línu sunnan á háfjall í vörðu, er þar skal ráða merkjum, þaðan beina línu austur um háfjall til Hrossadalslækjar.

Þessum landamerkjum til staðfestu eru okkar allra hlutaðeiganda undirskriftir.

Leifshúsum, 1. Nóvbr. 1883.

Baldvin Baldvinsson (fyrir hönd eiganda)

Baldvin Bergvinsson (eig. 1/3 úr Þórisstöðum)

Jónatan Jónsson (annar ábúandi Þórisstaða)

Jóhann Bergvinsson

Sigurður Jónsson (hands.)

Jón Guðmundsson (eig og ábúandi Sveinbjarnargerðis.) (hands.)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 17. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

1,00 kr. Ein króna –

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Gautsstaða á Svalbarðsströnd

Að utan ræður svokallað merkjaskarð á sjávarbakka þaðan beint í stóra þúfu, er stendur ofarlega í nesinu og þaðan beint í vörðu á móbrúninni suðurundan Leifshúsum, þaðan í vörðu, er stendur á Fosslágarbrún, og svo beint upp fjallið í Þórishaug á Þórisstaðaskarði, og þaðan austur í lækjamót syðst í Hrossadal.

Að sunnan ræður merkjasteinn framan við flæðarmálið og í vörðu á sjávarbakka og þaðan beint í Dældarkrók, þar sem lækurinn rennur í norður (Dældarlækur) og svo upp eftir þeim læk alla dældina á enda, og síðan eftir þeim læk upp fjallið allt að uppsprettu hans í Grænulág, sem liggur upp fyrir norðan Litlahnúk, og þaðan þvert yfir fjallið austur í Gaut og þaðan austur í vörðu á merkjum Víðivalla og Gautsstaða.

Þessu til staðf. eru allra hlutaðeig. undirskriftir

Gautsstöðum 1. Nóvbr. 1883

Jóhann Bergvinsson (eig. háflendunnar)

Sigurður Jónsson (eig hálfendunnar)

Valves Finnbogason

Guðjón Árnason

Baldvin Bergvinsson

Baldvin Baldvinsson

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 17. Júní 1884

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna - Borgað. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Neðri-Dálkstaða

Að sunnan milli Dálkstaða og Tungu ræður merkjum svonefndur Festarklettur í sjávarmáli, og þaðan beina sjónhendingu í lág þá í fjalli uppi er Steinlág heitir og þaðan aftur beina línu austur á Vaðlaheiði móts við Kirkjustein. Kom hlutaðeigendum saman um, að glöggva merki þessi með vörðum á næsta vori.

Að utan milli Dálkstaðanna, hefir verið óskiftland upp að fjalli og kom okkur hlutaðeigendum saman um, að hafa það svo framvegis, þar bæði er torvelt, að gera ljós merki og virðist ekki hafa neina verulega þýðingu. En á fjallinu eru merki á milli téðra jarða á lág þeirri, er næst liggur svokallaðri beitarhússgróf, upp gegnum efsta hjalla og beint á fjall upp.

Þessari landamerkjalytingu til staðfestu eru allra hlutaðeigenda nöfn.

Jóhann Einarsson (Í umboði Hálshrepps)

Guðjón Árnason (eigandi Efri-Dálkstaða)

Stefán Magnússon (bóndi í Tungu)

Guðni Sigurðsson (bóndi á Neðri-Dálkstöðum)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 17. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna – Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Efri-Dálkstaða
(ásamt Neðri-Dálksstaða, en báðar þessar jarðir
hafa óskiftan bithaga sbr. landamerki Neðri-Dálkstaða)

Að utan ræður merkjasteinn framan við flæðarmál, og í vörðu á sjóarbakkanum og þaðan beint í Dældarkrók, þar sem Dældarlækur rennur í norður, svo uppeftir þeim læk upp fjallið, allt að uppsprettu hans í Grænulág, sem liggur upp fyrir norðan Litlahnúk, og þaðan þvert yfir fjallið austur í Gaut og þaðan austur í vörðu á merkjum Víðuvalla

Að sunnan ræður sker fram í sjó undan Festarkletti, sammt fyrir sunnan Dálkstaðagil, þaðan beina stefnu upp eftir í efra horn á Háamel þeim neðri, þaðan beint í gegnum svokallaða Steinlág í Efstahjalla og upp í vörðu á brúninni, svo beint þaðan yfir fjallið í vörðu, skamt fyrir vestan Kirkjustein eða 180 faðma frá honum.

Þessu til staðfestu eru allra hlutaðeigenda undirskriftir.

Efri-Dálkstöðum 3. Marz 1884.

Guðjón Árnason

Jóhann Bergvinsson

Guðm. Siguríkson

Sigurður Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 17. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B:Sv.



FJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Siglúvíkur á Svalbarðsströnd.

Milli Siglúvíkur og Geldingsár ræður landamerkjum Dældarlækur við sjó, er öðru nafni kallast Kliflækur, þaðan beint upp svokallað Klif, þar sem lækur þessi rennur fram af milli tveggja lítilla klappa, hvar gerð er merkivarða, þaðan beint í merkivörðu í svokölluðu Selbarði, og þaðan frá eftir beinni línu í Geldingsárgil og ræður það landamerkjum uppá Heiðarbrún og þaðan beint austur á Heiði að landamerkjum Fnjóskárdals, er liggja út og suður eftir miðri heiðinni. Að utan ræður landamerkjum svokölluð merkisklöpp, er stendur lítið eitt frá sjó, og þaðan úr klöpp þessari, sem hún er hæst, beina línu í svokallaðan Sandskarðslæk, er fellur fram á milli tveggja Klappa á svokallaðri Ásabrún, þaðan beint í merkisvörðu utaná svokölluðum Brattahjalla þaðan beina línu í heiði upp, austur til landamerkja Fnjóskárdals.

Siglúvík, 6. Júní 1884.

Stefán Pétursson, Guðjón Árnason (Jarðeigendur)

Framanskriðuðum landamerkjum milli Siglúvíkur og Breiðbóls, er eg sem eigandi Breiðabóls samþykkur.

Jón Sigfússon

Samþykk Guðrún Jónasd. (Eigandi Geldingsár)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 17. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Meyarhóls á Svalbarðsströnd.

Að norðan: úr lítilli klöpp á sjávarbakkanum, líkri grjóthrúku, þaðan í vörðu á klöpp við Geldingsárgil, þaðan í utanverða Lambhúsklöpp, þaðan beint upp í vörðu á neðsta hjalla, síðan beint uppí sjáanlega vörðu á Nautahjalla, þaðan beint upp í lág á miðju fjalli síðan beint til fjallsbrúnar, utanhalt við syðsta skriðuskorning af þremur, síðan beint austur á miðja heiði.

Að sunnan: ræður einstakt sker í sjónum, beint uppí klöpp á bakkanum, og svo í vörðu á sérstakri klöpp á Langakletti, beint í vörðu á mel fyrir neðan Mjóasund, beint upp í vörðu á Langamel, síðan í vörðu á Stekkjarhjalla, þaðan beint uppá brún, rétt sunnan við Dagmálabungur og austur á miðja heiði.

Að vestan ræður sjórinn. Að austan ræður miðja heiðarinnar.

Espihóli, 16. apríl 1884.

Jón Sigfússon

Sigurður Davíðsson (sem eig. og umráðam. Hallanda)

Guðrún Jónasdóttir (eigandi að Geldingsá.)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 17. Júní 1884.

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hvamms í Höfðahverfi.

Að utan ræður til móts við Grenivíkur og Jarlsstaðaland Grófarlækjarós neðst þar sem hann fellur í Bárðartjörnina; þaðan bein stefna upp í merkjagarðsstúf fyrir ofan Grenivíkurhóla, síðan bein lína uppí miðja Merkislág og svo sjónhending uppá Syðstahnjúk. Frá hnjúknum ræður fjallsegginn út að Stóraklettagili, og síðan lækur sá, sem rennur í því niður Gljúfrá.

Að austan ræður Gljúfrá til móts við ~~(Bárðartjörn)~~ Grýtubakka, allt inn að Víðilæk; en að sunnantil móts við Bárðartjörn Víðilækur upp að merkjalínu, sem dregin væri beint frá syðri enda Bárðartjarnarinnar eftir garðmóti í mýrinni þar fyrir ofan, upp í áðurnefndan læk.

Að vestan ræður Bárðartjörninn eftir miðlínu hennar

Hvammi, 31. dag Maímán 1884.

Óvída Jónasdóttir

Samþykkur fyrir Grenivíkurland Oddur Ólafsson

Fyrir Grýtubakka Þorsteinn Jónasson

Fyrir Hól Sveinn Sveinsson

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 16. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hjalla á Látraströnd.

Að utan móts við Hringsdal ræður frá sjó svonefndur Kleyfarlækur uppí Lýsishólatjörn, og svo beina línu í Grjótskálarnjúk, síðan beina sjónhendingu uppað Kaldbakshrauni.

Að sunnan ræður móts við Finnastaði frá sjó, svonefndur Grenislækur uppá svokallaða Hjallabrekku, svo liggja merkin eftir brekkuröðinni suður í læk þann, sem kallaður er Hamarslækur, síðan fylgja merkin læk þessum, sem rennur í smábugðum í fjallinu uppá svonefnda Viðrabrún, þar er uppspretta lækjarins, síðan eftir Viðrabrún suður í Finnastaðaá og svo fylgja merkin ánni, sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak.

Grýtubakka og Grímsnesi í Janúar 1884.

Þorsteinn Jóhannesson Jónasson, Halldór Jóhannesson (eigendur Hjalla)

Framanskriafaða landamerkjalytingu milli Hjalla og Hringsdals, samþykkjum við undirskrifaðir.

Kristján Kristjánsson (eigandi ½ Hringsdal)

Gísli Jónasson (umráðam. á ½ Hringsdal)

Framanskriafaðri landamerkjalytingu á milli Hjalla og eignarjarðar minnar Finnastaða er eg samþykkur.

Munkaþverá í Febr. 1884.

Jón Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 16. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Finnastaða á Látraströnd.

Landamerki á milli Hjalla og Finnastaða eru að neðan talin og uppeftir í læk þann, sem rennur við túnið að norðan og uppá svonefnda Hjallabrekku, svo liggja merkin suður eftir brekkunni suður í læk þann, sem kallaður er Hamarslækur, síðan fylgja merkin læk þessum, sem rennur í smábugðum í fjallinu uppá svonefnda Viðrabrún, þar uppspretta lækjarins. Eftir Viðrabrún þessari hefir verið talið að landamerki liggja suður í Finnastaðaá, og svo fylgja merkin ánni, sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak. Lengst eiga Finnastaðir land, til fjalls í Þverdalsá, sem aðskilur landamerki, eða land á milli Gils í Fjörðum og Finnastaða, og austur í Trölladalsá, sem þá aðskilur land milli Finnastaða og Grenivíkur. Á þessi hefur upptök sín undan svonefndum Þrepskildi. Þrepskjöldur þessi er mjór melhryggur, og undan honum að innan eða vestan kemur á og heitir hún Grenjá, og aðskilur hún glöggt land milli Grenivíkur og Finnastaða alla leið til sjávar.

Munkaþverá í Nóvember 1883.

J. Jónsson (eig. Finnastaða)

Eg sem eigandi og umráðamaður Grenivíkur samþykki þessa landamerkjalyýsingu

Oddur Ólafsson

Hvað framanrituð landamerki milli Finnastaða og Gils áhrærir, þá er eg undirskrifaður þessari landamerkjalyýsingu samþykkur, það sem Gil í Fjörðum áhrærir.

G. Ólafsson

Við undirskrifaðir eigendur jarðarinnar Hjalla erum samþykkir framanskriafaðri landamerkja-lýsingu

Þorsteinn Jónasson

Halldór Jóhannesson

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 16. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Svínárness á Látraströnd.

Að utanverðu ræður til móts við Steindyr Marklækur, sem rennur í gili ofanúr fjalli og niður í sjó. – Að sunnan til móts við Hringsdal eru merki um klett þann eða dranga í fjörunni, sem Meri er kallaður, og þaðan beina línu uppí svokallaðan Svartaklett skammt fyrir neðan fjallsrætur, en síðan úr klettinum beint á fjall upp.

Ljósavatni, 10. okt. 1883

pr. Jón Austmann

Sigurður Guðnason

Sigurður Stefánsson (á Steindyrum)

Gísli Jónasson (á Svínárnesi)

Kristján Kristjánsson (í Hringsdal)

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 16. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Skers á Látraströnd.

Að utan ræður Refsá, sem rennur eftir djúpu gili frá fjallsbrún til sjávar nokkuð nær Grímsnesi en Skeri. En að sunnan ræður svokallað Syðra-Tungugil, sem liggur beint ofan fjallið ofan að láglandi og úr því gili beina línu í Nónbríkurnef, sem skjagar nokkuð fram í sjó, nokkru nær Steindyrum en Skeri.

Svínárnesi, 22. ágúst 1883.

Gísli Jónasson

Sigurður Þórðarson (eigandi ½ Skeri)

Halldór Jóhannesson (eigandi Grímsness)

Sigurður Stefánsson (eigandi Steindyra)

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 16. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grímsness á Látraströnd.

Að sunnan móts við Sker ræður Refsá, er rennur eftir djúpu gili af fjallsbrún til fjöru. Að utan móts við Látur ræður lítil lækjarseyra, sem kemur sunnarlega ofan úr svokölluðum Eilífsárdal, skamt sunnan við Syðri-Eilífsá. Lækur þessi heitir Bolalækur og dregur hann nafn af hrygg þeim, er hann rennur ofan með að sunnan, yzt í svokallaðri Háubrekku. Lækjarseyra þessi rennur beint ofan, en hverfur fram í bjarginu.

Þessa merkjalýsingu staðfestum við undirskrifaðir, sem eigendur og umráðamenn téðra jarða.

Halldór Jóhannesson

Jónas Jónsson

Gísli Jónasson

Sigurður Þórðarson

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 16. Júní 1884.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



Landamerki [Skóga og Skarða]

Ár 1885, Föstudaginn hinn 8. dag Maímán. var setti sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu Benedikt Sveinsson aukþinging á skrifstofu sýslunnar að Héðinshöfða með undirskrifuðum vottum, til að nefna menn í dóm í landamerkjamáli milli Skóga og Einarstaða Skarða í Reykjahverfi. – Á þinginu mætti aðili málsins Sigurpáll bóndi Árnason í Skógum og lagði fram ~~kæru til sáttarnefndar dags (með áteiknuðu vottorði sáttarnefndarinnar)~~ ^{útskrift úr sáttabók Húsavíkursáttaumdæmis} um árangurslausu sáttatilaun í málinu, dags. 11. Sept. f.á þetta skjal einkennist tölul. 1. og er svohljóðandi ... ;

Einnig mætti fyrir hönd jarðarinnar Skarða Jón Ágúst Árnason, óstefndur og kjörinn af hinum tveimur sameigendum jarðarinnar, Jóni bónda Jónssyni á Einarstöðum ^{og} Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hringveri, í umboði fyrir ekkjuna Jakobínu Jónsdóttur á Skörðum.

Að svo vöxnu máli nefndi sýslumaðurinn þessa 8 menn í dóm:

1. Þorberg hreppsnefndarm. Þórarinssyni á Sandhólum
2. Sigurjón bónda Halldórsson á Kvíslarhóli
3. Gísla Ólafsson búfræðing á Héðinshöfða
4. Próf. séra Kjartan Einarsson á Húsavík
5. Verzlunarstjóri Þ. Guðjohnsen á Húsavík
6. Verzlunarm. Hermann Hjálmarsson Húsavík
7. Sigurjón óðalsbóndi Jóhannesson á Laxamýri og
8. Baldvin bóndi Sigurðsson í Garði.

Þá skoraði sýslumaðurinn á málsaðila að nefna hvor um sig 2 menn úr dóminum. Nefndi varnaraðili úr dóminum þá:

1. Gísla Ólafsson búfræðing á Hjeðnishöfða og
2. Sigurjón bónda Jóhannesson á Laxamýri.

Því næst nefndi sóknaraðili úr þá:

1. Próf. séra Kjartan Einarsson á Húsavík og
2. Sigurjón bónda Halldórsson á Kvíslarhóli.

Samkvæmt þessu verða dómsmenn auk sýslumannsins

1. Þorbergur hreppsnefndarm. Þórarinsson á Sandhólum
2. Verzlunarstjóri Þ. Guðjohnsen á Húsavík
3. Verzlunarmaður Hermann Hjálmarsson sst. og
4. Baldvin bóndi Sigurðsson í Garði.

Varð það síðan samkomulag að merkjagangan skyldi fram fara Fimmtudaginn 10. Sept. næstkomandi og skyldu dómsmenn allir vera komnir saman í Skógum kl. 9 f.m. nefndan dag.

Þingi slitið

Þingsvitni: B Sveinsson

Málspartar.

Sigurpáll Arnason

Jón Ágúst Arnason

Vottar



Jakob Hálfðanarson
Jón Pálsson

Ár 1886, þriðjudaginn hinn 29. júnimánaðar var merkjadómur settur að Skógum í Reykjahverfi í landaþrættunni milli tjeðrar jarðar og jarðarinnar Skarða. – Þess skal getið, að merkjagangan í þessu máli, sem 8 dag maimán. f.á var ákveðið að fram skyldi fara 10 septembermán. f.á. fórst fyrir fyrst sökum þess að oddviti merkjadómsins var eigi kominn heim úr alþingisferð, og þvínæst sökum snjókomu og óveðra á seinastliðnu hausti.

Í merkjadómnum sátu auk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu B. Sveinssonar, eptir nefningu 8 mai f.á. verzlunarfulltrúi Þ. Guðjónsen og verzlunarmaður Hermann Hjálmarsson á Húsavík, hreppsnefndaroddviti Bergur Þórarinsson á Sandhólum og Baldvín bóndi Sigurðsson á Garði. Rituðu þeir undir svolagað eiðspjall:

Eg Þórður Guðjónsen, eg Hermann Hjálmarsson, eg Bergur Þórarinsson og eg Baldvín Sigurðsson lofa og sver, að leysa dómstarfa þann af hendi, sem eg hafi verið kvaddur^{til} í landaþrættunni milli Skóga og Skarða í Reykjahverfi eptir beztu þekkingu og samvisku. Svo sannarlega hjálpi mjer guð og hans heilaga orð.

ÞGuðjónsen, H. Hjálmarsson, ÞÞórarinsson, B Sigurðsson

Sækjandinn Sigurpáll bóndi Árnason í Skógum var sjálfur mættur og lagði fram útdrátt ur sáttabók Húsavíkursáttaumdæmis, sem einkennist tölulíð 1. svohljóðandi: [...] og að 1. landamerkjaskrá 24/2 1882 svohljóðandi

Fyrir hönd eiganda Skarða mætti veitingamaður Sveinn Víkingur á Húsavík og lagði hann fram umboðsskjal dags í dag frá umboðsmanni sameiganda jarðarinnar Jóni A. Árnasyni, sem einnig var sjálfur til staðar. Einkennist skjal þetta tölul. 2 svohljóðandi: [...]

Þegar hjer var komið var gengið á merkin. Eptir að domsmenn höfðu kynnt sjer landshætti kom þeim og hlutaðeigandi málsþörtum saman um, að fresta endanlegum dómi í málinu til 10. sept. næstkomandi til að utvega frekari upplýsingar.

Þingi slitið.

BSveinsson, H. Hjálmarsson, ÞÞórarinsson, ÞGuðjónsen, B Sigurðsson
Sv. Víkingur, Sigurpáll Árnason

Ár 1886, Laugardaginn hinn 11. dag Septembermán. var merkjadómurinn í landþrættumálinu milli Skóga og Skarða í Reykjahverfi aftur settur að Skógum, samkvæmt því, sem ákveðið var 29. Júnímán. sem leið, og skipuðu dóminn allir hinir sömu dómendur, og þá.

Mættur var sóknaraðili Sigurpáll bóndi Árnason í Skógum, sem skýrði frá, að hann að árangurslausu hefði reynt til að útvega sér áreiðargerð og lögfestu, sem hann hafi eftir sögusögn föður síns Árna Sigurðssonar, átt von á, að til væri í embættisbókum Þingeyjarsýslu frá tíma Björns sál. sýslumanns Tómassonar, og sér hafi verið skýrt frá, að dómsmálabókin frá seinni hluta embættistíðar hans, væri eigi finnanleg í skjalasafni því, sem sent hefir verið til landshöfðingja; aðeins hafi hann fengið endurrit úr jarðabók Árna Magnússonar, sem hann framlagði undir tölul. 3. og sýnir þessi útdráttur að Dýakot hafi verið sérstök forn eyðijörð, sem seinna hafi verið sameinuð við Skóga. Þá framlagði hann 5 vitnisburðarskjöl, er öll lúta að því, að hinn umþrætti landskiki hafi verið notaður og yrktur frá Skógum.

Voru skjöl þessi einkend tölul. 4-8 insl. og eru svohljóðandi . . . Lagði hann svo vaxið mál í dóm, og fyrir hönd eigenda Skarða mætti krafðist að landamerkin yrðu ákveðin samkvæmt landamerkjaskrá sinni framl. undir að 1. og að sér yrði tildæmur málskostnaður.

Fyrir hönd eigenda Skarða mætti einn af sameigendunum Jón Ágúst Árnason á Skörðum Mýlaugsstöðum og lagði hann fram staðfesta afskrift af afsalsbréfi eða kaupbréfi fyrir 30^{hndr} úr Skörðum dags. 5. maí 1652. Framleggst skjal þetta tölul. 9 svohljóðandi . . . Krefst hann samkvæmt því, að landamerkin milli Skarða og Skóga verði ákveðin þannig, að Skógaá ráði merkjum allt að upptökum hennar, og svo bein lína þaðan í sæluhús á Reykjaheiði. Einnig lagði hann fram vitnisburðarskjal viðvíkjandi þessum landamerkjum og mörkum í þrætuandinu dags. 4. þ.m. og einkennist það tölul. 10. svohljóðandi. Hann lagði einnig málið í dóm, að því viðbættu að hann einnig krefðist að mótparturinn yrði dæmdur til að greiði allan málskostnað.

Var málið þannig lagað tekið undir dóm og að stundu liðinni kveðinn upp í því svolátandi

Dómur:

Í landaþrætumáli því, sem hér ræðir um, heldur sóknaraðili, Sigurpáll bóndi Árnason, eigandi og ábúandi jarðarinnar Skóga því fram, að landamerkin millum jarðar þessarar og Skarða að vestan og utan sé samkvæmt landamerkjaskrá þeirri, er hann hefir framlagt í dóminum, þannig: að Skógaá, sem rennur á milli bæanna niður í svonnefnda Mýrarkvísl ráði merkjum allt upp að krók þeim, sem er á rennsli árinna frá suðri, þar sem einkennilegur hóll stendur í árbugnum. Frá bugnum segir hann að ráði gamalt garðlag, sem enn er sýnilegt og gengur í sömu stefnu og áin meðan hún stefnir beint til austurs í svonefnt sæluhús á Reykjaheiði. Varnaraðilar, eigendur jarðarinnar Skarða fara aftur á móti því fram, að nefnd Skógaá ráði merkjum allt að upptökum sínum, sem eru fyrir ofan og sunnan Skógabæ og byggja það á gömlum afsalsbréfi fyrir Skörðum dags. 5. maí 1652, er séra Bjarni Jónsson seldi biskupinum herra Þorláki Skúlasyni 30^{hndr} í jörðunni Skörðum í Reykjahverfi, en þar segir svo, : „en fyrir sunnan Skörð segir hann að ráði landamerkjum Skógaá, sem fellur milli Skóga og Skarða, fylgir jörðu þessari Skörðum allt samfelt land Grísatungu og allt austan að sæluhúsinu.“

Þó að nú orðin í afsalsbréfinu, að Skógaá, sem fellur millum Skóga og Skarða ráði merkjum, séru svo víðtæk, að þau í sjálfu sér geti skilzist um ána allt að upptökum hennar, þá getum vér meiri hluti dómsmanna samt ekki fallizt á að þessi skilningur geti samrýmst við það, sem landshættirnir og eðlileg merkjasetning virðist svo augljóslega að benda á, enda er hann ekki hinn eðlilegasti, þegar einnig er haft tillit til hinna annara orða í afsalsbréfinu: „allt samfast land, Grísatungur og allt austur að sæluhúsum á móts við Fjallamann“, því eins og Grísatungur og sæluhús virðast vera valin til að tákna landamerki Skarðalands að sunnan til fjalls jafnhliða Skógaá að neðanverðu, þannig fellur landamerkjaliná sú, sem sakaraðili heldur fram, og sem verður eðlileg og bein landamerkjaliná, rétt sunnan við Grísatungur, sem því allar lenda Skarðamegin, hvará móti sú lína, sem dregin væri eftir kröfu eigenda Skarða úr upptökum Skógaár og uppí sæluhús, lenti svo langt fyrir sunnan Grísatungur, að óeðlilegt yrði að miða suðurmörk Skarðalands við þær, í staðinn fyrir að landið fyrir sunnan þær Grísatungur niður að upptökum árinna Skógaár, sem yrði landsgeiri svo breiður, að neðan, að hann skæri sundur heimaland Skóga frá landi því sem til heiðar, sem að öðru leyti er viðurkennt að jörðunni tilheyri. Vér fáum og eigi séð, að garðlag það, sem hið forna, sem áður er getið, að gangi úr árbugnum í stefnu austur að sæluhúsinu geti haft aðra þýðingu en þá, að sýna, að merkin skyldu víkja frá ánni, er hin beina stefna hennar þraut, í þá átt Grísatungur og Sæluhús, sem afsalsbréfið bendir til, og á það þetta verðum vér að leggja því meiri áherzlu sem á að gizka jafnhliða landamerkjagarður er enn sýnilegur frá Mýrarkvísl og upp til fjalls millum Skóga og Skarða eyðibýlisins Dýakots, sem seinna hefir sameinast



Skógum, og aftur millum Dýakots og Heiðarbótar, svo auðsætt virðist að garðsetning í sömu stefnu til fjalls hefir verið viðhöfð á nærliggjandi jörðum til að afmarka bein og regluleg landamerki millum jarðanna.

Þegar nú enn fremur er haft tillit til þess, að ~~hið~~ eigendur Skarða ekki hafa vefengt hin framlögðu vottorð um notkun þrætulandsins frá Skóga hálfu þó þeir einnig segist hafa notað það óátalið, hljótum vér að komast til þessarar niðurstöðu, að landamerkjálína sú, sem sakaraðili heldur fram sé rétt. Eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að greiðast að jöfnu af báðum málspörtum.

Því dæmist rétt að vera:

Landamerki milli Skarða og Skóga er Skógaá meðan hún rennur beint frá ósi hennar í Mýrarkvísl og í garð þann, sem liggur yfir þvera Litlumýri þar sem Skógaá beygist til suðurs, og svo bein stefna úr garðinum í sæluhús austur móts við Skarðaland. Málskostnaður þar á meðal dagpeningar merkjadómsmanna kr. 39,00 greiðist af hálfu af sakaraðila og að hálfu af varnaraðila. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu ~~dóms~~ hans undir aðför að lögum.

Dómurinn var í réttinum upplesinn.

Réttinum sagt upp.

BSveinsson, Þ. Guðjohnsen, ÞÞórarinsson

Með agreiningsatkvæði

HHjálmarsson, B Sigurðsson

Við undirskrifaðir getum ekki verið okkar heiðruðu meðdómendum samhljóða í máli þessu, þar eð við álítum, að hið umrædda þrætustykki eigi að fylgja jörðunni Skörðum, primo sökum þess, að í afsalsbréfinu fyrir Skörðum er skýlaust tekið fram, að Skógaá ráði landamerkjum milli Skarða og Skóga, secundo er garður sá, sem hinn heiðraði meiri hluti byggir á, mjög ómerkilegur í sjálfu sér, og enn fremur hafa engin vottorð, hvorki skrifleg eða munnleg komið fram, sem í minnsta máta einkenni hann, sem landamerkjagarð, að því undanskyldu, er sækjandinn sjálfur segir um hann og 3^o hallar ^{landa}merkjum Skógalands að sunnan suður á við áþekkt því, sem þau gera að norðan, ef Skógaá ræður að upptökum.

H Hjálmarsson

B Sigurðsson



Landamerki Skála í Sauðanesshreppi.

Á yzta og austasta odda Langaness í Þingeyjarsýslu, sem kallast Fontur, stendur gjótvarða er Steinka heitir, hún skilur land, fuglbjarg og reka millum jarðanna Skála og Sköruvíkur, þó svo að svonefnd Fontfjara öll heyrir Skálum til. Þaðan skilur land miðlína eftir tanganum í grjótvörðu þá, er stendur á ytri Tóuöxl, þaðan bein stefna yfir skurð þann er ofanvið flóabotn í grjótvörðu á Fremmri Tóuöxl, þaðan bein stefna yfir Bjarnavatn í vörðu á holti í Ölvesflóa, þaðan bein stefna yfir skurð þann er liggur um Ölvesflóa í grjótvörðu á heiðarbrún, og þaðan enn bein stefna yfir norðanvert Mjóavatn í Skálakross, ensvo nefnist allstór og einkennileg þúfa, er stendur á melhrygg inn á heiðinni sunnan við Sauðöxl

Skálum hinn 12. Október 1883

G. Sigurðsson, V. Guðmundsson (bændur á Skálum)

G. Magnússon, Kristinn Magnússon (bændur á Sköruvík)

Til Framhalds hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá, skal því hér lýst yfir, að millum Skála og Kumblavíkur skilur land og reka bjargnef það, er gengur fram til sjávar úr svonefndri Sóknahlíð (Súrnahlíð) þaðan skilur land bein stefna yfir grjótvörðu á heiðarbrúninni í Skálakross

28. Júní 1885

G. Sigurðsson, V. Guðmundsson (bændur í Skálum)

Jón Benjamínsson (bóndi á Kumblavík.)

Lesið á manntalsþingi að Sauðanesi 15. Maí 1883.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00. Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Eyðis á Langanesi í Sauðanesshr.

Að norðaustanverðu skiftir Kólfshvammslækur reka og landi við sjó. Þaðan ræður bein stefna yfir Hrollögsstaðafjall til vörðu á Hamrafjalli þaðan ræður bein stefna vestur yfir Heiðarfjall í vörðu á Djúpadalasmel; þá bein stefna úr þeirri vörðu niður að vörðu á Mjóavatnsholti, þaðan bein stefna norður í vörðu á Gunnvararvatnsbakka þá ræður austurhlíð vatnsins að vörðu á vatnsbakkanum, sem er niður af Stórahvammi; þá bein stefna upp Stórhvamm að vörðu sem er á lindarbakka rétt vestan við heystæði nálægt miðjum hvamminum, og enn sama stefna uppeftir um vörðu ofan við Hvamminn og af uppá Nónfjallsbrún. Þaðan ræður bein stefna í vörðu fyrir øfutan Öldudal; þá bein lína í þúfustein í Fagranesskarði, og þaðan beina línu yfir Naustann í Dranginn sjóarmegin, sem líka skiftir reka. – Framanskriðuð landamerki samþykkir eigandi jarðarinnar

Daníel Jónsson.

Og eigendur Fagraness:

Sigurbjörg Sigurðardóttir, Þorbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónsson, Helgi Jónsson, Skúli Þorsteinsson, Baldvin Þorsteinsson

V. Guðmundsson (Eig. að Hrollögsst)

S. Sæmundsson, D. Jónsson (Eigendur að Heiði)

Daníel Jónsson (Eigandi hálfleudu Hlíðar)

G. Þorsteinsson (fjárhaldsmaður 3. ómyndugra barna, sem eiga ½ Hlíð.)

Lesið á manntalsþingi að Sauðanesi, 15. dag Maimán. 1885.

B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00, Ein króna –

B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Ormalóns í Svalbarðshreppi.

Að austan og sunnan milli Sveinungsvíkur og Ormalóns: Úr miðri Súlnahöfn beint fram há fjallgarðinn suður í bláskriðu.

Að vestan milli Hóls og Ormalóns skilur Ormarsá fram í Bláskriðu.

Rekaland úr miðri Súlnahöfn í Ormarsá.

Akureyri 16. Jan. 1883

Stephán Stephensen

Hóll og Ormalón eru báðar eign landssjóðs.

Stephán Stephensen

Jón Sigurðsson (Eigandi Sveinungsvíkur)

Árni Jónasson (Eigandi Krossavíkursels)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 16. dag Maímán. 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Flautafells í Svalbarðshreppi.

Að austan ræður Svalbarðsá frá Merkilæk að Þverárfellsárósi.

Að sunnan ræður Þverfellsá frá ósi til Arnbjargarlækjar í svokallaðri Þröng við Súlnafjallgarð.

Að vestan ræður Súlnafjallgarður frá Arnbjargarlæk að Þvermel skammt sunnan við Einarsskarð.

Að norðan: Bein stefna úr Þvermel í Stóraskriðugil, vestan í Flautafellsfjalli, síðan beint yfir Flautafellsfjall í upptök merkilækjar, en úr því ræður merkjunum til Svalbarðsár.

Akureyri, 16. Jan 1885.

Stephán Stephensen.

G. Vigfússon samþykkur hvað landamerkin snertir.

Ofan nefndum landamerkjum erum við Garðs eigendur samþykkir

Gunnlaugur Sigvaldason, E. Kristjánsson, Guðmundur Einarsson, Þ. Einarsson.

Reki tilheyrandi Flautafelli eður Flautafellsreki. Frá Gautavík til Stöðulslækjar, hálfur hvalur, hvort sem rekur eða er fluttur.

Akureyri, 16. Jan. 1883.

Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 16. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Sveinungsvíkur í Svalbarðshreppi.

Að vestan milli Ormalóns og Sveinungsvíkur úr miðri Súlnahöfn beint fram há fjallgarðinn fram á mótis við ~~há fjallgarðinn~~ mitt Deildarvatn.

Að austan milli Krossavíkur og Sveinungsvíkur úr Sauðá og beina stefnu í mitt Deildarvatn – Reki jarðarinnar er frá Sauðá til Súlnahafnar og tilheyrir jörðunni allur ~~nema stórviðarreki á Rakknesi, sem Múlakirkja á~~

[Viðbót með öðrum lit og annarri rithönd]

ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. Því niður fallið. JS

Skinnalóni, 25. Febr. 1884.

Jón Sigurðsson

Árni Jónsson við Krossavík óðalsbóndi

Jón Benjamínsson ábúandi á Sveinungsvík

Þorgrímur Kristjánsson bóndi í Ormalóni.

Samþykkur hvað Ormalón snertir

Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 16. dag Maímán 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Heiðarmúla í Svalbarðshreppi.

Að austan ræður gildrag vestanvert við fjallgarðinn framanvert við Einarsskarð og fylgir landið Einarsskarðskvísl, sem liggur vestan við fjallgarðinn þar til hún kemur í Ormarsá og ræður þannig umgetin kvísl landamerkjunnar að austan og norðanverðu, en uppi frá því Ormarsáin að vestan verðu fram að Axarfjarðarheiðar þjóðvegi, en þar eftir fylgir landamerkjastefnan farveg þeim, er liggur úr gili á milli Mýrarsels og Djúpárbotna, og ræður þá bein stefna frá áminnstu gili að sunnan þvert yfir hæðir og urðir, austur að fyrnefndu Einarsskarðsgili

Skinnalóni, 28. Júní 1884.

Jón Sigurðsson

Hvað takmörkin, að austan ^{og norðan} snertir samþykkir G. Vigfússon.

Samþykkur hvað Sandfellshaga snertir Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 16. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Reki

Tilheyrandi Munkaþverárk[!]austri fyrir landi
jarðarinnar Álands í Þistilfirði

Milli Kolkuár og Sandár fjórðungur og áttungur í hvalreka slíkt hið sama í flutningum, og allan viðarreka nema það eitt undanskilið, er leiguliða ber til réttar og selju.

Akureyri, 16. Janúar 1883

Stephán Stephensen

Ofanskrifuðum rekamerkjum erum við samþykkt

Björn Bjarnason, Ingiríður Ásmundsdóttir (Eigendur að jörðinni Ytra-Álandi)

[Ritað á spássíu með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. Niður fallið. JS.

Lesið á manntalsþingi að Sauð Svalbarði, 16. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B. Sv.

[Þverstríkað yfir færsluna með öðrum lit]



Landamerki Hóls í Presthólahreppi.

Að austan ræður Ormarsá að vörðu er stendur við ána á svokölluðum Hólsfitjum.

Að vestan ræður Ytri-Deildará neðan frá sjó í Ytra-Deildarvatn og síðan eftir Syðri-Deildará í Syðra-Deildarvatn og síðan beina stefnu sunnan við Héðinsstaðavatn í vörðuna á Hólsfitjum

Akureyri, 16. Janúar 1884.

Stephán Stephensen

Samþykktur hvað Brekku snertir P. Rafnsson

Raufarhöfn og Ormalón eru eins og Hóll eign landssjóðs

Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 16. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Harðbaks í Presthólahreppi.

Að vestan milli Harðbaks og Skinnalóns. Úr stæðsta steininum í hestmöl, sem stendur undir miðjum austurforvaða ofan við flæðarmál og þaðan í mjósundin, síðan fram Hraun í Hafnarána í arkrókinn, þaðan beint fram í Sellækjarósinn þar sem hann fellur úr Selvatni.

Að austan milli Ásmundarstaða: Úr Hringlónaós í svokallaða Kellingareyri, þaðan í lítinn hól eða vörðubrot á Harðbaksholtum, þaðan í Klausturstein (sunnaná Harðbaksjarðbakka).

Þaðan í Greni í svokölluðum Brandstaðajarðbakka og þaðan beina stefnu efst í Selvatn.

Rekamark úr Hringlónaós í steininn á Hestamöl

Akureyri, 16. Jan. 1883

Stephen Stephensen

Jón Sigurðsson (Eigandi Skinnalóns og Ásmundarstaða

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 16. dag Maím. 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna –

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Rifs í Presthólahreppi.

Að austan milli Skinnalóns: Úr miðri Kanavík í vestanverða Ólafsmöl og þaðan í „Afréttinn“ í Arnarvatni, þaðan í miðjan Grófnalæk og réttlínis í Arnarhól eður þúfu, sem er vestan við Skálavötnin; þaðan beint í norðvestur hornið á Rifsæðarvatni hinn yzta, eður Kvíslarósinn úr vatninu, síðan eftir Rifsæðarvötnum og í Hvannlæk, síðan í Hvanntjörn og þaðan beina stefnu í vestanvert Hólmavatn.

Að vestan: Úr stórum steini í lítilli tjörn, er liggur utan við Straumtjarnir og í Leutnantsvörðu og síðan fram Mjóuvatnsása og beina stefnu fram á móts við Hólmavatn.

Rekatakmark úr miðri Kanavík í stóran stein í lítilli tjörn, er liggur utan við Straumtjarnir.

Akureyri, 16. Jan. 1883

Stephán Stephensen

Raufarhöfn og Blikalón eru eins og Rif eign landssjóðs.

Stephán Stephensen

Jón Sigurðsson (Eigandi Skinnalóns)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði Presthólum, 16. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Raufarhafnar í Presthólahreppi.

Að austan ræður Deildará í Ytra-Deildarvatn og þaðan þangað $\#$ er Hólmavatnslækur kemur úr Hólmavatni.

Að vestan milli Ásmundarstaða og Raufarhafnar: Úr gegnislæk í Glápavatnspúfu og þaðan beint í læk, er rennur úr Ólafsvatni og í Selvatnið þar sem Sellækur kemur úr því og síðan í Rifsæðavötn, síðan í Hvannlæk, síðan í Hvanntjörn og þaðan beint í vestanvert Hólmavatn.

Akureyri, 16. Jan. 1883.

Stephán Stephensen

Jón Sigurðsson eigandi Ásmundarstaða og Skinnalóns.

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 16. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Skinnalóns í Presthólahreppi.

Að austan milli Harðbaks og Skinnalóns: Úr stæðsta steini á hestamöl, sem stendur undir miðjum austurforvaða, rétt fyrir ofan flæðarmál, þaðan í Mjósundin og fram Hraunhafnarána í árkrókina, þaðan beint fram í Selvatnslækjarósinn þar sem hann fellur úr vatninu og réttlínis þaðan yfir í æðarvatnspúfu og norðaustur hornið á Rifsæðarvatni.

Að vestan, milli Rifs og Skinnalóns: Úr miðri Kanavík í vestanverðri Ólafsvíkumöl, þaðan í „afréttina“ í Arnarvatni, þaðan í miðjan Grófnalæk og beint í Arnarhól, eður þúfu, sem er vestan við Skálavötnin, þaðan beint í norðvesturhornið á Yzta-Rifsæðarvatni eður kvíslarósinn.

Skinnalóni, 20. Desember 1885.

Jón Sigurðsson.

Samþykkur hvað Harðbak, Rif og Raufahöfn snertir.

Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 16. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna -

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Snartastaða í Presthólahreppi

Að sunnan milli Brekku og Snartastaða úr tréstauro, sem settur hefir verið niður við sjó, þaðan beint uppí stein í Reiðgarði; þaðan í Kötlufjall og svo í Klíningsskarð, þaðan sunnan við Beltisvatn og síðan í Blikalónsdal, þar sem Hólsstígsþjóðvegur liggur yfir Blikalónsdalinn.

Að norðan úr Mýgindisdal, sem er utan og vestan í Snartastaðanúp og þaðan austur í Krossholt utanvert, og svo í fjall upp í grjótvörðu, sem hvalbein er hlaðið í þaðan austur fjöll, sunnan vert við Litfaramýri, sömu stefnu austur á Blikalónsdals vestari brún, að svo kölluðum Sveinum, þar sem þrjár vörður standa.

Rekatakörk. Úr tréstauro við sjó í Mýgindisdal vestur í Snartastaðanúp.

Akureyri, 16. Jan. 1884.

Stephán Stephensen, P Rafnsson

Leirhöfn og Blikalón eru ásamt Snartastöðum eign landssjóðs.

Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Presthólum, 18. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna -

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Skuggabjarga í Grýtubakkahreppi

Að utan milli Laufáss og vestan milli Þorsteinsstaða og Nolls ræður Gæsalækur alla leið fram fyrir ofan Nónhnjúk.

Að sunnan milli Þverár ræður bein stefna ofan Nónhnjúk (Breiðahnjúk) og ofaní Garðbrot vestan við túnið á Þverá.

Að austan ræður Fnjóská.

Akureyri, 5. Júním. 1884.

Stephán Stephansen

Þessi merki samþykkir Gísli Ásmundsson (eigandi Þverár)

Þessi merki samykkir, að því leyti, sem þar viðkoma Laufási, Þorsteinsstöðum og Nalli.

Magnús Jónsson (Laufásprestur)

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 23. Maí 1885

B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hléskóga í Grýtubakkahreppi.

Að neðan ræður, til móts við Nes, bein lína sunnan úr Sóleyardýi út eftir svokölluðum Ófærum í Flæðakílinn, þar sem krókur verður á honum, og hann fer að renna í norður, en eftir það ræður kíllinn, þar til hann aftur stefnir í vestur. – Að utan ræður til móts við Grýtubakka og Grýtu, kíll fyrir utan Landhólmaskott, og úr þeim kíll bein stefna upp í Naustadæl miðja, en þaðan bein lína upp í Bóndatóft. Þá ræður þaðan móti Kolgerði sjónhending í vörðu syðst og vestast á svokölluðum Bungum, svo sama bein lína upp í Grýtuhóla og svo eru úr því merki eftir röðlinum á hrygg þeim, sem er milli Benediktsskarðs og Grýtuskálar á fjall upp. Að sunnan ræður til móts við Lómatjörn bein lína neðan úr Sóleyardýi upp á fjall, og liggur lína þessi um suðurbrún á hæðum þeim, sem eru utan við Lómatjarnardal í gilskoru, sem þar er uppundan, og þaðan upp í stórt gil við sjóinn sunnan við Dýjahjalla og Grenishjalla á fjall upp.

Nesi, 23. dag Aprílmán. 1884.

Einar Ásmundsson

Þessa landamerkjaskrá samþykki eg hvað Kolgerði viðkemur

G. Ólafsson

Þessa landamerkjaskrá samþykki eg hvað Grýtubakka snertir

Þorsteinn Jónasson

Þessa landamerkjaskrá samþykki eg það sem snertir Laufáskirkjujörðina Lómatjörn

Magnús Jónsson

Að Nesi er sami eigandi, sem að Hléskógum.

Einar Ásmundsson

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 23 Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

Kr. 1,00 – Ein króna

B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki hjáleigunnar Kolgerðis.

Frá Bóndatóft ræður sjónhending milli Hléskóga og Kolgerðis í vörðu, syðst og vestast á svokölluðum Bungum; svo þaðan bein lína uppí neðanverðan röðulinn á Litlahnjúk milli Grýtuskálar og Benediktsskarðs. [...] frá Bóndatóft bein stefna út í Bleiksskál og þaðan út í Grýtuna og eftir henni uppí Grýtuskál; hér að auki frjals upprekstur á heiðina og kúa og hesaganga í Grýtubakkalandi.

[Útstrikunin að ofan gerð með öðrum lit.

Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítaki ekki lýsta samkvæmt áskorun 20.5. '53. JS

Höfða, 19. dag Maímán. 1885.

G. Ólafsson

Landamerkjaskrá þessa samþykki eg vegna Hléskóga.

Einar Ásmundsson.

Landamerkjaskrá þessa samþykki eg vegna Grýtubakka

Þorsteinn Jónasson

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 23. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Bókun og þingl. 1 – ein – króna

B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Höfða í Grýtubakkahreppi.

Samkvæmt landamerkjalögum dags. 17. Marz 1882, lýsi eg undirskrifaður umsjónarmaður Höfðakirkju í Höfða hverfi, ummerkjum að heimalandi kirkjustaðarins Höfða.

Að norðan ræður til móts við kirkjujörðina Svæði bein lína frá sjó mili ytri og innri Kvígudals frá miðri Klettaborg þeirri, sem er milli dalanna og upp Höfðann sama bein stefna þar til Hólslands tekur við. Úr vörðu hlaðinni á þeim stað ræður bein ~~stefna~~ lína spottakorn fyrir vestan Grástein og Fenhóla suður Orralágarás í vestanvert Stakholt, og þaðan suður í Krossvörðuholtenda og suður í Lækjargil utan við Krossvörðu, sem liggur ofan að Lónunum utarlega; síðan eftir miðjum Lónunum til móts við Nessland, austan við Lónshöfða og Nunnuhólma, en úr því er sjórinn takmark jarðarinnar.

Höfða, 19. dag Maímán. 1885.

G. Ólafsson

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur, að því er snertir jörðina Nes.

Einar Ásmundsson

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur, að því er snertir jörðina Hól.

Sveinn Sveinsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 23. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25 = 1 – Ein – króna B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Sunds í Höfðahverfi í Grýtubakkahr.

Að sunnan verðu ræður lækjargil upp frá Lónunum utan við Krossvörðu, síðan bein stefna úr Krossvörðu holtendanum ytri út í vestanvert Stakholt og síðan út eftir Ormalágarásnum að vörðu sem aðskilur Hólísland. Frá henni ræður bein stefna austur eftir utan við Sundstún í utanvert Hólshólanef og þaðan suður eftir hólunum bein stefna hérumbil suður í mið Lónin, austan við vestari Imbugerðisklappir. ~~(Héraðsáki á Sundsbóndi frjálsa beit í Höfðalandi fyrir þann pening, sem kotið fóðrar)~~

[Útstrikun með öðrum lit

Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítaki ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. JS

Höfða, 19. dag Maímán. 1885.

G. Ólafsson

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur að því er snertir jörðina Hól.

Sveinn Sveinsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 23. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25 = 1 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Svalbarðs í (Svalbarðsstrandarhrepp).

Með tilheyrandi hjáleigum Mógili og Meðalheimi samt kirkjujarðanna Tungu og Breiðabóls.

Að norðan þar sem Dálkstaðaland tekur við, úr svonefndum Festarklett niður við sjó, þaðan upp í steinalág, sem liggur framan í Efstahjalla, þaðan beint til fjalls á Dálkstaðahjúk upp, og síðan ofan af hnjúknum beina stefnu austur í vörðulínu þá, sem skiftir heiðinni, er byrjar að norðan úr Hrossadalslæk í vörðu ofarlega á Reiðholti, og þaðan beina línu til suðurs eftir vörðum vestan við Kirkjustein.

Að sunnan, þar sem Siglúvíkurland tekur við: Úr merkjaklöpp (Einstökuborg) niður við sjó, beina stefnu í Sandskarðsgil, upp í vörðu á Brattahjalla, og þaðan beint á heiði upp, austur í áðurnefnda vörðulínu. – Að vestan ræður sjórinn.

~~Þaðauki áskilja máldagar Svalbarðskirkju sjöttung viðreka, fyrir hverri jörð á Svalbarðsströnd frá Hraná inn undir Tvílæki, og áttung af tvítugum hval, samt allan reka hvals og víðar fyrir utan land, milli Sökkabryka, en þaðan inn að kletti þeim, sem stendur framan á Kjálkanesi, fjórðung í hval og víðarreka~~
[Útstrikun gerð með öðrum lit

Ritað á spássíu með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítökum ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5. '53 því niður fallin JS.

Espihóli, 16. apríl 1884.

Jón Sigfússon.

Ofanskriðuðum landamerkjum er eg sem ábúandi Neðri-Dálstaða samþykkur

Guðmundur Sigurðsson

Framanskriðuðum landamerkjum er eg sem eigandi og ábúandi Siglúvíku samþykkur

Stefán Pétursson

Framanskriðuðum landamerkjum Dálkastaða er hreppsnefndin í Hálshreppi samþykk

pt. Hálsi 28. okt. 1885.

Sigurvin Bergvinsson

Gísli Ásmundsson

Hannes Friðriksson

J. Ingjaldss

Gunnlögur Einarsson

Bjarni Bjarnason

Ólafur Guðmundsson.

Lesið á Manntalsþingi að Svalbarði, 26. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

Kr. 1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



Landamerki Geldingsár í Svalbarðsstrandarhreppi.

Að sunnan ræður landamerkjum milli Meyarhóls og Geldingsár, lítill melhóll niður við sjó, er líkist sjálfgerðri vörðu, og þaðan beint upp í vörðu á svonefndum Hamri og þaðan beint í vörðu á svonefndri Lambhúsklöpp, og þaðan upp í vörðu á Naustahjalla, og þaðan beint uppí Skriðufjall af þeim þremur, er kemur ofan af brún í Efra-Fjalli, og þaðan beint í heiði austur til landamerkja Fnjóskdælinga er liggja út og suður.

Að utan ræður landamerkjum milli Siglúvíkur og Geldingsár, Dældalækur við sjó, er öðru nafni kallast Kliflækur; þaðan beint upp á svokallað Klif, þar sem lækur þessi rennur fram af milli tveggja lítilla klappa hvar gerð er merkivarða; þaðan beint í vörðu á svokölluðu Selbarði, og þaðan beint í Geldingsárgil og ræður gil þetta landamerkjum upp á heiðarbrún, og þaðan beina línu austur að landamerkjum Fnjóskárdals er liggja eftir heiðinni út og suður.

Geldingsá, 22. dag Maímán. 1885.

Guðrún Jónasdóttir (ábúandi og eigandi jarðarinnar).

Jón Sigfússon (eigandi Meyarhóls)

Landamerkjaskrá þessari er eg samþykkur, hvað áhrærir landamerki milli Siglúvíkur og Geldingsár.

Stefán Pétursson (eigandi að 11^{hndr} í Siglúvík)

Eigandi að hinum helmingnum. Guðjón Árnason.

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 26. Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25 = 1 – Ein – króna B. Sv.



Landamerki
Engjamerki milli Þórisstaða og Leifshúsa

Að utan á svonefndum Votahjalla stendur stór grjótvarða, frá henni smávörður ofan þverar Uppmýrar, millum Breiðennis og Brattennis og ofan í stórt holt sunnanvert við Breiðulá. Þessar vörður aðskilja Þórisstaðaengi að utan en Leifshúsaengi að sunnan, þ.e. að segja á Uppmýrum.

Að neðan ráða og einnig smávörður er standa á beinni línu frá sjó upp frá litlum vog utanvert í Þórisstaðaklöppum og í götur þær er liggja út frá Þórisstaðavelli nyrzt, sem aðskilja Þórisstaðaengi að utan, en Leifshúsaengi að sunnan, þar til kemur önnur varðalína, sem liggur beint ofan frá Þórisstaðavallarféti, og niður í holt er liggur af sjávarbakka og upp utan við hvarma, þessi varðalína aðskilur Þórisstaða engi að sunnan, en Leifshúsa engi að utan.

Að sunnan á svonefndum teig eru merki þannig: Ofarl. á áðurnefndum teig stendur stór þúfa (merkiþúfa) upp að þeirri þúfu eiga Þórisstaðir en fyrir ofan Leifshús. Fjalli óskift, bithaga beggja jarða. Fjöru óskift?

Þórisstöðum, 28. Júní 1884.

Baldvin Bergvinsson (Eigandi að 1/3 úr Þórisst)

Baldvin Baldvinsson á Leifshúsum (Fyrir hönd eigandans)

Rósa Sigurðardóttir (Eigandi að ½ Þórisstöðum)

Jónatan Jónsson (umráðamaður 1/6 Þórisstöðum)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði, 26. Maímán. 1885.

B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

B. Sv.



Landamerki Tungu í Hálshreppi

Að sunnan ræður Hamarslækur. Að vestan ræður Fnjóská.

Að suðaustan ræður Einirshólsgil og þaðan beina stefnu í grófina næst fyrir utan Bakkatún.

Tungan milli Bakkaár og Fnjóskár tilheyrir jörðunni

Akureyri, 16. jan. 1883

Stephán Stephensen.

Að hin svonefnda Bakkaá aðskilji Tunguland á aðra síðu og Bakka og Bakkasels lönd á hina, viðurkenna

Helgi Davíðsson (ábúandi Bakkasels)

Jónatan Þorláksson (Eigandi Bakki)

Að Fnjóská, sem rennur framan eftir Bleiksmýrardal, skilja lönd jarðanna Tungu að austan og Reykja og Sellands að vestan votta undirskrifaðir.

Jónatan Davíðsson (Bóndi á Reykjum)

Jón Jónsson (bóndi á Sellandi)

Í umboði eigandans hvað Selland snertir

Guðmundur Davíðsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Snæbjarnarstaða í Hálshreppi

Að sunnan milli Hjaltadals liggur merkjagarður um miðja vega, er ræður merkjunum.

Að austan ræður Barká. Að vestan fjallsbrúnin. Að norðan ræður Einarshólgil og þaðan beina stefnu á grófina fyrir utan Bakka

Akureyri, 16. Janúar 1885.

Stefán Stephensen.

Snæbjarnarstaðir Bjarni Davíðsson

Hjaltadal Sigurgeir Hallgrímsson, Benedikt Sigurðsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremmstafelli

Að sunnan ræður Ytri-Jökulsá. Að vestan Dalsá. Að norðan ræður Stóraskriða, eða Stóruskriðulækur.

Að austan er fjallsbrúnin

Akureyri, 16. Janúar 1885

Stephán Stephensen

Ofanskrifuðu samþykki, það sem snertir landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Heiðarhúsa („að vestan Dalsá“)

Laufási, 5. Marz 1885.

Magnús Jónsson

Þetta samþykki- eg fyrir Hálsmannatungur „að sunnan ræður Ytri-Jökulsá

Pétur Jónsson

Þessu er eg samþykki vegna eiganda Knarareyrar.

Hannes Friðriksson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 27. Júní 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Reykja í Hálshreppi

Í suður eiga Reykir af Bleiksmýrardal suður af Gönguskarði, samt Gönguskarðið að utan suður að Gönguskarði, samt Gönguskarðið að utan suður að Skarðdalsá og Skarðdalinn að vestan, samt Gönguskarðið út að Ytri-Jökulsá. Að austan ræður Fnjóská. Að vestan ræður fjallið. Að norðan ræður Reykjaá uppí vesturgil og síðan til fjalls eftir gilinu.

Akureyri, 16. Janúar 1885.

Stepán Stephensen

Bleiksmýrardalur er eins og Reykir eign landssjóðs

Stephán Stephensen

Reykja landamerki að sunnan er Skarðsá frá upptökum hennar úr heimara jökli á Skarðsdal, og eftir því, sem hún rennur þaðan í Gönguskarði og úr því í Fnjóská. Í Gönguskarði norðvestur er Ytri-Þröskuldur þvers þar yfir landamerki Reykja og Garðsár, sem og Almennings. Til suðurs frá Skarðsá, liggur Vestur-Bleiksmýrardalur land Akureyrar kirkju.

Vegna Sellands Jón Jónsson

Garðsá á land fram að Gönguskarðslæk og austur í mitt Gönguskarð að norðan verðu, austur fyrir tjörn þá, er þar stendur og téður lækur úr fellur og austur í Þröskuld. Þannig eru landamerkin ritin í gömlum kaup- og makaskiftabréfum löggiltum fyrir Garðsá, og svona hafa þau verið haldin í þeirra manna minni, sem nú lifa hér í sveit og kunnugir eru ofangreindum örnefnum.

Garðsá 18. Ágúst 1883.

Á. Hallgrímsson

Samþ. að því er snertir afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal.

G. Helgason

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Þórðarstaða í Hálshreppi.

Að utan ræður Ytra-Búðargil og lækur er úr því fellur kallaður Búðará.

Að sunnan ræður Botnagil og lækur er úr því fellur kallaður Víðirlækur allt ofan í Víðirnes og úr hoonum beina stefnu í Fnjóská, sunnan við Prætubrekku.

Að vestan ræður Fnjóská. Að austan Fjallið.

Akureyri, 16. Janúar 1883

Stephán Stephensen

Samþykkur ofangreindum landamerkjum milli Þórðarstaða og Lunds er eigandi Lunds.

Guðmundur Davíðsson

Samþykkur ofanrituðum landamerkjum milli Þórðarstaða og Belgsár, er ábúandi Belgsár

Jónas Indriðason

~~Undir jörðina heyrir mót geitnabeit á vestrum í Þórðarstaðalandi, engjateigur í Fjósatunguengi, er takmarkast að sunnan af landamerkjum Fjósatungu og Grjótárgerðis, að norðan kýlfarvegur úr syki við Fnjóská alla leið, að vestan Djúpikýll syðst og síðan bein stefna úr norðurenda hans í túnbrekkuna á Steinkirkju.~~

[Strikað út með öðrum lit.

Skráð með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítaki ekki lýst samkv. áskorun 20. maí 1953. Því niður fallið JS.

Akureyri, 20. Júlí 1883

Stephán Stephensen.

Samþykkur vegna Fjósatungu með skírskotun til meðfylgjandi samnings.

Guðmundur Davíðsson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lýsing á samningi milli jarðanna Þórðarstaða og Fjósatungu í Hálshreppi.

Hér skal þess getið, að það hefir verið langsöm venja að ábúendur Fjósatungu ljá árlega ábúendum Þórðarstaða vissan engjateig í Fjósatunguengi einungis til slægna, er takmarkast að sunnan af af landamerkjaskurði Fjósatungu og Grjótárgerðis, að norðan kýlfarvegur úr sýki við Fnjóská, að vestan Djúpikýll syðst, og síðan bein stefna úr norðurenda hans í túnbrekkuna neðan við Steinkirkjutún.

Móti því hafa aftur ábúendur Þórðarstaða léð hússtæði og árlega beit í Þórðarstaðalandi ábúendum Fjósatungu fyrir Geitfénað þeirra, frá fyrstu haust(nóttum)göngum til fráfaræna, en þaræð hlutaðeigendum þykir ísjárvert að geitatalan sé ótiltekin eins og hingað til, þar ábúendur gætu of brúkað beitina með fjarska hárrí geitatölu, þá hefir ábúandi Fjósatungu fallist á að geitatalan sé hér eftir eins og að undanförmu eða 25 hæst, að ótöldum veturgömlum geitkindum er aldar eru nefndum geitum til viðhalds og beitt er einungis vor og haust í Þórðarstaðarland.

Akureyri 27. Maí 1885

Stephán Stephensen umboðsmaður Þórðarstaða

Fjósatungu, 26. Maí 1885.

Guðmundur Davíðsson (umboðsmaður Fjósatungu)

[Strikað út með öðrum lit.

Skráð með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítakinu ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953 því er það niður fallið. JS.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75 aur

Bókun 25 aur

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki

[Bleiksmýrardalur – afréttarland Akureyrarkirkju]

Afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, er allur sá hluti dalsins, er liggur fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá og suður á öræfi.

Akureyri, 1. Apríl 1885

Guðmundur Helgason

Samþykkur vegna Reykja.

Stephán Stephensen umboðsmaður.

~~(Samkvæmt gömlum skjölum á Múkaþverá ítal í Bleiksmýrardal vestan Fnjóskár, mánaðarþeir öllu fé annað dagur og 30. geld neyta rekstur). Að öðru leyti samþykkir vegna Múkaþverár~~

~~Stephán Stephensen umboðsmaður~~

[Strikað út með öðrum lit.

Neðst í færslu er skráð með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítaki Múkaþverár ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. Því er það niður fallið. JSkaptason

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 27. Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

B.Sv.



Landamerki.
Knarareyrar í Hálsahreppi

1. Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá
2. Að vestan ræður Dalsá alla leið til sjávar.
3. Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðholu í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.

Austari-Krókum, 16. apríl 1885.

Í umboði eiganda jarðarinnar Knarareyrar
Hannes Friðriksson

Sem umráðamaður Kyrkjujarðarinnar Vargsness, samþykki eg hérmeð ofanritaða landamerkja-lýsingu.
Stefán Jónsson

Að ofanrituð landamerkjalýsing viðkomandi Grímslandinu sé rétt, viðurkenni eg hérmeð.

Fremsta-Felli, 26. dag Maím. 1885
Geirf. Tr. Friðfinnsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. dag Maímán. 1885
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna
Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Kambsmýra í Hálsahreppi

Að sunnan ræður merkjum Skeiðislækjargil ofan af fjalli og úr því bein stefna á Merkivörðu á Miðhólum. Að vestan ræður bein (~~stefna~~) lína frá nefndri merkivörðu norður á miðjan Almannakamb, þá Dalsá norður til Syðri-Jökulsár. Að norðan ræður Syðri-Jökulsá frá því hún fellur í Dalsá og á fjall upp. Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.

Stóruvöllum, 20. apríl 1885
pr. Hólmfríður Halldórsdóttir
Karl E. Friðriksson

Ofanskrifaðri landamerkjaskrá eru samþykktir fyrir hönd eiganda Austari-Króka.

Hannes Friðriksson
Fyrir hönd Hálskirkjulands
Pétur Jónsson
Fyrir hönd eiganda Vestari-Króka
Björn Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi að [Hálsi] hinn 27. dag Maímán. 1885
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75
Bókun 25
1,00 – Ein króna
Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Austari-Króka í Hálshreppi.

Austari-Krókar eiga land til norðurs að Kambsmýralandi. Merki þar á milli eru: úr vörðu á Ytri-Miðhólum austur skeið, beint í Skeiðislæk, þar sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja og í þeim læk austur svonefndan Ytridal og þaðan sömu stefnu á fjall upp. Að austan ræður merkjum hæsti fjallshryggurinn, suður að Uxaskarði. Að sunnan greinir Ytri-Uxaskarðsá Krókaland frá Garðssellandi, unz hún rennur í Árbaugsá. Þá eru merkin í Árbaugsá þar til Króksá rennur í hana að norðan, austur frá bænum Þúfu. Frá þeim ármótum eru þau í Króká út á milli Krókabæanna, og þaðan aðskilur lönd Austari-Króka og Vestari-Króka, bein stefnulína norður eftir Miðhólum í vörðu þá, sem fyr er nefnd.

Austari-Krókum, 28. Marzmán. 1885

Friðrik Gottskálksson (eigandi)

Samþykkur fyrir hönd eiganda Vestari-Króka.

B. Bjarnason.

Fyrir hönd eigenda Garðs samþykkir

Gísli Ásmundsson

Vegna eiganda Kambsmýra samþykkir

Karl E. Friðriksson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. dag Maím. 1885.

B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

B.Sv.



FJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grjótárgerðis í Hálshreppi.

Að sunnan móts við Kotungsstaðaland, ræður merkjum niður við Fnjóská gamall farvegur Grjótár, sá syðsti á árbakkanum, þar sem hún eitt sinn hefir fallið í ána og þaðan beina línu í vörðu, sem hlaðin er neðst í Grjótáskriðunni og upp miðja skriðuna sunnan við bæinn og í Gilsmunnann á litla fossinn. Þaðan ræður Grjótá merkjum alla leið fram í Grjótárdalsbotn og tilheyrir því jörðunni allur dalurinn vestan ár fram í drag.

Að vestan ræður bein lína frá Ytritunguvörðu, norður á Vesturgilshæðarvörðu, og þaðan norður á Sölvahryggsvörðu. Að norðan til móts við Fjósatunguland eru landamerki Litlilækur, sem rennur á flatlendinu eftir skurði er stefnir til Fnjóskár; en frá uppsprettu Litlilækjar eru merkin eftir beinni línu að Ytrivörðu á fjallsbrúninni og þaðan vestur yfir Stóru-lækjardrög, að áður nefndri Sölvahryggsvörðu.

Að austan mótsvið Þórðarstaðaland eru merkin eftir miðri Fnjóská.

Jóhann Einarsson eigandi Grjótárgerðis

Davíð Sigurðsson ábúandi Grjótárgerðis

Samþykkur hvað Fjósatungu snertir.

G. Davíðsson ábúandi Fjósatungu

Fyrir hönd eiganda Illugastaða og Kotungsstaða

Jóhann Fr. Jóakimsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, hinn 27. dag Maímán. 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



Landamerki Steinkirkju í Hálshreppi.

Að austan eftir miðri Fnjóská, móts við Lundslund. Að sunnan móts við Brúngerðisland ræður merkjum Sölvagilsá frá Fnjóská upp að Vesturgili, þá nefnt Vesturgil þar til þar til Bíldsárskarðsvegur liggur yfir það, sem þá (vegurinn) ræður merkjum vestur að vestari Flóavörðu.

Að vestan móts við Kaupangslund, ræður merkjum bein lína þá nefndri Vestari-Flóavörðu, norður að Helgugilsvörðu, sem stendur á miðbrún Vöðluheiðar.

Að norðan móts við Veturliðastaðaland ræður merkjum Merkjalind, sem kölluð er, og sem er í beinni stefnu frá höfða þeim, sem er næst fyrir sunnan Ytra-Mógil, austan við Fnjóská, til Grjótvörðu, sem stendur á heiðarbrúninni, sunnan við Stekkjargil, og svo bein stefna, frá síðastnefndri vörðu vestur að Helgugilsvörðu, sem áður var nefnd

Steinkirkju, 7. dag Maímán. 1884.

Sigtryggur Guðlögsson

Samþykkur hvað Kaupang snertir Vilhjálmur Bjarnason Eigandi Kaupangs

Samþykkur hvað Brúnagerði snertir Jónatan Davíðsson

Samþykkur Sigurður Davíðsson eigandi að ½ Veturliðastöðum

Samþykkur Gísli Asmundsson umráðamaður ½ Veturliðastaða

Guðmundur Davíðsson Eigandi Lunds.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Sellands í Hálshreppi

Eru að austan eftir miðri Fnjóská. Að sunnan eftir miðri Reykjaá upp að Vesturgili, er þá ræður merkjum á mitt fjallið. Að vestan ræður merkjum Ytri-Tunguvarða, er stendur á háfjallinu vestan við Miðmundadal. Að norðan eru merkin yfir þvera laut, (sem grjóttvarða er við, utan við hól hinn syðsta út og upp frá Sellandsbæ, og þaðan rétta þverlínu utan við gamlan stekk og af á fjall upp, vestur að Miðmundadal, sem allur er Sellandseign út að Selárgilsdragi og fjallendi það, sem fyrir honum liggur að vestan. En til austurs, er stefnan frá fyrgreindri laut fyrir utan Sellandsbrekku yfir um austari ásendann til Fnjóskár, þar sem syðsti Belgsár grjóttfarvegur liggur fram í hana að austanverðu, sem er rétt sunnan undir svokölluðu réttarholti.

Sellandi, 8. Febr. 1884.

G. Davíðsson vegna eiganda.

Að þessi landamerki séu rétt og glögg vitnar

Jóhann Jóakimsson fyrir eiganda og ábúanda Illugastaða.

Jón Jónsson ábúandi Sellands

Samþykkur vegna Reykja Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 27. dag Maímán. 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Brúnagerðis í Hálshreppi

Eru að austan eftir miðri Fnjóská móti Lunds landi.

Að sunnan lind nefnd Syðri-Seira, er sprettur upp undir Neðri-Öxl, skammt fyrir neðan heiðarbrúnina, og rennur ofan heiðina, yfir miðjan Brúnagerðisvöll og þaðan til Fnjóskár, en frá uppsprettu lindarinnar liggur merkjalínan vestur yfir nefnda öxl, utarlega yfir Sölvahrygg og Sölvagilsdrag vestur á Flóagilshæð, sem er austan við Flóagil og sunnan við Bíldsárskarð; að vestan ræður bein lína af nefndri hæð, norður að vestari Flóavörðu, er stendur austast í Bíldsárskarði við veginn yfir það; að norðan ræður téður vegur frá nefndri vörðu austur að Sölvagili og Sölvagilsá, þaðan til Fnjóskár. Hálf Brúnagerðistún liggur í Fjósatungulandi, sem óbreytt skal standa eins og verið hefir.

Brúnagerði, 5. Marz 1884.

Jónatan Davíðsson (eigandi ofannefndrar jarðar)

Að þessi landamerki séu rétt og glögg vitnar

Guðm. Davíðsson ábúandi Fjósatungu.

Vilhjálmur Bjarnason eigandi Kaupangs.

Samþykkur Sigtryggur Guðlögsson ábúandi Steinkirkju

Guðmundur Davíðsson eigandi Lunds.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



Landamerki Lunds í Hálshreppi

Að austan ræður miðbik eða hæsta lína fjallgarðs þess, er liggur milli Birningsstaðadals og Kiðsárdals. Að sunnan ræður Ytra-Búðargil og lækur sá, er úr því fellur niður í Fnjóská nefndur Búðará. Að vestan ræður Fnjóská eða miðja hennar. Að norðan ræður svonefnd Teigagróf er liggur frá fjallsbrún niður norðan við Sjónarhól, en sunnan við Jónshöfða gegnum Kiðsárgerði norðan til og þaðan niður gegnum Flatagerðishöfða. Þá er grófinni sleppir ræður bein stefna úr mynni hennar til grjótvörðu á austurbakka Fnjóskár. (~~Á landspildu milli Teigargrófar og svonefndrar Bolagrófar, er liggur niður nokkurn spöl norðar en Teigagróf, á Lundur slægjur allar ofan við Reiðgötur, þær er liggja milli Lunds og Vagla um Kiðsárgerði og Kringlugerði. Lundur á enn fremur vetrararbeit á landspildu þessari allri upp og niður, um áttavíknatíma, fyrir fé það, sem haft er á beitarhúsunum að Kiðsárgerði.~~)

[Útstrikun gerð með öðrum lit. Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]
Engu ítaki lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953. Því niður fallið. J. Skaptason

Lundi, 2. nóvember 1883

Guðmundur Davíðsson eigandi jarðarinnar Lunds

Að þessi landamerki séu rétt og glögg, vitnar

Jónatan Þorláksson ábúandi Þórðarstaða

Benedikt Bjarnason umboðsmaður og ábúandi Vagla

Samþykkur hvað Þórðarstaði snertir Stephán Stephensen umboðsm. Munkaþvkl.

Þorsteinn Árnason ábúandi Lunds.

Framanskriafaðri landamerkjalytingu erum við ábúendur vestan Fnjóská samþykkir

Sigurður Davíðsson

Sigtryggur Guðlögsson

Jónatan Davíðsson

Guðmundur Davíðsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 27. dag Maímán. 1883

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



Landamerki Stórutungu í Ljósavatnshreppi

1. Merki landsins að vestan er Skjálfafljót
2. Merkjum að norðan og austan ræður Suðurá sunnan frá línu þeirri, sem getið er um í 3. gr. hér á eftir til Svartár, en hún ræður þaðan til Skjálfafljóts.
3. Merkin að austan milli Stórutungulands og afréttarlands Skútustaða; er lína sú sem er framhald línu þeirrar sem dregin er á milli Svartárlands og Skútustaðalands fyrir norðan Suðurá, og er það hásuður stefnan frá Bræðrum, (þremur hólum fyrir norðan Svartárvatn) í vörðuna á rananum fyrir austan Svartárlot (gamla bæinn) og réttlínis þaðan yfir Suðurá og Mikléy milli kletts þess, sem stendur utarlega á Suðurráhrauni og varða er hlaðin á og nefndur er vörðuklettur, og hól nokkurs, sem nú er kallaður Grenishóll, sem stendur lítið vestar, beint sömu stefnu í Stóraklett og þaðan enn, sömu stefnu suður í Sandá og ræður sú á landamerkjum að sunnan, allt til Skjálfafljóts.

Lönd þau, er liggja að Stórutungulandi eru:

- a. Yzt að vestan er land jarðarinnar Halldórsstaða (sem er lénsjörð). Þar næst Mýrar. Þetta land eiga Jón Ingjaldsson bóndi á Mýri 1/3 Kristján Ingjaldsson bóndi á Hallgilsstöðum 1/3 og Kristbjörg Ingjaldsd. á Hallgilsstöðum 1/3. Þar næst er land jarðarinnar Litlutungu, það land á Jón Ingjaldsson bóndi á Mýri.
- b. Syðst að vestan er Almanningur eður eign Ljósavatnshrepps.
- c. Að sunnan og austan er afréttarland Skútustaðakirkju.
- d. Syðst að austan er land jarðarinnar Svartárlots, sem er eign Einars bónda Friðrikssonar þar. Þar næst er land jarðarinnar Víðikers, sem er eign Jóns Jónssonar bónda þar.
- e. Að norðan og austan er land jarðarinnar Bjarnastaða sem er umboðsjörð, umboðsmaður er Sigurður Guðnason á Ljósavatni.

Hólmar eru í Svartá fyrir neðan svokallað Svartárgil sem tilheyrir Stórutungu, að undanteknum hinum nyrðsta, sem kallaður er Bjarnastaðahólmi og tilheyrir jörðinni Bjarnastöðum. Í Suðurá er hólmi, sem kallaður er Suðurrárlotmi og tilheyrir Stórutungu.

Sýlalæk, 3. Marz 1884.

Jónas Guðmundsson (eigandi Stórutungu)

Sigurður Guðnason (umboðsmaður)

K.E. Friðriksson (hrepptjóri)

Jón Þorsteinsson (prestur)

Stefán Sigfússon prestur

Jón Jónsson (bóndi)

Einar Friðriksson

Jón Ingjaldsson

Kristján Ingjaldsson

Kristbjörg Ingjaldsdóttir

Helgi Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Ljósavatni 28. dag Maímán. 1885

B. Sveinsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



Landamerki Litluvalla í Ljósavatnshreppi

Að norðan verðu skilur Sexhólsstaðagil lönd Litluvalla og Stóruvalla og úr miðju gílinu bein stefna á Skjálfandafljót hvar merkivarða nú er sett á svonefndum „Farvegum“. Úr efri enda Sexhólsstaðagils ræður bein stefna til vesturs uppá Vallafjall og svo langt, sem Vatnsföll deila sveita á milli, svo Suðurfjallið gegnt svonefndu Sleikjulækjargili. Að sunnan verðu milli Litluvalla og Halldórsstaða ræður merkjum bein stefna vestan af fjalli í áðurnefnt Sleikjulækjargil, sem þá ræður merkjum til fjallsróta og þaðan beina lína í Skjálfandafljót hvar nú er sett merkivarða á bakkanum.

Að austan ræður merkjum Skjálfandafljót

Litluvöllum 18. Maímán. 1885.

Tómas Friðfinnsson

Framanskriðuðum landamerkjum milli Stóruvalla og Litluvalla er eg undrifaður samþykkur.

Jón Benediktsson eigandi og ábúandi Stóruvalla.

Ofanskriðuð landamerki milli Halldórsstaða og Litluvalla samþykki eg

Jón Þorsteinsson umráðamaður Halldórsstaða

Jón Þorkellsson ábúandi Halldórsstaða.

Lesið á manntalsþingi að Ljósavatni, 28. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Halldórsstaða í Ljósavatnshreppi.

Að austan eru merkin í Gegnir út að Merkihól; þaðan ráða vörður upp Fellið, beina leið stefnu í Merkivörðu, þaðan ráða vörður út fellið hæðst út að vörðu þeirri sem nefnist Hornvarða.

Að norðan eru merkin úr Hornvörðu eftir vörðum ofan fellið að vestan, þá taka við vörður ofan mýrina og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.

Að sunnan eru merkin í Rauðalæk, neðan frá Gegnir og upp að því, sem hann skiftir sér, og þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur uppá fjallsbrúninni og síðan sjónhending á grjót upp.

Jörðin Halldórsstaðir eiga 1/6 – einn sjötta – part úr afréttarlandinu Finsstaðadal

Svínárnesi, hinn 20. Maí 1885

Gísli Jónasson

Ofanskrifuðum landamerkjum eru samþykkir

Kristján Kristjánsson vegna Finnsstaðalands að norðan

Jónas Jóhannesson vegna Landamóts að sunnan

Samþykkur vegna Fremstafells Stephán Stephensen

Lesið á manntalsþingi að Ljósavatni, 28. Maímán. 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hóla í Helgastaðahreppi

Að norðan: glöggur garður úr Laxá (sunnan vert við svonefndan Markhólma) uppá brún, þar eru þrjár klappir fyrir norðan, þaðan sjónhending austur sunnan á Kringlutjarnarásnum yfir Kringlutjarnardalinn; 60 faðma sunnan við tjörnina, norðan á Leirtjarnarásnum, yfir Lönguhlíð stefnu í syðra Kröflugilsdragið í Sandásnum. Þaðan austur á Sandinn að Grímsstaðalandi.

Að sunnan hið svonefnda Hellnagil neðan frá Laxá austur neðan við Hamarsbæarásinn frá honum beina stefnu austur í fyrrnefnda Grímsstaðalandamerkjalinu.

Hólum, 26. Maí 1885

Sigurður Eyólfsson (eigandi)

Samþykkur Kristján Sigurðsson Hamri (eigandi)

Sigtryggur Kristjánsson Kasthvammi (í umboði jarðareiganda)

B. Kristjánsson (umboðsmaður Grímsstaða)

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 29. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hamars í Helgastaðahreppi.

Að norðan ræður Hellnagil neðan frá Laxá meðan það endist austur á heiði og þaðan í háaustur á Hólasand. Að austan á Hólasandi og Hamarskíll; að sunnan syðri röðull Hólskotsgils hins syðra og garður sem liggur þaðan austur að Sandvatni.

Hamri 9. Júní 1884

Kristján Sigurðsson

Samþykkur Sigurður Ásmundsson á Hofstöðum

Samþykkur Sigurður Eyólfsson á Hólum

B. Kristjánsson vegna Grímsstaða.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum, 29. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Máfsvatns (Márskots) í Helgastaðahrepp.

Að norðan ræður merkjum frá Reykjadalssá Litlagróf sunnan við Hrútteig (Merkigróf þá garður, sem liggur frá efri enda hennar, og síðan bein stefna úr honum um Merkihól, sem er austur á heiðinni, og sunnanvert í botn Merkilágar.

Að austan ræður bein stefna úr miðri Leirtjörn í Kílfar, sem milli Karlmannstjarnar og Máfsvatns og svo vatnið sjálft.

Að sunnan ræður Máfslækur merkjum ofan í Reykjadalssá, en áin ræður merkjum að vestan.

Múla, 15. Maímán. 1883

B. Kristjánsson

Vegna þjóðjarðarinnar Hallbjarnarstaða samþykkist þessi landamerkjalyking.

Jón Sigurðsson umboðsmaður.

Vegna Grenjaðarstaðarkirkjujarðarinnar Ljósstaða samþykkist þessi landamerkjalyking.

B. Kristjánsson

Vegna þjóðjarðarinnar Víða, samþykkist framanskráð landamerkjalyking

Jón Sigurðsson (umboðshaldari)

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum, 29. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Langavatns í Helgastaðahreppi

Að vestan ræður Geitafellsá þá Langavatn þá Klambrakvísl út að Skriðugili er liggur rétt í austur nokkuð utar en mitt á milli bæanna Langavatns og Klambrasels, þaðan beina stefnu austur á Lambafjöll, en þau ráða merkjum að austan fram að Geitafells merkjum, og ráða Geitafellslandamerki að sunnan.

Grenjaðarstað, 21. Nóvember 1883

B. Kristjánsson (umráðamaður)

Sveinn Oddsson

Jónatan Grímsson.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 29. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grenjaðarstaðarkirkjujarðarinnar Hrauns í Helgastaðahreppi.

Að norðan ræður garður, sem liggur frá Laxá sunnanvert við svokallaðan Hádegishól norðaustur á svonefnda Álfatjörn og síðan Litli-lækur, er rennur úr þeirri tjörn að garði þeim er gengur til suðausturs og síðan ræður sá garður og stefnir allt af til suðausturs beina stefnu í Laxárbrú. Að sunnan og vestan ræður Laxá norður að Hádegishól

Í Laxá á Hraun svokallað Þernusker og alla veiði fyrir sínu landi eins og lög standa til Grenjaðarstað 21. Nóvember 1883

B. Kristjánsson umráðamaður

Tómas Halldórsson

Sigurgeir Stefánsson

Guðjón Oddsson

~~(Þessi skrá samþykkur að öðru en því að Múli á alla veiði fyrir sínu landi í Laxá frá Kálfalæk og ofan um Engey, en þess er ekki getið)~~

~~B. Kristjánsson~~

[Útstrikun gerð með öðrum lit.

Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítaki Múla ekki lýst eftir áskorun 20. maí 1953. JS.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 29. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grenjaðarstaðarkirkjujarðarinnar Brekku í Helgastaðahreppi

Að norðan ræður garður neðan frá hraungarði, beina stefnu í vörðu, sem stendur á Hvammsheiðarbrúnni, og svo bein stefna á svokallaða Hellumelsvörðu, og þaðan beint í Reykjakvísl (Klambrakvísl. Að austan ræður þessi kvísl suður að Klambamerkjum. Að sunnan ráða Klambamerki og vestan Hraunsmerki.

Grenjaðarstað, 21. Nóvember 1883.

B. Kristjánsson (umráðamaður)

Tómas Halldórsson

Jónas Sigurðsson

Sigurgeir Stefánsson

Lesið á manntalþingi að Helgastöðum 29. Maí 1885.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki fyrir Grenjaðarstaðakirkjújörðunni Miðhvammi í Helgasthr

Að norðan ræður garður sá, sem myndar Yztahvamms landa merki að sunnan frá Dauðshóslæk að Reykjavísl, að austan Reykjavísl, að sunnan landamerkjagarður Brekku að norðan, að vestan garðurinn sem myndar Hraunsmerki að austan

Grenjaðarstað, 21. Nóvember 1883

B. Kristjánsson umráðamaður

Guðjón Oddsson bóndi á Yztahvammi

Tómas Halldórsson bóndi á Brekku

Jónas Sigurðsson bóndi á Hrauni

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 29. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grenjaðarastaðakirkjujarðarinnar Geitafells í Helgastaðahreppi.

Á suðvestur horni landsins er Nikurtjörn, en vestan vert við landið ræður bein stefna þaðan norður eftir hálsunum eins og vötnum deilir í Merkivörðu á Langamel á sunnanverðu Presthvammsfelli þaðan rétt stefna til austurs í vörðu við veginn austan í fellinu. Þaðan eftir vatnsdragi austur yfir mýrina í Geitafellsá sunnanvert við Langanes, þaðan sömu stefnu upp frá ánni að austan í vörðu sem stendur á fjallsbrúninni, þaðan í stóran stein (Merkistein) á norður enda Járnhryggs, þaðan í vörðu vestan vert við norður enda Breiðdals, og þaðan sömu stefnu austur á Lambafjöll, en þau ráða merkjum að austan suður í Gustaskarð, þaðan ræður Sandur suður í Þverárgilsdrag, en Þverárgil eða Þverá ræður landamerkjum að sunnan vestur í Geitafellsá, en þaðan garðlag gamalt þvert uppí Nikurtjörn.

Þannig samþykkt af undirskrifuðum hlutaðeigendum hinn 20. Október 1883

Snorri Oddsson bóndi á Geitafelli

Sigurður Guðmundsson bóndi í Presthvammi

Sigtryggur Kristjánsson bóndi í Kasthvammi

Jón Þórarinsson bóndi á Langavatni

Benedikt Kristjánsson umráðamaður ofangreindra jarða.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum, 29. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Geiteyarstrandar í Skútustaðahreppi.

Að norðan ræður merkjagarður milli Geiteyarstrandar og Voga og þaðan bein stefna austur í Strandarholt er liggur suður austan við Hverfell í lág þá, er liggur austan til í holtinu. Að austan ræður bein stefna til vesturs ur Vogaborg ofan svo nefnt Markhraun utanvert í gamalt merkigarðsbrot, sem liggur á milli Vesturdráttar og vörzlugarðs þess er byggður hefir verið á seinni árum lítið eitt sunnar. Þessar eyar í Mývatni fylgja jörðinni. Háey, Krókhólmi og Landhólmi.

Geiteyarströnd 27. Maí 1885

Sigurður Jóhannesson, Ingibjörg Marteinsd (eigendur Geiteyarstrandar)

Guðni Ásmundsson (eigandi Voga)

Sigurður Tómasson (eigandi Kálfastrandar)

Lesið á manntalsþingi að Skútustöðum 30. Maí 1885

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75

Bókun 25

1,00 – Ein króna

Borgað B.Sv.



Landamerki fyrir jörðunni Ketilsstöðum á Tjörnesi.

Að norðan ræður merkjum milli Ketilsstaða og Sandhóla garður sem sézt votta fyrir við sjó fram; þá ræður svokallaður merkilækur spölkorn uppí mýrina, þar til hann beygist lítið eitt til norðurs; sést þá votta fyrir gömlum merkigarði upp í hólana norðan við Ketilsstaði. Þá ræður hinn sami garður merkjum til suðausturs í svo nefndan Dengshól; þaðan í læk þann, sem rennur eftir Kirkjugili og ræður hann til suðurs móts við Hólsland.

Að sunnan ræður merkjum milli Ketilsstaða og Mýrarkots við sjó lækjarsitra, sem rennur sunnan við svokallaðan Skarðabakkahól. Þá sést votta fyrir gömlum merkigarði, sem liggur uppi fyrir utan túnið á Mýrarkoti og beina stefnu uppí vörðu sem hlaðin skal á svonefndum Héraðsgarði, sem liggur meðfram alfaravegi eftir Tjörnesi. Þá ræður garður þessi til suðurs í merkivörðu, sem aðskilur Mýrarkots og Hólsland; þaðan bein stefna til austurs í vörðu, sem hlaðin verður á svonefndum Miðdegisás; frá henni bein stefna yfir Ketilsstaðadal fremst og í stóran merkistein, er stendur á vestari Kirkjugilsbarmi; þaðan í læk þann, sem rennur eftir Kirkjugili og áður var nefndur. Reka til hvals og viðar á jörðin óátalið að því sem kunnugt er.

Þannig skrásett að Ketilsstöðum í Júnímánuði 1885.

M. Magnússon (jarðeigandi)

Þ. Þórarinsson (Fyrir hönd eig. Sandhóla og Mýrarkots)

H. Þorkelsson (Fyrir hönd eigenda Hóls)

Lesið á manntalsþingi að Húsavík 15. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 86.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. Kr. 75

Bókun Kr. 25

K. 1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki fyrir jörðinni Mýrarkoti á Tjörnesi.

Að norðan verðu eru landamerki milli Mýrarkots og Ketilsstaða þessi: Við sjó ræður lækjarseira, sem rennur fyrir sunnan svokallaðan Skarðabakkahól; þaðan ræður gamall garður, sem sést móta fyrir utan við túnið á Mýrarkoti og beina stefnu upp í svonefndan Héraðsgarð, er liggur meðfram alfaravegi á Tjörnesi í vörðu, sem þar verður hlaðin.

Að sunnan verðu á milli Mýrarkots og Hóls ræður merkjum við sjó fram svo kölluð Kaldaveita. Frá Kölduveitu ræður garðbrot, sem liggur til suðausturs á syðsta melhól þann, sem er spölkorn utan við Hól; þaðan á áðurnefndan Héraðsgarð í vörðu þá, sem þar skal sett. Þá ræður garðurinn til norðurs, í áðurnefnda vörðu, sem af markar landamerki jarðarinnar að norðan.

Þannig skrásett í Júnímán. 1885.

Fyrir hönd sveitarsjóðs Húsavíkurhrepps.

Þ. Þórarinsson

M. Magnússon eigandi að Ketilsstöðum.

Helgi Þorkelsson fyrir hönd eiganda Hóls.

Lesið að manntalsþingi að Húsavík, 15. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o87.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



Landamerki fyrir jörðinni Hringveri í Húsavíkurbhreppi.

Að norðan verðu ræður merkjum frá sjó, svokölluð Skeifá, allt að læk þeim, er rennur frá Hafurssteini; steinn þessi er stór og einkennilegur, stendur hann í mýri vestan undir svonefndum Grenishól, utan í Tungumýri, þaðan frá nefndum steini, beint suður í hæstri Núpsbrún. Að sunnan verðu ræður merkjum frá sjó, svokölluð Reká, allt að upptökum hennar á Rekamýri; hvar nú er hlaðin dys (og í hana viðarkol), stendur hún norðan vert við poll þann, er áður nefnd Reká kemur úr, fast við veg þann, sem nú er yfir Tunguheiði. Þaðan sem vegurinn liggur á nyrðri barmi á svokallaðri Leirlág, og austur heiðarveginn allt að vaði á læk þeim, sem hefir upptök sín austanvert við Núpsdranga; frá vaðinu ræður lækurinn til uppsprettu, þaðan beina línu á hæstu Núpsbrún, síðan austur Núpsbrúnina til hinsvegar nefndra merkja.

Til enn meiri glöggvunar fyrir framtíðina er nú hlaðin dys uppá sama hátt og hin, sem að framan er talin við vaðið á síðastnefndum læk, lækur þessi er kallaður Nupalækur að ofan, en þegar niður eftir heiðinni kemur Hvíthólalækur, og rennur þá norðvestur í Skeifá.

Landamerkjalyking þessi, sem hér er talin, er tekin eftir samkomulagi og munnmælum, sem að öllu leyti eru samhljóða einni lögfestu, sem til er.

Hringveri, 30. Marz 1886.

J Jónsson Eigandi og ábúandi á Hringveri.

Páll Þorbergsson (ábúandi á Tungugerði)

Sigurjón Halldórsson (ábúandi á Kvíslarhóli)

Þorbergur Eiríksson (ábúandi á Syðri-Tungu.)

Kristján Guðmundsson, ábúandi og eigandi að $\frac{3}{4}$ úr Ytri-Tungu.

Einar Einarsson ábúandi á $\frac{1}{4}$ úr Ytri-Tungu.

M. Magnússon, eigandi og umráðamaður að Syðri-Tungu.

Lesið að manntalsþingi að Húsavík, 15. Maí 1886, og ritað í landam.bók Þingeyjars. N^o88.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki fyrir jörðunni Syðri-Tungu á Tjörnesi
með afbýlunum Kvíslarhóli og Tungugerði.

Að norðan móts við Hringversland norður frá sjó svo kölluð Reká að upptökum hennar, sem er á svokallaðri Rekamýri, hvar nú er hlaðin dys (og látin í hana viðarkol, stendur tún norðan vert við poll þann, er áður nefnd Reká kemur úr, fast við veg þann, sem nú er yfir Tunguheiði, þaðan sem vegurinn liggur á nyrðri barmi á svonefndri leirlág, og austur veginn að læk þeim, sem hefir upptök sín austan vert við Núpsdranga þar sem vegurinn liggur yfir hann (hvar líka er hlaðin dys, á sama hátt og hin er að ofan er getið). Þaðan ræður lækurinn til uppsprettu og bein lína þaðan til fjalls, móts við þá er land eiga að austan. Lækur þessi er kallaður Núpælækur að ofan, en þegar ofaneftir heiðinni kemur heitir hann Hvíthólalækur, og rennur þá vestur í svonefnda Skeifá. Að sunnan ræður svonefnd Kaldahvísl frá sjó að svokallaðri Búrfellsá, þar ræður Búrfellsá til fjalls móts við Héðinshöfða land.

Að landamerki þessi séu rétt það viðurkennum við með okkar eignir handar undirskriftum.

Staddir á Syðri-Tungu, 23. dag Júnímán. 1883.

M. Magnússon eigandi að hálfri Syðri-Tungu og umráðamaður að hinum helmingnum og Kvíslarhóli Sj Halldórsson (ábúandi á Kvíslarhóli)

Þorbergur Eiríksson (ábúandi á Syðri-Tungu)

Jón Benediktsson ábúandi á Tungugerði.

Jón Jónsson (Eigandi og ábúandi á Hringveri.

Ofanskrifuð landamerki viðurkenni eg undirskrifaður, sem verið hefi hér fyrst hjá föður mínum frá því eg var 4 ára og síðan búið hér milli 20-30 ára, þá hefir aldrei verið brúkað land eða eignað sér af ábúendum ábýlisjarðar minnar, austan við svonefnda Köldukvísl.

Jakob Oddsson (ábúandi á Rauf)

B. Kristjánsson (umráðamaður Raufar)

Lesið á manntalsþingi að Húsavík 13. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 89.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

Kr. 1,00 – Ein króna

B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Héðinshöfða í Húsavíkurbhreppi.

Að norðan ræður garður sá er sést á bökkunum lítinn spöl norðan við Hnefadalslæk, og liggur beina stefnu frá sjó til nyrðri brúnar Sandheiðar (þó nokkuð sundurslitinn) liggur svo merkjalínan með eftir áminnstri heiðarbrún og þaðan beina stefnu í Búrfellsá þar sem hún fellur í Köldukvísl, ræður svo téð Búrfellsá svo langt sem hagi nær austur.

Að sunnan ræður Reyðará merkjum frá sjó og þar til Sellækur rennur í hana, sem líka ræður merkjum að sunnan og kemur úr Syðri-Konungshöfn, er liggur rétt norður undir svokölluðum Hafnarás; liggur svo merkjalínan þaðan beina stefnu í Gyðuhnjúskoll utanverðan.

Að vestan fylgir Lundey Héðinshöfða, en að austan ráða innan áðurgreindra örnefna, að sunnan Gyðuhnjúskolls og að norðan Búrfellsár, takmörkin á milli Keldunesshrepps og Húsavíkurbhrepps.

Héðinshöfða, 5. Júní 1885.

B. Sveinsson eigandi Héðinshöfða.

Í umboði Grenjaðarstaðaprests hvað snertir Raufarland.

J. Hálfðánarson.

Landamerkjaskrá þessari er eg samþykkur.

Kjartan Einarsson sóknarprestur á Húsavík.

Eg sömuleiðis. Þ. Þórarinsson vegna eigenda Bakka og Tröllakots.

Lesið á manntalsþingi að Húsavík 15. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 90.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki fyrir jörðunum Bakka og Tröllakoti á Tjörnesi.

Að sunnan ræður merkjum niðri við sjó Skjólbrekkunöf ytri móts við Löngusker, þaðan bein stefna austur til heiðar í grjótvörðu á holti í svonefndum Syðri-Vallmó; þaðan bein stefna í Grýluhól, og þaðan stefna til austurs yfir Álftatjarnir eftir tveim vörðum í vörðu austan við Álftatjarnir.

Að norðan ræður merkjum Reyðará þar sem hún rennur í sjó og til austurs þar sem Sellækur rennur í hana; þá ræður Sellækur uppí Syðri-Konungshöfn; þaðan bein lína lína norðan við Álftatjarnir og í vörðu þá, sem austan við þær stendur og áður var nefnd.

Þannig skrásett að Bakka í Maímán. 1886.

P. Þórarinnsson (fyrir hönd eigenda Bakka og Tröllakots)

Landamerkjaskrá þessari er eg samþykkur Kjartan Einarsson (prestur í Húsavík)

Eg sömuleiðis B. Sveinsson eigandi Héðinshöfða.

Lesið á manntalsþingi að Húsavík 15. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 91.

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki fyrir prestsetrinu Húsavík á Tjörnesi,
ásamt hjáleigunum Naust, Vilpa og Skógargerði og kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Að norðan móts við Bakka ræður niðri við sjó Skjólbrekkunöf ytri móts við Löngusker; þaðan bein stefna austur til heiðar í grjótvörðu á holti í svonefndum Syðri-Vallmó; síðan bein stefna í Grýluhól, og þaðan stefna til austurs, yfir Álftatjarnir, eftir tveimur vörðum í vörðu austan við Álftatjarnir, þaðan móts við Héðinshöfða, er stefna utan við Grænutjarnir Syðri-Grænur í utanverðan Gyðuhnjúk; síðan sama stefna austur að Fjallalandi í Kelduhverfi. Að sunnan móts við Kaldbak, ræður niðri við sjó vestari snösin á Svarhamri fyrir innan Haukamýrarlæk; þaðan bein stefna í vörðu á neðanverðum formlegum merkigarði; síðan merkijagarðurinn; svo stefna til heiðar frá efni enda merkigarðsins í sömu átt um Hnjúka eftir vörðum, og móts við Skörð, frá vörðu austast í Hnjúkum bein stefna í Rauf fyrir ofan norðurenda Höskuldsvatn; síðan stefna í Nikurtjörn og austur að Fjallalandi í Kelduhverfi. Að austan, móts við Fjöll í Kelduhverfi, bein stefna á milli ^{austur} endann á landamerkjalinunum fyrir norðan og sunnan.

Innan þessar ummerkja eru hjáleigurnar Naust, Vilpa og Skógargerði, og kirkjujörðin Þorvaldsstaðir með óskiftum búfjárhögum og beitarlandi.

Af því að framanrituð landamerkjaskrá snertir aðeins land prestsetursins, eru í henni eigi talin upp rekaítök þau, sem Húsavíkurkirkja á samkvæmt gömlum skjölum.

Húsavík, 2. dag Desembermán. 1885.

Kjartan Einarsson sóknarprestur í Húsavík.

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir.

B. Sveinsson Eigandi Héðinshöfða

P. Þórarinnsson Í umboði eigenda Bakka

Jón Jónsson Í umboði eigenda Fjalla

Sigurjón Jóhannesson Eigandi Kaldbaks.

Jón Jónsson fyrir hönd eiganda 1/3 Skarðatorfunnar

Jón Á. Árnason eigandi 1/3 Skarðatorfunnar

Jón Jónsson eigandi 1/3 Skarðatorfunnar

Lesið á manntalsþingi að Húsavík 15. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 92.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



Að norðan móti Geiteyjarströnd skilur merki gamalt merki garðsbrot er liggur til austurs frá Mývatni sunnan við svonefndan Vesturdrátt, og utan við nýlegan vörslugarð, sem byggður hefir verið á seinni árum. Úr nefndu garðbroti ræður bein stefna austur utanvert Markhraun í svonefnda Vegaborg er liggur í Lúdentar-borgum. Að austan móti Vogum ráða Lúdentar-borgir suður í svonefnda Merkiborg, hvar varða stendur, sunnan við hinar gömlu reiðgötur. Að sunnan móti Garði ræður bein stefna úr Merkiborg í Fjallaskarð, og svo sama stefna í Syðri Klappenda og í vörðu þá, er stendur við Stekkjarvog. Kálfaströnd á allar eyjar, hólma og sker í Mývatni fyrir sínu landi, og eru þeirra merkust Hrótey og Hróteyjarnes.

Kálfaströnd, 27. Maí 1885.

Sigurður Tómasson.

Vegna jarðanna Voga, Geiteyjarstrandar og Garðs samþykkjum við ofanskráða landamerkjaskrá, sem eigendur og umráðamenn þeirra.

Guðni Ásmundsson

Sigurður Jóhannesson

Ingibjörg Marteinsdóttir

Árni Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Skútustöðum 20. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 93.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,35

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



Landamerki jarðarinnar Syðri-Neslanda við Mývatn.

Úr Gyldruhelli, sem er í miðri Langanesstá, móts við Ytri-Neslanda land norður í Langanessklett úr klettinum í vesturenda Toppatjarnar og svo sömu stefnu í vörðu þá, sem stendur í vestur frá Miðkíl og úr vörðu þessari í miðjan Miðkíl, ræður svo kíllinn merkjum móts við Hrauneyarland, sem Reykjahlíð á, suður í Tóukilstjörn, þá ræður miða hennar merkjum suður í Tóukílsgarð, og garðurinn austur í Tóukilstjörn, sem gengur vestur úr Ytri-Flóa. Úr Tóukílsvíkinni heldur stefnan sér austur, þar til kemur austur fyrir Dauðanesstá. Þá er stefnan suður í mitt Vestara-Teigasund og þaðan vestur í Gygarnefsta og úr tanni vestur í Langanesstá.

Einnig á jörðin hálfan Tóuhólma móti Reykjahlíðarmanni og tvo hólma vestan við Gýgjarhöfða. Ennfremur allar veiðistöðvar fyrir landi þessu. ~~Syðri-Neslönd eiga og fría beit: á mýrinni í Ytri-Neslanda landi, austur að Reykjahlíðarlandi, norður að Grímsstaðalandi og vestur á móts við Neslandavík. Innan þessara takmarka á jörðin Ytri-Neslönd til slagna en eigi annara afnota „Spildu“ sem er stór fláki á miðjum Neslandabökkum og Dauðanes allt austan við svokallaða Grunnuvík og vörðu þá, er stendur í norðurbakkanum gegnt víkinni.~~

Þetta eru landamerki þau, sem virðast vera réttust og sanngjörnst fyrir jörðina Syðri-Neslönd í Mývatnssveit.

Ytri-Neslöndum ? – 86

Hjálmar Helgason.

Eigandi jarðarinnar Syðri- og Ytrineslanda

Framanrituð landamerki samþykkjast að því er snertir jörðina Reykjahlíð.

[Útstrikunin að ofan gerð með öðrum lit.

Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítökum ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. Því eru þau niður fallin. J Skaptason

Lesið á manntalsþingi að Skútustöðum, 20. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 94.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. Kr. 0,75

Bókun Kr. 0,25

K. 1,00

Ein króna – B.Sv.



Landamerki jarðarinnar Ytri-Neslanda í Skútustaðahreppi

Úr Gyldruhelli í sunnanverðri Lauganesstá, móts við Syðri-Neslandaland, beina stefnu norður í Langanessklett og þaðan í Toppatjörn, og úr henni norður í vörðu þá, er stendur vestur frá Miðkíl, síðan úr henni austur í miðjan kílinn. Ræður svo kíllinn mót Reykjahlíðarlandi norður í Miðkílstjörn; síðan helst sama stefna í vörðu þá, sem er miðja vega milli Neðritjarnar að sunnan og Fretvogs að norðan. Þá móts við Grímsstaðaland, vestur úr fyggreindri vörðu í einkennilega þúfu á austurbakka Eggjatjarnar hinnar syðri, hvar nú skal hlaðast varða; frá þeirri tjörn vestur eftir ræður miðja þeirrar tjarnar er Skammagarðsfen heitir og allt að vesturbotni þess. Þaðan beina stefnu í svonefndan Helguhól, þar til Hrauneyartjörn hin eystri verður fyrir, og ræður hún merkjum þaðan af, allt í vík þá, er syðst gengur vestur úr henni; þaðan þvert yfir í vík þá gangvart henni, sem liggur í hinni vestri Hrauneyartjörn og ræður sú tjörn merkjum allt í vesturbakkann sunnan við Keldu, sem liggur norðvestur úr henni. Þaðan ræður þá að nýju stefnan á áðurnefndan Helguhól.

Úr Helguhól að sunnan verðu móts við Belgjarland bein stefnu austur í Hverhól, sem öðru nafni nefnist Stóraborg, svo sömu stefnu í vörðu þá, við Bárúkrókin, þar sem svokallað Valþjófsnes gengur vestur í Neslandavík. Ennfremur á jörðin Ytri-Neslönd, þá þrjá Hólma, er liggja í Víkinni, sem heita Langhólmi, Strókur og Yzthólmi.

~~Einnig á jörðin Ytri-Neslönd til slægna e eigi annara afnota, svonefnda „Spildu“ sem er stór fláki á Syðri-Neslandabökkum, og Dauðanes allt austan við svokallaða Grunnuvík og vörðu þá, er stendur á norðurbakkanum gegnt víkinni.~~

~~Innan þessara takmarka á jörðin Syðri-Neslönd fría beit á mýrinni norður að Grímsstaðalandi, austur að Reykjahlíðarlandi og vestur á mót svið Neslandavík.~~

[Útstrikunin að ofan gerð með öðrum lit.

Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítökum ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. Eru þau því niður fallin. J Skaptason

Þetta eru landamerki þau, sem virðast vera réttust og sanngjörnust fyrir jörðinni Ytri-Neslöndum.
Ytri-Neslöndum, 12/4. 1886.

Hjálmar Helgason. (Eigandi jarðanna Ytri- og Syðri-Neslanda).

Framanrituð landamerki samþykkjast að því er snertir jarðirnar Grímsstaði og Vindbelg

Múla, 15. apríl 1886.

B. Kristjánsson. (umboðsmaður)

Framanrituð landamerki samþykkjast, að því er snertir jörðina Reykjahlíð.

Reykjahlíð, 15. apríl 1886.

Sigurgeir Pétursson (eigandi)

Lesið á manntalsþingi að Skútustöðum 20. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 95.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. Kr. 0,75

Bókun Kr. 0,25

K. 1,00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ein króna – B.Sv.

Landamerki jarðarinnar Garðs í Aðalreykjadal.

Að austan ræður Dalgata landamerkjum, í norðaustur túngarðshorn á Tjarnargerði, þaðan bein stefna vestur í vörðuhól þann, sem stendur utan við svokallaða Flatargötu, norður af Vatnstjörn, og þaðan norður í tjarnargjótu, þaðan í Pétursborg og úr Pétursborg í Helluvörðu gegnt Skjónugjá, þá ræður Skjónugjá að norðan, og bein stefna frá henni í Skjónupoll og Skjónuklett vestan við hraun; þaðan sama stefna vestur að Skjálfandafljóti.

Þá ræður Skjálfandafljót að vestan, þannig að talið er í miðjan ál, suður að Húsabakkakíl, og ræður hann suður gengt Merkjaklöpp, og frá Húsabakkakíl beina stefnu yfir svokallað Hraunnef austur í áðurnefnda Merkiklöpp, og þaðan garður sá, er liggur beina stefnu frá Merkiklöpp uppá Núpsröðulinn og þá suður röðulinn að ~~svonefndum~~ merkigarði þeim, er liggur austur í núpnium millum Garðslands og Hafralækjarlands. Frá garðsendanum eystri og neðri, ræður bein stefna syðst í tjarnarstæði, og þaðan bein stefna í Vörðuhól, og loks þaðan bein stefna austur í upphaflega nefnda Dalgötu.

Þessi landamerki eru samkvæm þinglesinni lögfestu og óátalinn fyrir Garðslandi, og sömuleiðis eldri og yngri afsalsbréfum.

Þverá í Laxárdal, 2. apríl 1885.

Jón Jóakimsson (eigandi Garðs.)

Að því er kemur til landamerkja móts við Nes og Jarlsstaði er eg samykkur þessari landamerkjalyngu.

B. Kristjánsson umráðamaður Ness og Jarlsstaða.

Jónas Guðmundsson. (Eigandi Hafralækjar.)

Það sem snertir merki milli Hraunkots og Garðs er eg þessu samþykkt, ~~en það sem tilkemur Tjörn vantar að geta um 4 gripa göngu sem ítak í Garðslandi um sumartímann.~~

Guðrún Þorsteinsdóttir (handsalað.)

[Útstrikunin að ofan gerð með öðrum lit.

Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítaki ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. Því niður fallið. J. Skaptason

Það sem snertir landamerki milli Skriðu og Garðs þá er eg þessu samþykktur.

Árni Magnússon

Að því sem viðkemur landamerkjum milli Garðs og Knútsstaða, er eg því samþykktur

Sigurjón Jóhannesson.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 22. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 96.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Breiðumýrar í Reykjadal.

Að sunnan móts við Hólaland ræður garður sá, er liggur til vesturs frá Reykjadalsá utan vert við Torfdal, og utanundir svonefndri Valdys, uppá Mýraröxl utanvert við Hádegisvörðu. Þaðan ræður bein stefna á Kvígyndisdalsbæ yfir melhól þann, er stendur gagnvart bænum og hér eftir nefnist Merkihóll og stendur á honum grjótvarða. Þaðan ræður sama stefna vestur í Seljadalsá og norðan Mýrará. Fylgi jörðunni veiði og allar nýttjar í nefndum ám í miðjan árfarveg.

Breiðumýri, 28. apríl 1886

Jón Sigurðsson umboðshaldari

Benedikt Jósefsson (ábúandi)

Vegna eignar og umráðajarða minna, Einarstaða, Kvígyndisdals og Hóla er eg þessari landamerkjaskrá samþykkur.

Haraldur Sigurjónsson.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 22. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 97.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Víða í Reykjadal.

Að norðan móts við Márskot ræður Márslækur frá Marsvatni til Reykjadalsár. Að austan ræður Mátvatn og Kæfulækur frá því hann fellur í Mátvatn og í poll þann er liggur syðst í Kæfumýri norðvestur af Arnarvatnsseli, en þar á Helluvað land á móti.

Úr téðum polli ræður bein stefna til suðvesturs í Stórri þúfu sem stendur við Helluvaðsgróf þá Víðagil og þá Reykjadalsá, á móti Stafni allt til fyrst greindra ummerkja.

Víðum, 9. Júní 1884.

Jón Sigurðsson (umboðsmaður)

Sigurgeir Jónsson (ábúandi)

Vegna Múlakirkjujarðarinnar Márskots er eg samþykkur merkjalýsingu þessari.

B. Kristjánsson

Vegna Helgastaða kirkjujarðarinnar Laugasels er eg samþykkur þessari landamerkjalyssingu.

Lárus Eysteinnsson.

Vegna eignar- og ábýlisjarðar minnar Helluvaðs, samþykki eg þessa landamerkjaskrá.

Jón Hinriksson.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 22. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 98.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hallbjarnarstaða í Reykjadal

Að sunnan móts við Márskot ræður Litlagróf, sem einnig nefnist Merkigróf og liggur sunnan undir Hrútsteig. Úr Merkigrófarbotni ræður garður, sem liggur austur á Steinás; þaðan bein stefna til austur í Merkihól og svo í Merkilág. Að norðan móts við Hjalla ræður merkilækur upp að svonefndu Merkiholti; þaðan gamall garður upp undir brún og bein stefna á miðjan Sjónarhól, sem er stærsti hóll norðan við Skjöldumýri. Að austan móts við Ljósstaði ræður bein stefna til norðurs úr Leirtjörn í Skollhólamýrarbotn. Að austan ræður Reykjadalssá í miðjan árfarveg.

Hallbjarnarstöðum 10. Júní 1884.

Jón Sigurðsson (umboðsm.)

Helgi Jónsson (ábúandi).

Vegna Múlakirkjujarðarinnar Máskots er eg samþykkur merkjalýsingu þessari.

B. Kristjánsson.

Vegna ábýlisjarðar okkar Hjalla erum við samþykkir merkjalýsingu þessari.

Guðni Jónsson

S. Jónsson.

Vegna Grenjaðarstaðarkirkjujarðarinnar Ljósstaða er eg samþykkur merkjalýsingu þessari.

B. Kristjánsson.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum, 22. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 99.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

B.Sv.



Landamerki.
Litlulauga í Reykjadal.

Að sunnan móts við Hjalla ræður garður upp frá Reykjadalsá uppí svokallað Merkigil, og úr því bein stefna til austurs að Þverárlandi. Að norðan móts við Stórulauga ræður garður, er liggur utan við Skipból sunnan við svonefndan Hólateg allt upp í Heiðarbrún, og þaðan bein stefna til austurs sunnan til í Hvítafell. Að austan móts við Þverá í Laxárdal ræður bein stefna úr vestari Skollhól á há Hvítafell.

Að (austan) ^{vestan} ræður Reykjadalsá í miðjan árfarveg.

Litlulaugum, 10. júní 1884.

Jón Sigurðsson (umboðshaldari)

Kristján V. Guðnason (ábúandi)

Í umboði eiganda jarðarinnar Hjalla samþykkist þessi landamerkjaskrá.

Kristján Jónsson.

Vegna ábýlisjarðar okkar Hjalla erum við samþykkir landamerkjalýsingu þessari.

Guðni Jónsson

S. Jónsson

Vegna eignarjarðar minnar Stóru-Lauga, er eg ofanskrifuðum landamerkjum samþykkur

P. Pétursson.

Vegna umráða- og ábýlisjarðar minnar Þverár er eg samþykkur ofanskrifuðum landamerkjum.

Jón Jóakimsson.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 22. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 100.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki milli Garðs í Kelduhverfi og Nýabæar.

Við undirskrifaðir menn Jón Sigurðsson að Skinnalóni og Þorleifur pr. Jónsson að Skinnastöðum gerum í dag svolátandi samning viðvíkjandi landamerkjum Garðs í Kelduhverfi og Nýabæar, að stefna sú, sem til er tekin í lögfestu Garðskirkju dags. 26. Maím. 1775 milli ofannefndra jarða, skuli vera landamerki héðan í frá, nfl. stefnan úr Stóra þar sem hún beygist í fullt austur í Vaðgíg (þ: hið svonefnda Horn), og skal Nýabæarmaður hafa leyfi til að nota Horn þetta, á þann hátt að Garðsábúanda verði að sem minnstu meini.

Skinnalóni, 19. Aprílm. 1885.

Þorleifur Jónsson Umráðamaður Garðskirkju

Jón Sigurðsson Eigandi Nýabæar

Lesið á manntalsþingi að Keldunesi 24. dag Maímán. 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjars. N^o 101

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki fyrir Læknisstöðum og hjáleigunni Höfða í Sauðaneshreppi.

Læknisstaða og Sköruvíkurland, skilur Ytri-Bjarghús og Byggingarsteinn (Biskupssteinn) þaðan bein stefna í Skálakross þá skilur Læknisstaða og Kumlavíkurland, bein stefna úr Hólmatjörn Skálakrossi og í Hólmatjörn. Þá skilur Læknisstaða og Brimnesland bein stefna úr Hólmatjörn og í Flóabotnavatn, þaðan bein stefna, þangað sem Drekavíkurá og Rauðilækur falla saman, þaðan ræður Drekavíkursá til sjávar.

Læknisstaðir og Höfði eiga reka og fuglbjörg fyrir sínu landi, ~~(að því frásildu: 1. Að Sauðaneskirkja á hálfan hvalreka frá Drekavíkurá í Beinþúfu. 2. Að Sauðaneskirkja á fuglbjarg frá Lönguhlíðargjá út að Stóra-Sigi, og 3. á Hofskirkja fuglbjarg þaðan og að Ytri-Bjarghúsum).~~

[Útstrikun með öðrum lit.

Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. Því eru þau niður fallin. J. Skaptason

Læknastöðum, 12. Maí 1885.

Magnús Jónsson (Eigandi ofannefndrar jarðar.)

Framanskriafaða landamerkjaskrá samþykkjum vér með undirskrift vorri.

Jón Benjamínsson (ábúandi á Kumlavík)

Vilhjálmur Guðmundsson (ábúandi á Hrollögsstöðum).

Kristinn Magnússon, Guðmundur Magnússon (ábúendur á Sköruvík)

Ólafur Gíslason (ábúandi á Brimnesi)

V. Sigurðsson prestur að Sauðanesi.

Lesið á manntalsþingi að Sauðanesi, 29. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjars. N^o 102.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Fagraness í Sauðanesshreppi.

Frá Dranga ræður bein stefna yfir naustann í þúfustein, þaðan bein lína í vörðu á varpinu fyrir utan Öldudal; þá í Þverárhorn og þaðan suður í Sandgil; þá bein lína í Sandhaug og þaðan bein lína eftir Fossdal í foss þann, er fellur í sjó fram úr Fossá.

Jörðin á ítölulausan allan reka fyrir sínu landi.

Sigurbjörg Sigurðardóttir

Þorbjörg Sigurðardóttir

Sigurður Jónsson

Helgi Jónsson

Skúli Þorsteinsson

Baldvin Þorsteinn Metúsalemsson.

(Eigendur Fagraness.)

Framanskriðuð landamerki samþykkir hvað Sauðanesskirkjueign snertir

V. Sigurðsson prestur að Sauðanesi.

Framanskriðuð landamerki samþykkir, sem eigandi jarðarinnar Eyðis.

Daníel Jónsson.

Fyrir hönd eiganda Gunnólfsvíkur er samþykkt af

Stefáni Péturssyni hreppstjóra Skeggjastaðahrepps.

Lesið á manntalsþingi að Sauðanesi, 29. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 103

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Víðihóls í Skinnastaðahreppi.

Að austan ræður bein stefna úr Hrafnaklettum í háa fjallgarðinn fyrir ofan Krubbana, þaðan bein stefna út fyrir ofan Bunguvatnsmýrar að Laugamúla. Að utan ræður bein stefna þvert vestur fyrir utan Ytri-Fagradal. Að vestan ræður bein stefna fram mitt Fagradals engi, þaðan bein stefna fram fyrir ofan Fremri-Fagradal í Hól í Lækjum, þaðan bein stefna í Eystri-Fossdalsbrún, þá bein stefna í mitt Viðarvatnsvik, þaðan beint í há Álftatjarnarás, og ræður þá Ytri-Vatnsleysa að sunnan í Hrafnakletta.

Jörðin á að tillölu í óskiftu heiðarlandi Fjallajarða.

Syðra-Lóni, 7. ágúst 1885

Fr. Guðmundsson

Jón Árnason, Kr. Kristjánsson (Eigendur að Víðirhóli)

Fyrir Grundarhól. Eigandi: J. Sigurðsson.

Fyrir Nýahól. Eigendur: Björn Kristjánsson, Kr. Guðmundsson

Fyrir Fagradal. Eigandi: J. Bjarnason

Fyrir Grímsstaði. Eigandi: S. Magnússon.

Eigandi 1/3 Nýahóls S. Gunnlögsson.

Lesið á manntalsþingi að Skinnastöðum 31. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 104.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grímsstaða í Skinnastaðahreppi.

Grímsstaðir eiga land úr Hrútá þar sem hún fellur í Selá, vestur Dimmagil í Svartfell á Dimmafjallsjarðvegi. Þaðan beina stefnu í Skarðá, þar sem hún fellur í Jökulsá, en Jökulsá ræður að vestan, þar til Ytri-Vatnsleysa fellur í hana.

Svo ræður hún að upptökum, þaðan beina stefnu í Selá þar sem Hrútá fellur í hana.

Nýibær.

Nýabæjarland takmarkast af nyrðri og Syðri Vatnsleysu svo lengi sem þær ráða landi.

Fyrir Grundarhól. Eigandi Jón Sigurðsson

Jón Árnason (Eigandi Víðirhóls)

Sölvi Magnússon (Eigandi Grímsstaða)

Bjarni Jónsson Eigandi Víðirdals.

Fyrir Hauksstaði. Eigandi: Kr. Jóhannsson.

Eigandi Hólsselá A. Guðlögsson.

Lesið á manntalsþingi að Skinnastöðum, 31. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 105.

B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



Landamerki Fagradals í Skinnastaðahreppi.

Fagridalur á land að austan frá Hóli í Lækjum, beina stefnu út fyrir austan fremri Fagradal og út mitt Fagradalsengi út fyrir Ytri-Fagradal þaðan beina stefnu vestur sunnan við Krókavötn á austari Vegg. Að sunnan eru merki út hól í Lækjum vestur utan við Brunkulæk í Fagradalsá og utan við hana í vörðu vestan við næsta skurð vestan við Brotaveitu og úr henni beint í vörðu sunnan á yztu hæð, þaðan í vörðu syðsta vestustu hæð og vestur á vegg, en veggurinn ræður að vestan. Ennfremur fylgir Fagradals heimalandi, land eyðjarðarinnar Gamlahóls og eru þar merki sem hér greinir, að austan frá Fagradalsá fram Langholt, úr því í Króagarð, þaðan í millukot, þaðan í Miðdagsvörðu, þaðan í Einstöku tjörn og beint í Stóruhæð, þvert vestur af Stórasteini, þaðan þvert vestur að Hólsselslandi, svo út há Selás, þaðan út í há Fjarðarsundsás, en að utan ræður bein stefna vestur úr vörðu á Merkjatorfu í vörðu á Merkjatorfu í vörðu vestan við Stóraflata, og þaðan beint í vörðu utan við Fjarðarsundsás. Jörðin á og tiltölu í óskiftu heiðarlandi Fjallajarða. Ennfremur eiga jarðirnar Fagridalur Nýihóll og Gamlihöll, melsstykki í Hólsselslandi, beint úr Einbúa frá Einbúaföt í Hól ofan við Hólskíl, til suðausturs utan við svokallaðan Krubbumel, og allt það stykki út að mólendi, og á Nýihóll 2/5 af þessu stykki miðju þvert austur og vestur.

Jarðareigandi. J. Barnason.

Fyrir Grundarhól. Eigandi: Jón Sigurðsson.

Fyrir Hólssel Helgi Guðlögsson, eigandi

Fyrir Víðirhól Jón Árnason, Friðrik Guðmundsson, Kristján Kristjánsson

Fyrir Nýahól Björn Kristjánsson, Kristján Guðmundsson

S. Gunnlögsson. Eigandi 1/3. í Nýahóli.

Lesið á manntalsþingi að Skinnastöðum, 31. Maí 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 106.

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.

Skóga og Ærlækjarsels í Axarfirði í Skinnastaðahr.

Að austan úr Sandá við Stórhöfða, beint í steina í há Langamel, þaðan beina stefnu í miðjan syðri enda á Hólkíl síðan ræður kíllinn, meðan hann endist, og úr ytri botn kílins utanvert við svonefndan Laufhól, og þaðan beint sömu stefnu til sjávar.

Að vestan ræður Jökulsá

Að norðan sjórinn.

Að sunnan ræður Jökulsá.

Undir Skinnastaði heyrir austan af Skóga- og Klifshagareka – er hver á hálfan reka fyrir Skóga og Ærlækjarselslandi – 360 faðmar, og er staur rekinn niður í sandinn til að sýna hvar þeir enda.

p.t. Skinnastöðum, 20. August 1885.

Stephán Stephensen

Samþykkur Skinnastaða vegna. Þorleifur Jónsson

Samþykkur fyrir þann hluta jarðarinnar Þórunnarsels er eg á. Þórður Flóventsson

Einnig er eg samþykk þessu Vilborg Þórarinsdóttir.

Sömuleiðis er eg samþykkur þessu Sigurður Gunnlögsson

[Ritað á spássíu með öðru lettri og öðrum lit.]

Samkv. áskorun frá 20.5. '53 lýstu hverslags rekaítaki Skinnastaða „Reki allur milli Skógareka og Ærlækjarsels“. JS.

Klifshagi lýsti ekki rekaítaki samkv. áskorun 20.5. '53. Það því niður fallið. J Skaptason

Lesið á manntalsþingi að Skinnastöðum 31. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 107.
B. Sveinsson

Borg: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Blikalóns í Presthólahreppi.

Að austan ^{vestan} milli Sigurðarstaða og Blikalóns úr miðri mjóumöl og þaðan í Landamerkjapúfu síðan í Landamerkjaás, þaðan á Sveina, og síðan heyrir undir jörðina Blikalónsdalur að Hólsstíg.

Að austan milli Blikalóns og Rifs: Úr stórum steini í lítilli tjörn, er liggur utan við Straumtjarnir og í Leuthenantsvörðu og síðan fram Mjóavatnsása, og þaðan heyrir Blikalónsdalur að Hólsstíg undir jörðina.

Rekamark úr miðri Mjóumöl að stórum steini í lítilli tjörn, er liggur utan við Straumtjarnir.

Akureyri, 16. Janúar 1883.

Stephán Stephensen.

Rif, Snartastaðir og Leirhöfn, eru ásamt Blikalóni eign landssjóðs.

Stephán Stephensen.

Samþykkur hvað Sigurðarstaði snertir.

Halldór Bjarnarson.

Lesið á manntalsþingi að Presthólum, 25. Maí 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 108.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Hróastaða í Hálshreppi.

1. Að sunnan milli Veturliðastaða: Úr Fnjóská eftir svonefndri Merkjalá (Merkjalind) og uppá Hólsbrún (röð af melhólunum kippkorn fyrir ofan bæinn frá norðri til suðurs,) þaðan eftir gömlum glöggum merkjagarði og úr honum Syðri-Gerðalæk og síðan eftir honum, og svo bein uppá neðstu brúnir, og þaðan beint í vestur til Miðheiðar.
2. Að norðan milli Skóga: Úr Fnjóská eftir svonefndri Merkjafróf upp fyrir Efri-götur, og síðan þaðan sem hún skiftist í tvo arma, beint í dý, er kallast Sauðkelda, og liggur skammt fyrir ofan Efrigötur, og þaðan beina stefnu röðulinn milli næst syðsta Selgilsdragsins og syðsta Selgilsdragsins.
3. Að austan Fnjóská.
4. Að vestan Miðheiðin; (merkjalína, sem liggur út og suður um Fálkahól)

Akureyri, 16. Jan. 1883.

Stephán Stephensen.

Sigurður Davíðsson (Eigandi ½ Veturliðastaða)

Gísli Ásmundsson (Umsjónarmaður ½ Veturliðastaða.)

Samþykktur fyrir Skóga. Jón Sigfússon.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886 og ritað í landamerkjabók N^o 109.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B. Sv.



Landamerki.
Brettingsstaða í Hálshreppi.

1. Að utan milli Jökulsár og Brettingsstaða, eru merki í miðjan Botnahrygg, beina stefnu á Sjónarhól, þaðan ofan Merkihrygg til Víkurvatna, og svo skilur ósinn úr vatninu lands eður fjörueign Víkur og Brettingsstaða, og ræður svo bein stefna úr honum til áðurnefnds merkihryggjar.
2. Að sunnan milli Laufáskirkjulands (Eyvindarárlands) og Brettingsstaða ræður Eyvindará.
3. Að austan milli Brettingsstaða og Hofs, ræður Urriðalækur yrzt beint í Merkivörðu á mölinni og svo beint til sjávar. Eru svo merkin beint frá upptökum Urriðalækjar, eftir Nýputjörn, Kyl, Brennivínskeldu, Reiðgötum utan við Þverá, Sellæk ofan við Laugaból, eftir miðri Startjörn í Mjóadalshól, þaðan eftir brekku brúnunum suður að Eyvindará.

Akureyri, 14. Apríl 1885.
Stephán Stephensen.
Umboðsmaður.

Gísli Ásmundsson (Umsjónarmaður ½ jarðarinnar)
Ofanritaðri landamerkjabókingu samþykkir
(Magnús Jónsson Umráðamaður Eyvindarárlands.)
Samþykkur vegna Jökulsár Einar Ásmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 110.
B. Sveinsson.

Borg: Þingl. kr. 0,75
Bókun kr. 0,25
kr. 1,00 – Ein króna
Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

111. Landamerki Vatnsenda í Ljósavatnshreppi.

Að norðan milli Arnstapa ræður bein stefna úr Stapa og austanvert í Dauðatanga

Að sunnan ræður Geitá alla leið vestur í fjall.

Að vestan ræður fjallsbrúin.

Að austan ræður Ljósavatn þar til Geitá fellur á það.

Akureyri, 30. Apríl 1885.

Stephán Stephensen.

Arnstapi er eins og Vatnsendi eign landssjóðs.

Stephán Stephensen.

Björn Jóhannson. Eigandi Ljósavatns.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 111.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Vagla í Fnjóskárdal í Hálshreppi.

Að sunnan eru merki milli Vagla og Lunds í svokallaðri Teigagróf. Liggur hún hérumbil beint út fjallsbrún niður og vestur til Flatagerðis þegar Teigagróf sleppir eru merkin eftir vörðum í sömu stefnu til Fnjóskár. Teigagróf þessi er lítinn spöl fyrir sunnan Bolagróf, og milli Jónshöfða og ~~Sjónhöfða~~ Sjónarhóls. Í ~~landspildunni milli Teigagrófar og Bolagrófar tilheyrir Lundi beit um 8 vikna tíma fyrir fé það, sem haft er í húsunum á Kiðsárgerði, og slægjur þær í téðri landspildu, sem eru fyrir ofan Reiðgötunar, sem liggja suður frá Vöglum, yfir Kringlugerði og Kiðsárgerði~~

Að vestan eru merkin eftir Fnjóská. Að norðan eru merkin milli Vagla og Háls í svonefndu Brandsgili. Liggur það hérumbil beint út fjallsbrún niður, og vestur til Fnjóskár, sunnanundir þinghádegishjúk og Brandshrygg, og útt fyrir utan Dælarhús og Hróastaðanes. Að austan eru merki þar sem fjallshryggurinn er hæstur.

Vöglum 24. Maí 1883.

Benedikt Bjarnason, ábúandi jarðarinnar.

[Útstrikun með öðrum lit. Neðanmáls með öðrum lit og annari rithönd er skrifað]
Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20. maí 1953. Því er það niður fallið. J. Skaptason

Að þessi landamerki séu rétt og glögg, votta.

St. Árnason

Pétur Jónsson prestur að Hálsi

Guðmundur Davíðsson eigandi Lunds

Samþykkur vegna Hróastaða Stephán Stephensen.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 112.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Illugastaða og Kotungsstaða í Hálshreppi.

Eru að austan eftir miðri Fnjóská, að sunnan í vörðu þá, sem er á austari ásenda línunum syðri, rétt á mótum syðsta Belgsár^{grjóta}farveg, þar sem hann liggur fram í Fnjóská að austan; en frá fygrendri vörðu til vesturs, beina stefnu í vörðu þá, sem er utan við hól hinn syðsta út og upp frá Sellandsbæ og þaðan beina stefnu utan við gamlan stekk og í grjótvörðu, sem er á svonefndum Stöllum, og þaðan beint á fjall upp, og svo vestur utan við Miðmundadal, alla leið inn á móts við Ytritunguvörðu. Að vestan ræður Grjótá alla leið þar til hún fellur fram úr gljúfrum þeim sem eru rétt fyrir sunnan og ofan Grjótágerðisbæ, að utan er stefnan beint út fyrnefndum gljúfrum og í grjótvörðu þá, sem er í Grjótáreyrum, og þaðan beina stefnu til Fnjóskár eftir gömlum farveg.

En merki millum Illugastaða og Kotungsstaða eru frá Fnjóská í stein, sem er utan og neðan við svonefndan Típpapoll, og þaðan beina stefnu í lá, sem er í rönd þá, sem liggur ofan við Grafarmýri, og þaðan í grjótvörðu, sem er sunnan við Mýrdal, og þaðan beina stefnu í Mýrardalsgróf og á fjall upp alla leið að Grjótá.

~~(Ennfremur eiga ofanskrafaðar jarðir frían upprekstur fyrir geldfénað sinn á sumrum á Austur-Bleiksmýrardal austan Fnjóskár).~~

Illugastöðum, 24. Maí 1886.

Fyrir hönd eiganda Jóhann Fr. Jóakimsson

[Útstrikanir með öðrum lit. Á spássíu er ritað með öðrum lit og öðru lettri.]
Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5.1953. Er því niður fallið. J. Skaptason

Samþykkur hvað ofanefnd landamerki snertir að sunnan
Guðmundur Davíðsson fyrir eig. Sellands.
Jóhann Einarsson eigandi að Grjótágerði.

~~(Að jörðin Illugastaðir með Kotungstöðum, eigi frían upprekstur fyrir geldfénað sinn á Austur-Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, samþykkir Stephán Stephensen umboðsm. Munkaþverárkl.)~~

Lesið á manntalsþingi að Hálsi, 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 113.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B. Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Ness í Hálshreppi.

Að sunnan, þar sem Skógaland tekur við, ræður Breiðagil frá Fnjóská og uppá Ása, og þaðan eftir Bræðragilslæk uppá brún, þaðan beina stefnu í næsta læk, beint út undan þremur steinum framan í Miðbrún, og þaðan beint vestur í vörðubrún, er ræður merkjum á heiðinni.

Að utan lind (kölluð merkjalind), er rennur ofan sunnan undir gömlum garðstúf til Fnjóskár, og svo beint úr áður nefndri lind í stein þann, sem er í mýrabolla neðan við efri reiðgötur, og svo þaðan beina stefnu upp utan við svokallaða Engjalá í vörðu á Ásabrun, þaðan beina stefnu yfir ásana og upp heiðina í vörðu á neðstu heiðarbrún, síðan beint í vörðu á Miðbrún og vestur til Miðheiðar í áður nefnda vörðulínu.

Veturliðastöðum, 18. maí 1885.

Sigurður Davíðsson.

Fyrir hönd eiganda Ljósstaða Jóhann Fr. Jóakimsson

Samþykkur fyrir hönd eiganda Jón Sigfússon.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 114.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Böðvarness í Hálshreppi.

1. Að sunnanverðu milli Vegeirsstaðalands og Böðvarness eru merkin upp frá Fnjóská gegnum miðja Merkilág endilanga í Merkihryggi, og þaðan beint á háfjall.
2. Að utanverðu ræður Fossá merkjum frá Fjóská til fjallsbrúnar, þar utan við er Syðrahólsland.
3. Að vestan eru merkin í Fnjóská.

Böðvarsnesi, 24. maí 1886.

Vegna jarðeigendanna. Kristín Sigurðardóttir, Sigvaldi Guðmundsson.

Guðlögur Kristjánsson. Eigandi Syðrahóls.

Kristján Kristjánsson.

Vegna eiganda Vegeirsstaða Hannes Friðriksson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 115.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Syðrahóls í Hálsheppi.

1. Merkin að norðan á milli Ytra-Hóls og Syðrahóls eru beint frá Fnjóská og á vörðu á Undirmírbrekku þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við Gröf og þaðan í Snjóbolla
2. Að vestan eru merkin í Fnjóská.
3. Að sunnan eru merkin: á milli Böðvarsness og Syðrahóls ræður Fossá merkjum frá Fnjóská til fjallsbrúnar.
4. Á milli jarðanna Syðra-Hóls og Ytra-Hóls, er landi óskipt fyrir ofan Hálsbrún til beitar, en til slægna á Syðri-Hóll allar Axlarmýrarnar austur að vörðu á Selbrekkubrúnum og út að vörðum við Hafragróf.
5. Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar í sameign, bæði að austan og vestan Syðrihóll og Ytrihóll. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að þrengingum. Að austan ræður fjallsbrún fram að Gili sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan eru merkin Mjóadalsá og fram til fjalls að framan.

Syðrahóli, 16. Maí 1886.

Guðlögur Kristjánsson jarðareigandi.

Jón Jónsson, Guðný Sigurðardóttir, Eigendur Ytrahóls.

Vegna eiganda Draflastaðakirkjulands á Göngurskarði.

Hannes Friðriksson, Björn Bjarnarson.

Vegna eiganda Garðslands Gísli Ásmundsson.

Vegna eigenda Böðvarsness Kristín Sigurðardóttir

Eigandi Finnsstaðadals Kristján Kristjánsson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 116.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Ytrahóls í Hálshreppi.

1. Merkin að norðan á milli Ytrahóls og Garðs er beint frá Fnjóská og í Sandgil, frá því, um reiðgötur í stóran stein utan og vestan við Geithól, frá þeim steini í miðjan Linghól, þaðan í miðjan sjónarhól, þaðan beina línu og austur á miðja Vaðsmýri og á Hólsá undan vegalág.
2. Merkin að neðan ræður Fnjóská.
3. Merkin á milli Ytrahóls og Syðrahóls eru beint frá Fnjóská og í vörðu á Undir mímýribrekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við gröf og þaðan í Snjóþolla.
4. Landinu fyrir ofan Hólsbrún er óskift til beitar á milli jarðanna Ytrahóls og Syðrahóls, en til slæгна á Ytrihóll Grafarmýrarnar utan á hálsinum allt fyrir utan Hafragróf og allar Selbrekkurnar fram í gegn og upp í vörður þær, sem eru á Selbrekkubrúnunum frá Hafragróf fram að öxlinni.

Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar Ytri-Hóll og Syðri-Hóll bæði að austan og vestan. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að þrengingum, að austan ræður fjallsbrún fram að gili, sem er gagnvart Mjóadal

Að vestan og framan ræður Mjóagilsá og fram til fjalls.

Ytra-Hóli, 16. Maí 1886.

Eigendur jarðarinnar Jón Jónsson, Guðný Sigurðardóttir.

Guðlögur Kristjánsson eigandi Syðrahóls.

Vegna eiganda Garðs Gísli Ásmundsson.

Vegna eiganda Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði

Hannes Friðriksson, Björn Bjarnason.

Eigandi Finnsstaðadals Kristján Krisjánsson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886 og ritað í landamerkabók Þingeyjarsýslu N^o 117.

B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði.

1. að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin.
2. Merkin að vestan eru:
 - a. Að norðan verðu Grjótá, svo Gönguskarðsá innúr þrengingum að Hólsmarkjum.
 - b. Að sunnanverðu Gönguskarðsöxlin þar sem Hólslund byrjar.

Austari-Krókum, 15. Maí 1886.

Hannes Friðriksson, Björn Bjarnason (í umboði eiganda)

Vegna eiganda Garðslands Gísli Ásmundsson

Vegna eiganda Ytrahóls Jón Jónsson.

Vegna eiganda Syðrahóls Kristján Kristjánsson.

Kristján Kristjánsson Eigandi Finnsstaða.

Samþykkur vegna Þoroddsstaðarkirkju.

Stefán Jónsson (prestur)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 118.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Garðs í Hálsahreppi.

1. Merkin að utan milli Garðs og Austarkróka, eru Uxaskarðsá hin ytri og svo Árbaugsá.
2. Merkin að neðan eða vestan eru Árbaugsá eða Þverá og svo Fnjóská frá Þverá til Ytrihólsmerkja.
3. Að sunnan milli Garðs og Ytrahóls eru merki beint frá Fnjóská í Sandgil, frá því gili um reiðgötur, beint í merkistein utan og neðan í Geithól, þaðan í miðjan Linghól, þaðan í miðjan Sjónarhól, þaðan rétt lína yfir Vaðmýri í Hólsá, beint undan Vegarlág í Tungusporði.
4. Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá, svo í Gönguskarðsá og Hólsá, fram að Ytrihólsmerkjunum sem áður eru talin.

Þverá 2. Janúar 1884.

Í umboði eiganda Gísli Ásmundsson

Framanritaðri landamerkjalyýsingu eru samþykktir.

Eigandi Austari-Króka Hannes Friðriksson.

Ytrahóls Jón Jónsson, Guðný Sigurðardóttir.

Eftir skriflegri fullmakt, eiganda Draflastaða vegna kirkjulandsins í Gönguskarði

Hannes Friðriksson, Björn Bjarnarson.

Vegna Þverárlandseignar Gísli Ásmundsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 119.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun – 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Þverár í Hálshreppi.

1. Landið austan Fnjóskár:
 - a. Milli Skarðs og Þverár eru landamerki í Merkigili þar sem það er í einu lagi í miðri hlíð, og svo úr því beina stefnu ofan til Fnjóskár, og upp í miðja Merkiskál á fjall upp.
2. Landið vestan Fnjóskár.
 - a. Merkin að utan eru dæl sú og garðbrot, er liggja gengt túngarðinum og gilinu vestan við Þverártún, og frá dælinni upp miðjan hnjúk þann í fjallinu, er ýmist nefnist Breiðihnjúkur eða Nónhnyjúkur, og svo á fjallið upp
 - b. Merkin að sunnan eru í miðri láginni Ausu, og þaðan beina stefnu í fjallsbrúnina, suður við Náttmálagil, þar með fylgir tiltölulegur hluti af háfjallinu.
- ~~3. Ítak í Almennungi í Flateyjarðalsheiði til grasa^{tektu}, og slægna~~
 - ~~a. Merki hans að sunna er Ytri Höfðagilsá, þar til gilið klofnar, þá bein stefna til há fjallsbrúnar.~~
 - ~~b. Merkin að utan eru Eilífsá meðan hún stefnir beint, en úr því^{bein} stefna til há^{há} brúnarinnar~~
- ~~4. Samkvæmt afsalsbréfi fyrir Þverárlandi dags. 24. Maí 1843 og makaskiftabréfi dags. 8. Júní 1844, á jörðin Þverá frían upprekstur milli Miðgils og Mógils í Heiðarhúsalandi á Flateyjarðalsheiði.~~

Þverá, 4. Janúarm. 1883.

Gísli Ásmundsson

[Útstrikun gerð með öðrum lit. Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítökum ekki lýst samkv. áskorun 20.5.'53. Því niður fallin. J. Skaptason

Ofan og framanskriafaðri merkjalýsingu samþykkir.

Eigandi Þúfu Eldjárn Ásmundsson.

Samþykkur vegna Skuggabjarga. Stephán Stephensen (umboðsmaður.)

Í umboði eigandans að Melum samþykkur Á. Stefánsson

[Ritað neðanmáls, með sömu rithönd og meginmál]

*Framanskriafaðri merkjalýsingu er eg samþykkur, sem Laufásprestur Magnús Jónsson

Í umboði B. Jóhannessonar í Hvassafelli, er eg samþykkur framanskriafaðri landamerkjalyýsingu, hvað jörðinni Skarði viðvíkur Jóhann Bessason.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 120.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borg. B. Sv.

Landamerki Hofi í Hálshreppi.

1. Að utan ræður Urriðalækur frá upptökum beint í Merkivörðu á mölinni og þaðan til sjávar.
2. Að vestan ræður bein lína frá upptökum Urriðalækjar fyrrnefnda í læk þann er rennur ofan við Langhól, og svo þaðan á miðjan Mjóadalshól, frá honum bein stefna eftir brekkunum suður að Eyvindaranni. Bæði að utan og vestan er Brettingsstaðaland.
3. Að sunnan ræður Eyvindará og Dalsá að austan.

Þverá, 2. Jan. 1884.

Gísli Ásmundsson (í umboði eiganda.)

Samþykkur hvað ½ Brettingsstaði snertir
Stephán Stephensen (umboðsmaður)

Þessu samþykkur, sem Laufásprestur, það sem snertir Eyvindarárland.
Magnús Jónsson.

Lesið á manntalþingi að Hálsi 4. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 121.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hallanda í Svalbarðsstrandarhreppi

Að norðan ræður einstakt sker í sjónum beint upp á klöpp á bakkanum, og svo í vörðu á sérstakri klöpp á Langakletti, beint í vörðu á mel fyrir neðan Mjóasund, beint upp í vörðu á Langamel, síðan í vörðu í Stekkjarhjalla, þaðan beint upp á brún, rétt sunnan við Dagmálabungu og austur á miðja heiði.

Að sunnan: Garðstúfur, sem liggur í austur og vestur örskammt fyrir sunnan Hallandstungarð, það hafa verið grundvallarlandamerki frá fornri tíð og stefna eður sjónhending úr steini þeim hinum stóra, sem stendur vestan við umgetinn garðstúf til þvervesturs að sjó niður; einnig úr sama garði til þverausturs í svokallaða Gömlu-Stekkarborg sunnanverða, og þaðan beinlýnis upp til fjallsbrúnar í syðri enda Krossadals og síðan sömu stefnu til vörðulínu, sem er um miðja heiði.

Að vestan ræður sjórin.

Veturliðastöðum, 16. Júním. 1884.

Sigurður Davíðsson

Jón Sigfússon (Eigandi Meyarhóls)

Benedikt Jóhannesson (umsjónarm. 1/3 af Veigast)

Halldór Eiríksson (í umboði síra Jóns Reykjalíns Þönglabakka)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 7. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 122.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Eyrar í Grýtubakkahreppi

Að vestan ræður Hvalbeinspúfa á malarkambi, síðan ræður Köðluós að Útmýri, þaðan ræður gamall árfarvegur millum Útmýrar og Eyrarhólma norðvestur í á, eftir það ræður áin að Leirubakka, þaðan beint stryk úr miðri á í mitt Hvalvatn milli Vatnshóls og Eyrarhöfn; úr Hvalvatni ræður Brekkulækur í Háslæk og Háslækur í Startjörn, beint á Kríuklöpp, þaðan í Merkjavörðu á syðri röð Þorgeirshöfða; svo í Lækjará beint strik á Sjavrbakka austur til í Breiðuvík.

Björn Bjarnason (eigandi.)

Framanskriafaða lýsingu samþykkir J. Reykjalin prestur að Þönglabakka

Eg undirskrifaður er í allan máta samþykkur framskrifaðri landamerkjabók, að því leyti sem mér tilheyrir.

Kaðalstöðum 2. Júní 1886.

Guðlögur Jónsson

Framanskriafaðri merkjalýsingu er eg undirskrifaður samþykkur hvað Brekku snertir.

Höfða, 7. Júní 1886.

G. Ólafsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 8. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 123.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Skarðs í Grýtubakkahreppi.

1. Á milli Skarðs og Þverár ræður merkjum lækur sá, er fellur í svonefndu Merkigili, þar sem það er í einu lagi um hjallann neðarlega í fjallshlíðinni, og þaðan ræður bein lína niður að Fnjóská, og einnig þaðan bein lína upp í svo nefnda Merkiskál og allt á fjall upp.
2. Þaðan liggja merkin eftir beinni línu út háfjallið út að svonefndri Innri-Höfðagilsá, og skiftir sú lína Skarðslandi, fyrst frá Þúfulandi nokkuð út eftir fjallinu, og síðan frá Vestari-Krókalandi. Innri-Höfðagilsá, rennur í svonefndu Innra-Höfðagili, og liggur gil það þvert fyrir botninum á svonefndum Skarðsdal, allt uppá fjall það, sem er Vestanvert við dalinn; og skilur áin Skarðsland frá Laufáskirkjulandi á fjall upp.
3. Milli Skarðs og Litlagerðis ræður merkjum lækur sá, er nefndur er Grefilslækur, og sem fellur í svonefndu Grefilsgili, frá Fnjóská á fjall upp. Síðan liggja merkin frá Grefilsgilsbotni, eftir beinni línu út á háfjallið, út í Skarð það, sem liggur í gegnum fjallið úr Innra-Höfðagilsbotninum, í svo nefnda Grýtuskál.
4. Fnjóská skiftir Skarðslandi frá Laufás og Skuggabjargalöndum

Þessa ofanskrifaða landamerkjalyýsingu, hefi eg undirskrifaður samið eftir bréfflegri beiðni herra Benedikts Jóhannessonar bónda á Hvassafelli, dags. 10. Júlí 1885, og er hún svo rétt sem eg best veit og mér hefir verið sagt af hér kunnugum.

Skarði, 13. Marz 1886

Jóhann Bessason.

Samþykkur framanritaðri merkjalýsingu, er eg, eigandi og ábúandi Þverár

Gísli Ásmundsson.

Samþykkur framanritaðri merkjalýsingu. Þúfu, Eldjárn Ásmundsson

Sem umboðsmaður Laufásstaðarlands, Höfðagiljalands og Litlagerðislands, er eg samþykkur framanritaðri landamerkjalyýsingu Skarðslands.

Magnús Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 8. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 124.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna Borg. B.Sv.



Landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Litlagerðis.

1. Að austan ræður Grefilslækur frá Fnjóská og upp á háfjall.
2. Að sunnan Fnjóská.
3. Að vestan er stefnan úr stórum steini niður við Fnjóská uppi á há bakkanum, fyrir utan og neðan Litlagerði í Ytri-Tvístein fyrir utan og ofan Litlagerðisbæ. Þessir tveir steinar ráða stefnu merkjanna neðan frá á uppá fjallsbrún.
4. Að norðan ræður fjallsbrúnin.

Laufási, hinn 22. Maím. 1886.

Magnús Jónsson

Vegna Skarðslands

Samþykkur Jóhann Bessason

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 8. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 125.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Pálsgerðis.

1. Að austan er stefnan úr stórum steini niður við Fnjóská, upp á há bakkanum fyrir utan og neðan Litlagerði í Ytri-Tvístein fyrir utan og ofan Litlagerðisbæ. Þessir tveir steinar ráða stefnu merkjanna neðan frá á uppá fjallsbrún.
2. Að sunnan (suðvestan) ræður Fnjóská.
3. Að vestan (utan) ræður neðan frá Fnjóská, Merkilækur uppá Kúahjalla, og svo þaðan beint á fjall upp
4. Að norðan (norðaustan) er fjallsbrúnin

Laufási hinn 24. Maím. 1886.

Magnús Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka, 8. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 126.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Miðgerðis.

1. Að austan (norðaustan) ræður neðan frá Fnjóská Merkilækur uppá Kúahjalla og svo þaðan beint á fjall upp.
2. Að suðvestan ræður Fnjóská.
3. Að utan: Neðan frá Fnjóská Merkilækur ytri upp undir Bæarhjalla; frá upptökum lækjarins, þar er stefnan í Syðra-Grástein á Bæarhjallanum og þá beint á fjall upp
4. Að norðaustan ræður fjallsbrúnin.

Athugasemd. Innan nefndra takmarka fylgir Laufásstað:

1. ~~Þrjú útmældir engjateigir,~~
2. ~~Hin svonefnda Tunga.~~

~~Þetta hvortveggja er undanþegið notkun Miðgerðis ábúanda, en áskilið Laufáspresti.~~

Laufási, hinn 24. Maím. 1886.

Magnús Jónsson.

[Útstrikun gerð með öðrum lit. Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Sje hjer um ítak að ræða er það brott fallið sökum þess að því var ekki lyst samkv. áskorun 20.5.'53. J. Skaptason

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 8. Júní 1886, og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 127. B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.

Laufáskirkjujarðarinnar Borgargerðis.

1. Að austan ræður fjallsbrúin.
2. Að sunnan neðan frá Fnjóská Merkjalækur ytri upp undir Bæarhjalla; frá upptökum lækjarins, þar er stefnan í Syðri-Grástein í Bæarhjallanum og þá beint á fjall upp
3. Að vestan Fnjóská.
4. Að utan ræður Kollulækur upp undir þjóðvegabrautina. Svo er stefnan út eftir brautinni að austan eða skurðinum austan við brautina út að Merkjavörðu sunnantil við Hildarlágar. Þá úr þessari Merkivörðu upp í Merkjagil og eftir Merkigili beint á fjall upp.

Laufási hinn 24. Maí 1886.

Magnús Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 8. Júní 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu 128.
B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Grundar.

1. Að sunnan: Úr merkivörðu við þjóðveginn sunnan til við Hildarlágar í Merkgil, og þá eftir Merkgili og beint á fjall upp. Frá þessari Merkjavörðu liggja merkin stuttan spöl út eftir, eftir skurði fast við braut þjóðvegarins út á móts við Gagnis-upptök, svo ræður Gagnir og þá Fnjóská.
2. Að vestan ræður frá merkivörðu fyrir utan og neðan Grund forn og beinn merkjagarður, suður eftir flóanum allt suður til Fnjóskár, þar sem Sýki er kallað og yzta kvísl árinna tekur að renna í suður.
3. Að utan: Úr merkjavörðu fast við hinn forna merkigarð við hestamel fyrir utan og neðan Grund og beint í Ytri-Tvístein, og þá sama beina stefna á fjall upp.
4. Að austan ræður fjallsbrúnin.

Laufási, hinn 24. Maím. 1886.

Magnús Jónsson.

Þessum landamerkjum er eg sem eigandi Ness samþykkur.

Einar Ásmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 8. Júní 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 129.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Lómatjarnar.

1. Að sunnan: Úr merkjavörðu, fast við hinn forna merkjagarð við Nesland fyrir utan og neðan Grund og í Ytri-Tvístein og þá sama beina stefna allt á fjall upp.
2. Að vestan: Frá merkjavörðu hinn nefndi forni merkjagarður út í Sóleyardý.
3. Að utan ræður bein lína neðan úr Sóleyjardýi uppá fjall, og liggur hún um suðurbrún hæða þeirra, sem eru suður frá Hléskógum en utanvið Lómatjarnarlæk, í gilskoru, sem þar er upp undan og þá upp í gil sunnan við Djahjalla og Grenishjalla á fjall upp.
4. Að austan ræður fjallsbrúnin.

Laufási, hinn 22. Maímán. 1886.

Magnús Jónsson

Þessum landamerkjum er eg samþykkur, sem eigandi Ness og Hléskóga.

Einar Ásmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 8. Júní 1886 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 130.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



Landamerki Fellssels í Ljósavatnshreppi

Að austan ræður Skjálfandafliót merkjum og sú megin kvísl þess, er fellur norðaustur úr Grenhyl.

Að sunnan austan í Kinnarfelli milli Barnafells og Fellssels ræður Umsvalalækur og Umsvalagarður er liggur upp með honum upp að upptökum læksins, þá taka við vörður upp fellid og yfir það gagnvart garði þeim, sem liggur upp fellid að vestan upp í merkihól, þaðan ræður garðurinn yfir mýrina ofan í Bollastaðaá; þá ræður hún upp á Brún í vesturfjallinu, og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur, og taka þá við vörður uppá grjót.

Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaða vötnum hallar inn á Finnsstaðadal.

Að norðan, austan í Kinnarfjelli; ráða vörður merkjum milli Yztafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg, þaðan yfir fellid og niður að Rangá vestan við Rangá skiftir gamall garður merkjum milli jarðanna syðst á Heyvallarfit; ofan við fitina ráða vörður upp fjallsræturnar beint í hnúk einn á Heyvallarfit gróf. Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp skollhóla og vestur á háfjall.

Fellsseli, hinn 28. maí 1885

Jóhannes Jóhannesson (Eigandi Fellssels)

Guðbjörg Aradóttir (Eigandi Yztafells)

Kristján Kristjánsson (Eigandi Finnsstaða)

Kristján Jónsson (Eigandi Barnafells)

Að Lárus prestur Eysteinnsson á Helgastöðum hafi með áteiknum dags. 8. d. Febrúarm. 1814 samþykkt landamerkjaskrá þessa, það vottast hérmeð samkvæmt mér sýndu frumriti.

Í manntalsþingsrétti að Ljósavatni, hinn 28. Maí 1885.

B. Sveinsson

Lesið á manntalsþingi að Ljósavatni ^{28. Maí 1885} og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 131.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Brimness í Sauðanesshreppi.

Að norðan frá sjó ræður Dritvíkurá uppí árkrókinni rétt neðan við svonefndan Rauðalæk, þaðan beina stefnu á mitt Flóabotnavatn. Að suðaustan ræður bein stefna úr miðju Flóabotnavatni, þaðan framan við Naddamúla í Kvappinn milli Guðrúnarborgar og Naddamúla, og að vesta úr nefndum Kvappi beina stefnu í Halldórssel, þaðan í þúfustein eða þúfusteinslæk er síðan ræður stefnunni til sjávar.

Akureyri 4. Júlí 1884.

Stephán Stephensen

Sauðanesi, 13. Júlí 1884.

V. Sigurðsson.

Framskrifuðum landamerkjum milli Brimness og Læknisstaða, er samþykkur sem eigandi Læknisstaða

Magnús Jónsson (handsalað)

Samþykkur: Davíð Jónsson (eigandi ½ Heiðar)

S. Sæmundsson

Lesið á manntalsþingi að Sauðanesi og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 132.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



Landamerki Eyjardalsár í Ljósavatnshreppi.

1. Að sunnan liggur Eyjardalsárland að Sandhaugnalandi og eru landamerki þar megin úr tveimur steinum á svonefndum Helmingshöfða, er liggur við fjallsrætur þvert austur í Skjálfandafljót, en að ofan úr sama höfða á fjall upp yfir þveran Eyjardal til vesturgjóta, og á þau þar til vötn falla vestur þaðan eru landamerki að vestan, eftir höfuðátt í norður, norður grjótin, gegnt því, er Eyjardalur og Öxarárdalur mætast og Ljósavatnsland tekur við.
2. Að norðan liggja saman Eyjardalsár og Öxarárland; en þar landamerki úr svokölluðum Kárasteini, eftir garðbroti, sem liggur ofan í Eyarkvísl, yfir hana og úr henni hellu syðst á Bótarbördum, svo þvert austur í Skjálfandafljót, er ræður landamerkjum að austan. Úr nefndum steini liggur einnig garðbrot upp fjallshlíðina, og ræður það landamerkjum meðan það endist, og þá bein lína vestur yfir austurgjót allt til Öxarár, þaðan eftir því sem áin liggur suður á áðurnefnd dalaót.

Eyjardalsá, 2. Júní 1886.

Jón Inggjaldsson

Pétur Jóns prestur að Hálsi fyrir hönd Hálskirkjujarðarinnar Sandhaugna.

Björn Jóhannsson Eigandi Ljósavatns.

Vegna eiganda jarðarinnar Öxarár eftir fullmakt Jón Sigurðsson.

Lesið á manntalsþingi að Ljósavatni Júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 133.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grundarhóls með eyðijörðinni Langavatni
gagnvart löndum þeim er að liggja á allar síður er sem fylgir:

Á milli Grímsstaða og Grundarhóls ræður efri Vatnsleysa ofan á móts við vörðu á melkambi fyrir neðan Langavatnslindir, þaðan með Hólsselslandi yfir eyrar í vörðu á svonefndri merkjatorfu útvestur af Langavatnshöfða. Þaðan frá í Krossbeinagýg á melrönd útvestur af Gildruás. Svo til útausturs í vörðu á merkiholti á fleti þeim, sem liggur utan við gildruás, þaðan þvert í austur að Grundarhólslandi (3: neðri systur) þaðan frá í norður í Háselsás, og svo þaðan austur með Hólslandi á stóruhæð og í Stórastein á Neðrivörðuhálsum. Frá Stórasteini í Vörðuhólaskarð í efri vörðuhólum, þaðan að Víðirhólslandi í vörðu á Grasabýfi og svo þaðan til suðurs með Víðirhólslandi í Álftatjarnarás; þar sem hann er hæstur við Ytri-Vatnsleysu. Einnig á Grundarhóll engjar í Hólslandi, svo nefndan Fláka. Ræður Víðirhólsá að utan og mólendisholt að austan í Syðstudys út af svonefndum Fossadal. Þaðan þvert vestur að Fossdalslæk og ræður lækur sá að sunnan og vestan að Grundarhólsgötu vestan við Nýahól, og gatan að vestan allt út í fyrnefnda á. Enn á Grundarhóll tvær engjaflögur austur af Háubúfu og óskifta laufreiti fyrir austan Víðarhólsfjallgarð í óskiftu afréttarlandi. Ennfremur frían geldfjárupprekstur og eins hests göngin á Hólshéiðarlandi. Einnig fyrir sameiningu við eyði jörðina Langavatn, tilheyrir Grundarhóli eftir kaupbréfi dags. 12. Martius 1860 3 hesta ganga og næg torfrista til húsa á Langavatni á svonefndum Engidalsparti, sem tilheyrir Hólsseli.)

Að þetta sé rétt eftir afsalsbréfum og samkomulagi vitnum við undirskrifaðir:

Fyrir Grundarhól (eigandi: Jón Sigurðsson Skinnalóni

Fyrir Hólssel (Helgi Guðlögsson eigandi.

Fyrir Hól. Bjarni Jónsson eigandi.

Fyrir Víðirhól. Jón Árnason eigandi.

Fyrir Grímsstaði Sölvi Magnússon eigandi.

Fyrir Nýahól Björn Kristjánsson eigandi.

Fyrir Nýahól S. Gunnlögsson eigandi að 1/3

Fyrir Víðirhól K. Kristjánsson eigandi.

Fyrir Nýahól Kr. Guðmundsson eigandi.

Fyrir Víðirhól Friðrik Guðmundsson eigandi.

[Útstrikun gerð með öðrum lit. Neðanmáls ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Þar sem ítökum var aldrei lýst samkv. áskorun 20.5.1953 eru þau niður fallin. J Skaptason

Þann 25. dag Maímán. 1887, lesin á manntalsþingi að Skinnastöðum og rituð í landamerkjabók
Þingeyjarsýslu N^o 134.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg B.Sv.



Landamerki Finnsstaða í Kinn.

Að austan ræður Kinnarfell merkjum þar sem það er hæst suður að vörðu þeirri, sem nefnist Hornvarða.

Að sunnan eru merkin úr Hornvörðu eftir vörðum ofan Fellið, þá taka við vörður ofan mýrina, og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna, meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri, og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.

Að norðan eru merkin í vörður, sem standa vestan í Kinnarfelli allt ofan að svonefndum Merkihól. Þaðan ræður garður yfir mýrina ofan í Bollastaðaá, þá ræður hún upp fyrir brún á vestur fjallinu og allt þangað til hún liggur í suður, þar sem heitir Bræðradalur og taka þá við vörður uppá grjót.

Að vestan ráða grjóthálsar þeir, hvaðan vötnum hallar vestur til Fnjóskadals.

Jörðunni fylgir ennfremur afréttarlandið Finnsstaðadalur að 5/6 hlutum. Takmörk hans eru sunnan við ána, sem eftir honum rennur. Mjóadalsá að innan, en norðan við ána gil nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.

Finnsstöðum, 5. Apríl 1886.

Eigandi jarðarinnar Kristján Kristjánsson.

Jóhannes Jóhannesson (Eigandi Fellssels)

Guðlögur Kristjánsson. (Eigandi Syðra-Hóls)

Jón Jónsson, Guðný Sigurðardóttir (Eigendur Ytra-Hóls)

Kristján Jónsson Úlfabæ (Eigandi Barnafells.)

Sigurður Sigurðsson (handsalað) (Eigandi Halldórsstaða.

Þann 13. dag Júním 1887 lesið á manntalþingi að Ljósavatni og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 135.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna.

B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Dælis í Fnjóskárdal.

Að sunnan þar sem Vatnsleysuland tekur við úr Neðrahringslunni niður við Fnjóská, beina stefnu upp á Hörðuvallagil og þaðan beina stefnu upp á heiðarbrún, og þaðan beint vestur í Hrossadalslæk.

Að vestan eða sunna milli Dælis og Svalbarðsstrandar ræður Hrossadalslækur að sunnan og miðjar Þröskuldsbrekkur að utan.

Að austan eru merkin í Fnjóská.

Að utan eru merkin í Einbúalæk frá Fnjóská inn Víkurskarð meðan hann er í nánd við Suðurbrekku, og þaðan sömu stefnu inn í áðugreind merki.

Þverá, 13. Maí 1885.

Gísli Ásmundsson.

Samþykkur Jón Sigfússon

Samþykkur vegna Draflastaða og Grímsgerðis. Eigandi að Grímsgerði G. Davíðsson.

Í umboði eigandans að Draflastöðum Á Stefánsson

Lesin á manntalsþingi að Hálsi 11. Júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 136.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



Landamerki Vestari-Króka á Flateyjarðalsheiði.

1. Að norðan: Syðri-Höfðagilsá upp á bak við ytri fjallsendann.
2. Að vestan: Háfjallsbrúnin milli Vestari-Krókafjalls og Skarðsdals.
3. Að sunnan: Merkigil milli Þúfu og Króka.
4. Að austan: Fyrst Króká syðst, þá frá Miðhólar út fyrir neðan Skeið, þar sem varða er á Háhólunum og síðan bein stefna út á Almannakamb.

Vestari-Krókum, 7. maí 1886.

Björn Bjarnason.

Samþykkur: Eldjárn Ásmundsson í Þúfu.

Samþykkur: Jóhann Bessason Skarði.

Hannes Friðriksson eigandi Austri-Króka.

Þessum landamerkjum samþykkur Magnús Jónsson Laufásprestr.

Vegna eiganda Kambsmýra Benedikt Olgeirsson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. Júní 1887 og ritað í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 137.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki.
Veisu í Hálshreppi.

Milli Veisu og Veisusels að sunnan eru merkin í svonefndum Stóralæk.

Milli Veisu og Vegeirsstaða að norðan, eru merkin í læk, sem líka er nefndur Stórilækur. En heild Veisulands nær frá fjallsbrún ofan að Fnjóská. ~~Veigirsstaðir eiga rétt til stórgripagöngu í Veisulandi.~~

Akureyri, 30. nóvbr. 1886.

Guðmundur Hjaltason eigandi Veisa.

Stefán Stefánsson (Ráðandi Vegeirsstaða.)

Jón Austmann (Eigandi Veisusels.)

[Útstrikun gerð með öðrum lit. Ritað neðanmáls með öðrum lit og annarri rithönd.]

Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. Er það því niður fallið. J. Skaptason

Þann 11. dag Júnímán. 1887 lesið á manntalsþingi að Hálasi og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 138.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00.

Ein króna. B.Sv.



Landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Heiðarhúsa á Flateyjarðalsheiði.

1. Að utan er Mógilsá, sem er bein, og eftir henni er stefnan bein uppá fjallsbrún.
2. Að austan er Dalsá.
3. Að sunnan Eilífsá meðan stefna hennar bein og úr því er líka stefnan bein til hábrúnarinnar.
4. Að vestan ræður fjallsbrúin.

~~Jörðin þverá í Dalsmynni á frían upprekstur milli Miðgils og Mógils í Heiðarhúsalandi.~~

Laufási, hinn 5. Maímán. 1886.

Magnús Jónsson.

Vegna Almennings á Flateyjarðalsheiði samþykkur Gísli Ásmundsson

Samþykkur Stephán Stephensen

[Útstrikun gerð með öðrum lit. Neðanmáls er ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítakinu var ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. Er því niður fallið. J. Skaptason

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. Júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 139.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



Landamerki Laufáshaga eða Eyvindarárlands á Flateyjarðalsheiði.

1. Að austan ræður Dalsá.
2. Að sunnan Mógilsá neðan frá Dalsá. Er stefna Mógilsárinnar bein og ræður stefnunni beint á fjall upp.
3. Að vestan ræður fjallsbrúnin.
4. Að utan Eyvindará.

Laufási, hinn, 5. Maím. 1886.

Magnús Jónsson.

Sem umráðamaður jarðarinnar Hofs á Flateyrdal og hálftrar jarðarinnar Brettingsstaða, er eg samþykkur þessari landamerkjalyising. Gísli Ásmundsson.

Samþykkur vegna Brettingsstaða, sem er hálf eign landssjóðs St. Stephensen.

Sem umráðandi Knarareyrar á Flateyrdal er eg samþykkur þessari landamerkjalyising.
Stefán Stefánsson.

Þann 11. dag Júním. 1887 lesið á manntalsþingi að Hálsi og innfært í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 140.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Saurbrúargerðis í Grýtubakkahreppi.

Skammt sunnan við Saurbrúargerði niður við sjó er stór steinn í fjörunni, og á bakkanum beint upp af varða á stórum steini; það er fyrsta merkjavarða að neðan, milli Yztuvíkur og Gerðis um 100 faðma frá Gerðisstekk. Þaðan beina línu á vörðu, sem stendur á litlum mel, skammt ofan við alfarveg, enn á aðra vörðu á melhól neðan við Stóruskálar hraun, og þaðan á vörðu á Stóruskálarbarmi, og beint upp eftir skálinni á vörðu á fjallsbrúninni, er sést að neðan frá fyrstu vörðu á sjávarbakka, og síðan eftir vörðu þvert austur í Hrafnabjörg. Að norðan ræður Hranaá merkum upp í skarðið, og þaðan beint austur í Gæsadal, en af Gæsadal eru merkin á fjallinu beint suður í Hrafnabjörg.

Fyrir hönd Jóhanns Gíslasonar eiganda Saurbrúargerðis
Jóhann Bergvinsson.

Jóhann Einarsson í umboði sr. Jóns Austmanns eiganda Yztuvíkur.
Vegna Fagrabæar er eg þessari landamerkjaskrá samþykkur.
Kaupangi 30. Júní 1886.
Vilhjálmur Bjarnarson

Þann 7. dag Júní mán. 1887 lesið á manntalsþingi að Grýtubakka og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o. 141.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Borg. – Ein króna – B.Sv.



Landamerki Hvamms í Pistilfirði.

Landamerki Hvamms í Pistilfirði eru: að austan ræður Hafralónsá frá Merkidalskílsósi að Heljardalsárósi, þá ræður Heljardalsá að upptökum sínum, sem eru innst í Heljardal. Að sunnan ræður Heljardalsbotn og hæðstu brúnir Heljardalsfjalla að norðan þar til kemur vestur á þau mið, eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllum milli Bræðravatna í Skessuhamar, sem ræður landamerkjum að vestan. Frá Merkidalskílsósi, sem fyr er nefndur ræður að norðan Merkidalin til nyrðri botns síns, fyrir miðjum botninu er varða og úr henni ræður bein stefna yfir einstakt holt í mýrum á vörðu á Nónás og þaðan sama stefna í Garðá, þá ræður Garðá að upptökum sínum og er bein stefna í Skessuhamar, sem áður er nefndur.

Í þessu landi liggur hjáleiga Gunnarsstaða, Hávarðsstaðir. Landamerki hjáleigu þessarar eru: Að austan Hafralónsá, að norðan Grímólfsá, frá ósi að kíll þeim, sem kemur sunnan með Syðri-Kálfafjöllum; að vestan ræður kíllinn og bein stefna úr botni hans í Hrappslæk, fast við fjöllin; að sunnan ræður Hrappslækur að efri krók sínum og úr króknum bein stefna í Stóru-Gljúfur í Hafralónsá.

Hvammi, 16. dag ágústmánaðar 1886

Sigfús Jónsson (eigandi Hvamms)

Guttormur Vigfússon (fullmektugur umboðsmanns Munkaþverárklosturs samkvæmt fullmakt 2. júlí 1886)

Jón Bjarnarson (eigandi Laxárdals.)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 18. maí 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o. 142.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25 = kr. 1,00

Ein króna – Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Laxárdals í Þistilfirði.

Landamerki Laxárdals í Þistilfirði eru þau er nú skal greina: Að vestan ræður Holkná frá sjó, að fremri Skarðslæk, svo ræður lækurinn til upptaka sinna, sem eru norðan undir Lambafjallgarði, þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Holkná, eftir það ræður nefnd á suður á móts við vesturhorn á Heljardalsfjöllum, að sunnan ræður bein stefna úr Holkná austur í norðvesturhorn Heljardalsfjalla; þá ráða Heljardalsfjöll, þar til tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Að austan ræður nefnd stefna úr Heljardalsfjöllum í Skessuhamar; þá ræður bein stefna úr Skessuhamri í upptök Laxár; síðan ræður Laxá allt til vörðu austan megin skamt fyrir ofan ós og þaðan bein lína eftir vörðum í klöpp í flæðarmáli, hvar Laxá rann áður í sjó. Laxárdalur á hvals og viðarreka fyrir öllu sínu landi.

Laxárdal, 15. dag ágústmánaðar 1886

Jón Bjarnarson (eigandi Laxárdals.)

Framanskriðuð landamerki samþykkir fyrir hönd umboðsmanns Munkaþverárklosturs eftir fullmakt 2. Júlí 1886.

Guttormur Vigfússon

Sigfús Jónsson (eigandi Hvamms)

Lesið á manntalsþingi að Svalbarði 18. maí 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o. 143.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Ærlækjar í Skinnastaðahreppi.

Að sunnan ræður Brandslækur frá garði þeim er liggur milli Brandslækjar og Smjörhólsár, sem er norðaustur undan Smjörhólsfelli allt í Skinnastaðadal, og síðan ofan dalinn þar til dalurinn endar; síðan ræður lækurinn til norðurs út í svokölluð slý, og ráða svo miðslýin stefnu útundir Vesturhúsahöfða hvar þau skiftast, og er þar varða hlaðin niður af, þaðan ræður lækjarfarvegur í Öskjuholtslág og eru landamerki eftir henni miðri og síðan eftir farvegi niður í Sandá.

Að austan ræður garðurinn, sem liggur milli Brandslækjar og Smjörhólsár, síðan ræður Smjörhólsáin merkjum út í Brunná síðan ræður Brunnáin merkjum út á móts við landamerkjagarð, sem er fyrir utan Leifsstaði, þaðan ræður bein stefna í Goðastein, er stendur á Brunnárbrún og þaðan sama stefna í Sandá.

~~Ærlækjarreki er 12 faðmar á lengd og liggur milli Skinnastaða og Hafrafellstungureka, og eru neðrimerkir þessi: Þegar fyrst gengur í sundur að ofan hæsta hornið á Öxarmýri og neðsta háhornið á Sandfelli, og er staur rekinn niður í fjöruna að vestan en gígur er austan við rekaspilduna.~~

Akureyri, 10. Júlí 1885

Stephán Stephensen

Samþykkur Skinnastaða vegna Þórleifur Jónsson

Samþykkur Klifshaga vegna K. Árnason eigandi Klifshaga

Samþykkur Smjörhóls vegna Valdemar Davíðsson (handsalað) eigandi Smjörhóla.

[Útstrikun gerð með öðrum lit. Neðan hennar er ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Rekafati ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. Því er það niður fallið. J.Skaptason.

Lesið á manntalsþingi að Skinnastöðum 25. maí 1887 og innf. í afsals landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 144.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – Borg. B.Sv.



Landamerki Skinnastaða í Axarfirði
með hjáleigunum Akri, Akurseli og Staðarlóni (= Hróastöðum.)

Að sunnan ræður bein stefna í vestur úr Merkisteini norðan við Miðáskarð í Vaðkotsá hjá hólma neðan Vaðkots og er þar landamerkjasteinn á Þúfu hjá ánni; síðan ræður Vaðkotsá ofan að garði á Rana; þaðan úr vestari enda garðsins bein stefna yfir Vaðkotsá í vestur í Sandá. Að vestan ræður Sandá til Stórhöfðatáar landamerkjum og þaðan bein stefna í steina (Ϸ: vörðu) á Há-langamel. Þaðan bein stefna í miðjan syðri enda Hólskíls; ræður síðan kílinn meðan hann endist; úr ytri enda hans ræður bein stefna í vörðu hjá Laufhól og þaðan sama stefna til sjóar. Að austan ræður stefna úr Merkisteini á Miðási, er fyrst var nefndur, beint í vörðu á Há-Kerhólsfelli (= Tungu-Nónvörðu) og síðan sama stefna ofan fellið áfram í Þangbrandslæk. Þá ræður Þangbrandslækur ofan undir Skinnastaðadal, og síðan dalurinn við ytri brekku hans og beint ofan í lækinn; ræður þá Þangbrandslækur aftur til norðurs út í Slý; síðan ráða mið Slý landamerkjum útundir Vesturhúsaöhöfða; er landamerkjavarða hlaðin þar beint niður af; ræður þaðan lækjarfarvegur í Öskjuholtslág og eru landamerkin eftir henni miðri, og síðan niður úr henni eftir farvegi niður í Sandá; úr farveginum við Sandá ræður bein stefna til norðurs eftir gamla Sandárfarvegi vestan Horns móts við Klifshaga, allt þar til er Hornskurður heitir; ræður síðan afgangall farvegur eða laut, er liggur út úr Hornskurði, þar sem hann beygir í austur og alt út í Brunná beint á móts við Merkgil, sem er landamerki millum Núps og Þverár, hinum megin árinna. Síðan ræður Brunná landamerkjum til Oddsness, er Hafrafellstunga á, og eru takmörk nessins að vestan móts við Skinnastaðaland og Ærlækjarreka; þá er fremst öxlin á Sandfelli kemur undan Núpnium, frá sjó til Brunnár. Undir Skinnastaði heyrir, auk síns eigin reka þrjúhundruð og sextíu (360) faðmar austan af Skógareka og Klifshaga, og er staur rekinn niður í Sandinn til að sýna rekamarkið, en að austan ræður Ærlækjarreki, og er hann eitt hundruð og tuttugu (120) faðmar fyrir Skinnastaðalandi, vestan takmarka þess, er áður er getið, nefnil. Þá er fremst öxlin á Sandfelli kemur undan Núpnium; er þar og staur rekinn niður.

Skinnastöðum, 15. Okt. 1886

Þórleifur Jónsson

[Neðanmáls er ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Rekátaki lyst af biskupi 4. maí 1954. J.Skaptason.

Sjá afsal C – 1172

Landamerkjaskrá þessari samþykkir:

Vegna Ferjubakka: Guðm. Þorvaldsson (Oddviti)

Vegna Kerhóls: Valdimar Davíðsson (eig) handsalað

Vegna Hafrafellstungu: S. Eiríksson (eig. og ábúandi; einnig fyrir hönd systur sinnar Guðrúnar Eiríksdóttur í Laxárdal.

S. Sigurðardóttir (h.s.) meðeigandi Hafrafellstungu

Vegna Klifshaga: Kr. Árnason (eigandi.)

Vegna Skóga, Ærlækjarsels og Ærlæks: St. Stephensen (umboðsmaður Múkaþverárklosturs)

Vegna Þverár: Ingibjörg Nikulásdóttir (handsalað)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalspingi að Skinnastöðum 25. maí 1887 og innfært í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o.
145.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Garðs í Kelduhverfi
(þ.e. Miklagarðs, Austurgarða, Þórólfsstaða og Bakkakots)

Að austan: Sauðklettur fremri réttsýnis í Vörðuhól, þaðan í Einstakahól, þaðan í Grasklett, þaðan í Eystraskarð, þaðan í Langalækjarós og áfram sama stefna yfir Tungur í Stóra, og síðan skiftir Stóra löndum. Að sunnan: úr Sauðklett fremri vetur í Eyólfshæð, þaðan réttsýnis vestur í syðri enda Lönguhlíðar. Að vestan: úr syðri enda Lönguhlíðar réttsýnis í Smérbítill hjá Rjómadal; þaðan í Stóra-Bænhúsklett, þaðan í Bringukoll, þaðan í Skurning vestan Hnúthólma beint til sjóar.

Rekamerki:

Að vestanverðu: Þar sem syðsta og austasta Holubjarg, er ástendur höggvið R.M., ber austan vert við Hnútafjall (þ.e. rúmum 4 hundruð föðmum vestan landamerkjanna fyrir Víkingavatnslandi. Að austanverðu ræður Arnaneslandamerki við sjóinn.

Skinnastöðum, 6. Okt. 1883

Þórleifur Jónsson

Ofanskrifuðum merkjum eru samþykkir:

Þórarinn Bjarnarson, Kristján Jónsson (Eigendur og ábúendur Víkingavatns)

Þórarinn Þórarinsson (Eigandi og ábúandi Grásíðu)

Sigurður Björnsson (Eigandi Krossadals)

Indriði Ísaksson (Eigandi og ábúandi Kelduness)

Vilborg Þórarinsdóttir (Eigandi Kílakots og ¼ úr Þórunnarseli) hands.

B. Kristjánsson umboðsmaður Þeistareykjalands.

Lesið á manntalsþingi að Keldunesi 26. maí 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 146.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Grásíðu í Kelduneshreppi

Að austanverðu Háí-Bænhúsklettur, þaðan beint í Smjörbitil í Rjómadal, svo frá Smjörbitli beint í Syðri Lönguhlíðarenda, þar er oddur syðst á landinu að vestanverðu frá Syðri-Lönguhlíðarenda til norðurs beint í austasta Hesthól, svo sömu stefnu í vörðu á veggjarendum, þá hallar stefnunni vestur á við út yfir vatnið. Þó austan við Helgatopp og í miðjan Miðhúskíl, í kílnum er lítill hlykkur til vesturs, en Kýllinn ræður landamerkjum og úr kílnum út í vatnið vestan Leirhólma út í miðjan Kvíslarkjaft. Að norðan ræður kvíslin landamerkjum austur undir Holubjörg þá tekur við mozakelda sú, er kallast Sellækur og liggur til austurs fyrir utan Holubjörg, hún ræður landamerkjum austur að Garðslandi og er þá lítill spölur suður í Bænhúsklett er fyrst var nefndur. Þessum landamerkjum vona eg nábúar mínir verði samþykkir.

Í Desember 1883

Þórarinn Þórarinsson

Ofanskrifuðum landamerkjum milli Grásíðu og Víkingavatns er eg samþykkur

Kristján Árnason

Samþykkur Garðskirkju vegna Þórleifur Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Keldunesi 26. maí 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 147.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ítök Skinnastaðakirkju
í hlunnindum Raufarhafnar og Hóls á Sléttu.

~~A. 1/16 (einn sextánda hlut) í hvalreka og eggveri á Raufarhöfn.~~

~~B. ¼ (einn fjórða hlut) í hvalreka og viðarreka milli Deildarár og Hólsár fyrir Hólslandi.~~

[Útstrikun með öðrum lit. Ritað með öðrum lit og annarri rithönd]

Ítökunum ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. Því niður fallin. J.Skaptason.

Skinnastöðum 14. Des. 1886

Þórleifur Jónsson

Samþykkur ítökum þessum.

Stephán Stephensen (umboðsmaður Munkaþverárklosturs)

Samþykkur að því er hvalreka á Raufarhöfn snertir C.G.P. Lund (eigandi)

Lesið á manntalsþingi að Presthólum 21. maí 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 148.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Fagrabæar í í Grýtubakkahreppi

Á sjóarbakka að norðan byrjar gamall merkjagarður, sem liggur uppað Skriðubrekku utanverðri og þaðan bein stefna í Fagrabæargil og eftir því á fjall upp og austur svokallaðan Fagradal miðjan og í Fagrabæar þvergil ofan í Gæsagilslæk, svo fram með honum þangað til Gæsadalur endar, svo beina stefnu í Hraná þar sem hún byrjar að renna beint ofan, og ræður hún að sunnan alla leið ofan til sjávar.

Kaupangi 5. Júní 1887

Sigríður Einarsdóttir

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur sem Laufásprestur

Magnús Jónsson

Fyrir hönd Jóhanns bónda Gíslasonar á Saurbrúargerði.

Jóhann Bergvinsson á Gautsstöðum

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 7. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 149.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



Landamerki Yztuvíkur í Grýtubakkahreppi

Skammt sunnan við Saurbrúargerði að neðan frá sjó, er varða á stórum steini rúma 200 faðma utan við svonefndan Gerðisstekk. Það er fyrsta merkivarða að neðan á milli bæanna; þaðan beina línu á aðra vörðu, sem stendur á litlum mel, skamt ofan við alfaraveg; þaðan á aðra vörðu á melhól neðan við Háuskálarhraun, þaðan á vörðu á Háuskálarbarmi, og beint upp eftir skálinni á vörðu á fjallsbrúninni, er sést að neðan frá fyrstu merkjavörðu á sjóarbakka, og síðan eftir vörðum þvert austar í Hrafnabjörg. Eftir þeim liggur merkjalínan suður fjallið og inn á Þröskuld, þaðan eftir Miðvíkurá og ofanað sjó.

Þessum landamerkjum til staðfestu eru nöfn og signet undirskrifaðra viðkomenda.

Jón Austmann (Eigandi) L.S.

Fyrir hönd Jóhanns Runólfs Gíslasonar eiganda Saurbrúargerðis Jóhann Bergvinsson

Jónas Jónsson ábúandi Yztuvíkur

Ásmundur Þorsteinsson ábúandi Miðvíkur (handsalað)

Lesið á manntalsþingi að Grýtubakka 7. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 150.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

Borg kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Víðivalla í Hálshreppi

Að norðan þar sem Vatnsleysuland tekur við: úr Ölduhorni niður við Fnjóská beina stefnu uppí Nauthöfðagróf og þaðan beint vestur í Hrossadalslæk. Að sunnan þar sem Hrísgærðisland tekur við ræður Hamragil merkjum neðan frá Fnjóská uppá Heiðarbrún og svo beint vestur í vörðulínu þá, er skiftir landi heiðarinnar og nefnd er við landamerki Svalbarðs á Svalbarðsströnd. Að austan ræður Fnjóská.

Espihóli 16. apríl 1884.

Jón Sigfússon

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 151.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna

Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hrísgarðis í Hálshreppi

Að sunnan, þar sem Ljósstaðaland tekur við: eftir hinu svokallaða Ljósstaðagili neðan frá Fnjóská upp á Heiðarbrún, og þaðan beint í vestur í vörðulínu þá, er skiftir landi heiðarinnar mótis við Svalbarðsströnd. Að norðan ráða hin sömu merki, sem tilgreind eru að sunnan við Víðivelli, neðan frá Fnjóská uppá heiðarbrún, beina stefnu í áðurnefnda vörðulínu. Að austan ræður Fnjóská.

Espihóli 16. apríl 1884.

Jón Sigfússon

Fyrir hönd eiganda Ljósstaða Jóhann Fr. Jóakimsson.

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 152.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – Borg. B.Sv.



Landamerki Skóga í Hálshreppi

Að norðan þar sem Nesland tekur við, ræður Bræðragil frá Fnjóská uppá Ása og þaðan eftir Bræðragilslæk uppá brún, þaðan beina stefnu í næsta læk beint út undan þremur steinum framan í miðbrún og þaðan beint vestur í vörðulínu, er ræður merkjum á heiðinni.

Að sunnan þar sem Hróastaðaland tekur við: Úr Fnjóská eftir svonefndri Merkjagróf upp fyrir Efrigötur, og þaðan sem hún skiftist í tvo arma, beint í dý, er kallast Saurkelda og liggur skamt fyrir ofan Efrigötur, þaðan beina stefnu í lind spölkorn fyrir ofan Þvergötur, þaðan beina stefnu í ytri barm Syðstulágar (Syðsta-Selsgilsdrags), þaðan í áðurnefnda vörðulínu.

Að austan ræður Fnjóská.

Espihóli 16. Júní 1884.

Jón Sigfússon

Samþykkur hvað Nes snertir Sigurður Davíðsson

Samþykkur Hróastaða vegna Stephán Stephensen (umboðsmaður)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 152.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25 = 1 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Mela í Hálshreppi.

Að sunnan eru merkin í gil það, sem næst er fyrir sunnan Mela, og eftir því til fjalls. Þar ræður gil það sem næst er Draflastaðaseli að utan og svo beina stefnu yfir fjallið utan við Hrafnabjörg í Þvergil. Að utan eru merkin í miðri láginni Ausu og þaðan beina stefnu í fjallsbrúnina suður við Náttmálagil, að vestan ræður lækur sá, er rennur eftir Gæsadal og að austan Fnjóská.

Fagraskógi. 9. Maí 1887.

Stefán Stefánsson Eigandi Mela og Draflastaða

Gísli Ásmundsson (Eigandi Þverár.)

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 153.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Draflastaða í Hálshreppi.

Að sunnan eru merkin í Einbúalæk frá Fnjóská inn Víknaskarð, meðan hann er í nánd við Suðurbrekkur og þaðan sömu stefnu inní merkjalínu, sem ákveðin er að vestan, sem er bein lína úr læk þeim, er rennur út úr Hrossadal, þar sem hann (∴ lækurinn) beygir í vestur og norður yfir miðjar Þröskuldsbrekkur beina stefnu í suðurenda Hrafnabjarga og svo eftir þeim í norður að Þvergili í Gæsadal. Að utan eru merkin í gili því, sem næst er sunnan við Mela og eftir því til fjalls, þar ræður gil það, sem næst er Draflastaðaseli að utan og svo beina stefnu yfir fjallið utan við Hrafnabjörg í Þvergil. Að austan ræður Fnjóská.

Fagraskógi. 9. Maí 1887.

Stefán Stefánsson (eigandi)

Vegna Dælislands Gísli Ásmundsson

Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 154.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



Landamerki Yztafells í Ljósavatnshreppi.

Að austan ræður Skjálfandafljót eða sú meginkvísl þess, er fellur í norðaustur úr Grænhyl. Að norðan, austan í Kinnarfelli ræður merkjum milli Hóls og Yztafells gamall garður; liggur hann rétt norðan við Spangarsel, og nær neðan frá fljótinu og uppá brún fellsins. Vestan í fellinu ráða vörður merkjunum milli jarða þessara frá fellsbrúninni og niður að Rangá. Gagnvart vörðum þessum skiftir gamall garður löndum í fjallinu milli Guðmundarstaða og Yztafells neðan frá Rangá og uppá fjallsbrún; þar fyrir vestan ráða merkjavörður upp Guðmundarstaðahóla og uppá svonefnt Vesturfjall. Að sunnan austan í Kinnarfelli; ráða vörður merkjum milli Yztafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og uppá brún, rétt norður við Setberg; þaðan yfir fellid og niður að Rangá. Vestan við Rangá skiftir gamall garður löndum milli jarðanna syðst á Heyvallarfit; ofan við fitina, ráða vörður upp fjallsræturnar, beint í krók einn í Heyvallargróf; úr því ræður grófin sjálf merkjum uppá fjallsbrún; þaðan ráða merkjavörður upp Skollhóla og vestur á háfjall.

Að vestan ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inná Finnsstaðadal.

Yztafelli, 27. Maí 1885.

Guðbjörg Aradóttir (eigandi og ábúandi Yztafells)

Hans Kristjánsson (eig. og ábúandi að ½ Hóli)

Kristján Kristjánsson (Eig. og ábúandi á Finnsstöðum.

Helga Jónsdóttir (ábúandi á Gvendarstöðum

Sigurður Jónsson (eigandi að 1/7 úr Hóli)

Jóhannes Jóhannesson (Eigandi Fellssels.)

Stefán Jónsson (Fyrir hönd Kelduneshrepps sem eiganda 5/14 úr Hóli)

Að Lárus prestur Eysteinnsson á Helgastöðum, hafi með áteiknun dags. 8. Febrúar 1884, samþykkt landamerkjaskrá þessa, það vottast hérmeð, samkvæmt mér sýndu frumriti.

Manntalsþingi á Ljósavatni 28. Maí 1885.

B. Sveinsson

Lesið á manntalsþingi að Ljósavatni, 28. maí 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 155.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – Borg. B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Lundarbrekku í Ljósavatnshreppi.

Að sunnanverðu móti Bjarnastöðum ræður bein stefna úr Merkihólma í Skjálfandafljóti austur í merkistein á sunnanverðu Steinfelli, og þaðan ræður sama stefna í Stóruhágar hvar merkivarða verður sett, og svo enn sama stefna austur í þá merkjalínu, sem skilur lönd Bárðardals og Mývatnssveitar. Að austan móti Gautlöndum ræður bein stefna til norðurs frá Bjarnapóli í Dýnuholt, sem liggja austarlega í Dýnu utan undir Bárðardalsvegi, og síðan Dýnulækur út á móts við mitt Jafnafell. Að norðan verðu móti Sigurðarstöðum, ræður merkilækur til austurs frá Skjálfandafljóti upp undir Sandvíkurás. Úr botni nefnds lækjar í vorðu, sem stendur á há Sandvíkurás, og þaðan í lág, sem liggur austan á ásnum lítið eitt sunnar en miðja vegu milli Sigurðarstaðasels og Merkitjarnar, og svo sama stefna til austurs í norðvestur horn Kálfborgararvatns, skamt vestan við Kálfborgararós. Austan við Kálfborgará tekur við Hörgsdalsland og eru merkin þessi: Bein stefna til austurs úr Kálfborgararósi austur yfir Há-Jafnafell og í Dýnulæk, sem skilur lönd Hörgsdals og Gautlanda. Að vestan ræður Skjálfandafljót í miðjan farveg.

Lundarbrekku, 14. Maí 1887.

Jónas Jónsson.

Sem umboðsmaður landssjóðsjarðarinnar Bjarnarstaða samþykki eg þessa landamerkjaskrá.

Jón Sigurðsson

Sem eigandi Hörgsdals er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá. Árni Flóventsson

Sem eigandi og ábúandi Baldursheims Sigurður Jónsson

Sem eigandi og ábúandi Sigurðarstaða Andrés Andrés�on

Sem eigandi og ábúandi Gautlanda Jón Sigurðsson

Lesið á manntalsþingi að Ljósavatni 13. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 156 B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00 – Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Stafns í Helgastaðahreppi.

Að austan ræður Reykjadalssá á Laugatungu, en þaðan Langagróf suður að Kúanesi (Grænanesi). Að sunnan ræður stefna frá vörðu á vesturbakka Laugagrófar gegnt Kúanesi beint vestur að tungusporðinum þar sem Kamarlækir koma saman, norðaustan af Brenniási. Að vestan ræður Kamarlækur og Seljadalssá. Að norðan ræður Rauðslækur, og frá vörðu við Rauðslækjarbotn bein stefna sýnd með nokkrum vörðum austur yfir Narfastaðafell í efri enda Merkigarðs, sem svo ræður til Reykjadalssár.

Stafni í Reykjadal, 15. Október 1886.

Tómas Sigurðsson (eig. og ábúandi)

Vegna þjóðjarðarinnar Víða samþykkist þessi landamerkjaskrá. Jón Sigurðsson

Jón Árnason (eigandi Arndísarstaða)

Að því er kemur til merkja milli Stafns og Helgastaðakirkjujarðar Laugasels samþykkist þessi merkjalýsing. B. Kristjánsson settur prófastur.

Jón Gottskálksson (eigandi hjáleigunnar Stafnsholts).

Að því er kemur til landamerkja milli Stafns og Narfastaða samþykkja undirskrifaðir eigendur Narfastaða þessa skrá. Aðalgeir Davíðsson, Herdís Ólafsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Helgastöðum 14. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 158. B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Hörgsdals í Skútustaðahreppi

Að austan móti Gautlöndum, ræður Föxugróf og svo Dýnulækur suður á móts við mitt Jafnafell, en að norðan verðu skilur Hörgsdals og Laugasels lönd Laugagróf út að Laugalækjarkjafti. Þaðan bein stefna til vesturs yfir há Jafnafell í Kálfaborgarárós og á Lundarbrekku land að sunnan. Að norðan móts við Stafnsholt ræður Langilækur frá því hann fellur í Laugagróf og vestur undir Svartabakka. Þá ræður enn sami lækur til suðurs á móts við norður endann á Hlávati Illasundsás. Þá ræður Illasundsás og bein stefna úr syðri enda hans í Þvergrófarbotn og svo í Brennumýrar hala, sem liggur spölkorn fyrir vestan við Brennittjörn. Ráða svo nefndir halar suður að Lundarbrekkumerkjum, og á Hrappstaðasel land að vestan.

Hörgsdal, 3. Júlí 1886.

Árni Flóventsson (eigandi og ábúandi Hörgsdals)

Sem eigandi og ábúandi Gautlanda er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá

Jón Sigurðsson

Sem eigandi Hrappstaðasels er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá

Jón Árnason

Sem eigandi Stafnholts er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá

Jón Gottskálksson

Sem eigandi og ábúandi Lundarbrekku er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá

Jónas Jónsson

Sem ábúandi Laugasels er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá

Jóhannes Sigurðsson

Lesið á manntalsþingi að Skútustöðum 15. júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o. 159. B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B.Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki Helluvaðs í Skútustaðahreppi

Að sunnanverðu ræður bein stefna í hávestur frá Marðarvaði í Helluvaðstjörn sunnanverða, þaðan í moldarflag vestan í Grófarási og svo eftir sömu stefnu ofan í austurgróf gengt suðurenda Langholts hins ytra. Að vestan verðu ræður svo grófin merkjum allt norður í Nónþúfu. Þaðan liggur merkjalínan í landnorður í ynnstu upptök Kæfulækjar, ræður svo lækurinn merkjum allt norður í Mátvatn. Að norðan verðu ræður bein stefna úr Kæfulækjarósi til norðausturs í merkjavörðu, sem stendur vestan í Brattáshala, lítið eitt fyrir norðan suðaustur horn Mátvatns; þaðan bein stefna í háaustur yfir Brattáshala, nyrðzt í Mið-kolluás yfir miðja Leirtjörn, og ofan í Geldingatóftir á Helluvaðsdal. Að austan verðu ráða Laxá og Helluvaðsá landamerkjum suður í áðurgreint Marðarvað.

Einnig liggja undir Helluvað þessar þrjár eyar í Laxá: Hrútey, Lambey og Steinbogaey, og allir þeir hólmar, er liggja fyrir heiman téðar eyar, sömuleiðis Kálfshólmi, Kárhólmi, Stökkull og Pokahólmi; ennfremur smáhólmar þeir, er liggja næstir Lambey að norðan verðu.

Helluvaði, 14. Júní 1884.

Jón Hinriksson, Sigurður Magnússon (eigendur Helluvaðs

Eg Hálf dán Jóakimsson, eigandi jarðarinnar Brettingsstaða samþykki hérgreind landamerki, að því leyti er mér kemur við.

Grímsstöðum í Apríl 1887. H.J.

Vegna eignarjarðar minnar Gautlanda og umboðsjarðarinnar Víða í Reykjadal, samþykkist þessi landamerkjaskrá.

Gautlöndum, 18. Maí 1886.

Jón Sigurðsson.

Lesið á manntalsþingi að Skútustöðum 15. Júní 1887 og innf. í landamerkjabók Þingeyjarsýslu N^o 159.
B. Sveinsson

Borgun: Þingl. kr. 0,75

Bókun kr. 0,25

kr. 1,00

Ein króna – B. Sv.